FRÉTTABLAÐIÐ
147. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 23. JÚNÍ 2018



# Upp með sokkana!

Ísland laut í lægra haldi fyrir Nígeríu með tveimur mörkum gegn engu í gær. Íslenska liðið er ekki lengur með örlögin í eigin höndum, en þó er ekki öll von úti enn. Sigur gegn Króatíu gæti dugað til þess að komast upp úr riðlinum.

➻ 2, 12, 16

# Halda að lyfin séu meinlaus

Misnotkun á róandi ávanabindandi lyfjum á borð við Xanax færist í aukana. Nítján lyfjatengd dauðsföll hafa orðið á árinu. Tvær mæður sem hafa misst börn sín, lýsa reynslu sinni.

➻ 22, 24




SÖLUMENNIRNIR HAGA SÉR EINS OG LYFJAFRÆÐINGAR.

## Veður




Suðaustlæg átt í dag, um 5-13 m/s og rigning um landið sunnan- og vestanvert, hvassast við suðvesturströndina. SJÁ SÍÐU 36




**Rekstraraðilum er afar létt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Iðnó opnað á ný

**MENNING** Iðnó hefur fengið rekstrarleyfi og opnað dyrnar á ný. René Boonekamp rekstraraðili er hæstánægður með að loks sé búið að leysa úr málum, en Iðnó neyddist til að skella í lás og hefur ekki getað tekið á móti viðburðum frá því að rekstrarleyfi var synjað í lok maí.

„Þetta er búið að vera erfitt tímabil fyrir alla sem að málinu koma og við höfum öll unnið hörðum höndum við að koma þessu í lag. Luktar dyr er það versta sem getur komið fyrir svona perlu eins og Iðnó er,“ segir Boonekamp.

„Þetta hefur sérstaklega bitnað á þeim sem voru með bókaða viðburði hér í húsi og hafa þurft að færa sig annað. Okkar frábæru nágrannar í Tjarnarbíói hafa verið þeim haukur í horni. En þetta er mikill léttir.“

Ástæðuna fyrir lokun Iðnó segir René vera þá að innra skipulag í húsinu hafi ekki uppfyllt byggingarreglugerðir. Því var fengið bráðabirgðaleyfi sem rann síðan út í byrjun árs. Á meðan umsóknin fyrir rekstrarleyfi var á flökti í kerfinu skapaðist óvissa sem endaði með synjun sem varð til þess að þurfti að loka.

„Nú hafa þessi skilyrði verið uppfyllt og við höfum opnað á ný,“ segir René. „Þessi fallega bygging er listaverk út af fyrir sig. Hún hefur skipt um andlit nokkrum sinnum yfir sitt lífsskeið, en mun alltaf viðhalda ímynd sinni, líkt og hjá okkur. Við sjáum Iðnó sem nokkurs konar fjölmenningarsetur og viljum hafa gott jafnvægi milli einkasamkvæma og annarra samkvæma. Við hlökkum til að taka á móti fólki með frábærar hugmyndir og drauma og hjálpa þeim að vakna til lífsins í Iðnó.“ **– gj**

# Á valdi tilfinninganna



Fjöldi fólks kom saman í gær við Vesturbæjarlaug og horfði á leik Íslands og Nígeríu. Spenna, sorg og ástríða var allsráðandi um land allt. Vonbrigðin leyndu sér ekki á stuðningsmönnum Íslands á öllum aldri í lok leiks enda sárt tap staðreynd. Ljóst er að allt verður undir á þriðjudaginn klukkan 18.00 gegn Króatíu í leik sem Ísland verður að vinna og einnig að treysta á hagstæð úrslit í leik Argentínu og Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Meira HM-fjör á Plúsnum í dag

**PLÚSINN** Í vefútgáfu Fréttablaðsins og á appinu er framhald á ítarlegri umfjöllun íþróttafréttamanna og ljósmyndara Fréttablaðsins í Rússlandi um viðureign íslenska landsliðsins við það nígeríska. Þar er að finna fjölda mynda úr viðureigninni og af íslenskum stuðningsmönnum.

Á Plúsnum er að auki framhald á úttekt helgarblaðs Fréttablaðsins á misnotkun róandi og ávanabindandi lyfja sem hefur færst í aukana undanfarið. Fjallað er frekar um afleiðingar slíkrar neyslu, sölu lyfjanna á svörtum markaði og aðgerðir stjórnvalda. Allar greinar á Plúsnum eru aðgengilegar á frettabladid.is. **– kbg**



# Vonbrigði í Volgograd

**Við þurfum að safna orku, rífa okkur í gang og vinna Króatíu í lokaleiknum segir Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari eftir svekkjandi 0-2 tap fyrir Nígeríu á HM. Fyrra mark Nígeríu breytti leiknum og gerði íslenska liðinu erfitt fyrir.**



**Aron Einar Gunnarsson fyrirliði leiðir lið sitt inn á völlinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HM 2018** „Þetta eru leiðinleg úrslit,“ sagði Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, eftir svekkjandi 0-2 tap fyrir Nígeríu í Volgograd í gær. Íslendingar þurfa nú ekkert minna en sigur í lokaleik riðilsins gegn toppliði Króatíu og verða að treysta á hagstæð úrslit í leik Argentínu og Nígeríu.

Vonbrigðin með niðurstöðuna leyndu sér ekki í leikslok, enda höfðu margir verið bjartsýnir á möguleika Íslendinga gegn Nígeríu. Íslenska landsliðið hefur þó sýnt það að þeir eru bestir undir pressu, svo ekkert er ómögulegt.

Í lok fyrri hálfleiks var fátt sem benti til þess að Nígeríumenn væru líklegir til stórræðanna í þeim seinni. Þeir höfðu ekki átt skot á markið né skot í áttina að því þegar flautað var til leikhlés. Strákarnir okkar höfðu átt sex tilraunir þar af tvær á rammann.

Gylfi Þór Sigurðsson fékk fínt færi en skot hans var laust og svo átti Gylfi gott skot úr aukaspyrnu en færið langt og markvörður Nígeríu í litlum vandræðum með það. Þó fyrri hálfleikurinn hafi heilt yfir verið rislágur þá virtist íslenska liðið vera með undirtökin og líklegri aðilinn til að skora.

Það var mikið kjaftshögg á 49. mínútu þegar Nígeríumenn fengu óvænt skyndisókn eftir hornspyrnu Íslendinga. Heimir Hallgrímsson þjálfari og Aron Einar voru sammála um að það hafi verið ólíkt Íslendingum. Ahmed Musa tók frábærlega á móti fyrirgjöf Victors Moses og kláraði upp í þaknetið. 1-0 og Ragnar Sigurðsson lá óvígur eftir að hafa fengið þungt hnéspark frá Musa í höfuðið og skurð á hnakkann.

> Ég vildi að það hefði verið meira orka í liðinu.
>
> Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands



Skömmu síðar þurfti Ragnar að yfirgefa völlinn, ekki skiptingin sem Heimir hefur viljað gera í þessari stöðu. Heimir viðurkenndi eftir leik að markið hefði breytt leiknum.

Í fast að því grimmúðlegri hitasvækju í Volgograd fór að draga af íslenska liðinu þegar leið á hálfleikinn og mistökum fjölgaði. Liðinu gekk illa að skapa sér færi og á 75. mínútu var því refsað á ný. Musa stakk Kára Árnason af, lék á Hannes í markinu og skoraði.

„Ég vildi að það hefði verið meiri orka í liðinu, það er erfitt að spila í þessum hita en ég ætla að hrósa okkar strákum fyrir dugnað og vinnusemi og það sáu allir að þeir reyndu og reyndu,“ sagði Heimir í leikslok, að vonum svekktur.

Íslendingar fengu þó vítaspyrnu og vonarglætu með aðstoð VAR-myndbandsdómgæslunnar á 83. mínútu en Gylfi Þór brenndi af. Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Tankurinn tómur í hitanum. Bretarnir á netinu töluðu um að ísmennirnir væru að bráðna og sú líking var ágæt.

„Það fór mikil orka í leikinn og einnig gegn Argentínu. Nú þurfum við að safna liði og orku og vinna Króatíu og það er bara staða sem er ekkert sérstaklega góð, eins og þeir eru að spila í dag. En við munum gefa allt í þann leik og sjá hvert það fer með okkur. Nú er ekkert annað að gera en að rífa sig í gang og gera betur,“ sagði Heimir Hallgrímsson.

**mikael@frettabladid.is**


KOMDU
Í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17
KVIKA

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# HM veisla

## HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar



**25.996 kr**
~~32.495 kr~~
**Rafmagnssláttuvél**
Afl 1600W, sláttubreidd 38 cm, 45 ltr., safnar, Sláttuhæð 20-70 mm, þyngd 15,28 kg.
5085193
BLACK+DECKER
**20% afsláttur**

**20% afsláttur**
Sjáðu verðið!
**39.995 kr**
~~49.995 kr~~
**Bensínsláttuvél með drifi**
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar 28-75 mm, 65 ltr., safnir.
5085302
TEXAS

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

### Garðhúsgögn
**25% afsláttur**



**7.230 kr**
~~9.640 kr~~
**Garðstóll**
Classica, 5 stillingar.
3901186
**25% afsláttur**

### Ferðavörur
**20% afsláttur**



**20% afsláttur**
**7.190 kr**
~~8.990 kr~~
**Kælibox**
30 ltr., 12V.
3899332

### Nilfisk Háþrýstidælur
**20-30% afsláttur**



**20% afsláttur**
Nilfisk
**26.995 kr**
~~33.795 kr~~
**Háþrýstidæla** C 125.7-6 Pad X-TRA
125 bör, 1,5kW, 460 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi, 6 m slanga, Patio pallahreinsibursti, þvottakústur, röra- og klóakhreinsir, 8 metrar.
5254205

### Garðverkfæri
frá Fiskars og Claber
**20-25% afsláttur**



Sjáðu verðið!
**25% afsláttur**
claber
**Slönguhjól Ecosei**
Tekur 60m af 1/2" slöngu.
5081658
**3.370 kr**
~~4.495 kr~~

blómaval
**SUMARBLÓMA ÚTSALA**
**20-50% afsláttur**



-37%
**Sólboði**
í 12 cm potti
**990 kr**
~~1.590 kr~~

-44%
**Margarita**
**990 kr**
~~1.790 kr~~

-57%
**Stjúpur**
10 stk.
**799 kr**
~~1.890 kr~~

**Áfram Ísland**
**HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar**

**TÖLUR VIKUNNAR** 17.06.2018-23.06.2018

**4%** ungs fólks 15-24 ára á Íslandi voru ekki í námi, starfi eða starfsþjálfun árið 2017.

**30 PRÓSENTUM**

**yfir meðaltali Evrópusambandsríkjanna 28 var magn vergrar landsframleiðslu á mann á Íslandi árið 2017 samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum. Ísland var í fimmta sæti af 37 Evrópuríkjum.**

**10**

milljóna króna auglýsingapakka að lágmarki þurftu auglýsendur að kaupa hjá RÚV til að komast að á besta stað í kringum leiki Íslands í riðlakeppni HM í Rússlandi.



**90-100**

**fálkaunga gerir Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, ráð fyrir að merkja í sumar.**

**33,98**

**km hraða á klst.**

mældist Cristiano Ronaldo á á hraðasta sprettinum í 3-3 jafntefli Portúgals og Spánar á HM í Rússlandi.



**5-9**

**prósenta**

**hækkun íbúðaverðs 2015-2017 er mögulega vegna fjölgunar Airbnb-gistieininga samkvæmt greiningu hagdeildar Íbúðalánasjóðs.**



## Þrjú í fréttum
## Brotthvarf, leikreglur og bolti

**Gylfi Arnbjörnsson**
*forseti ASÍ*



tilkynnti að hann hygðist ekki bjóða sig fram til endurkjörs á þingi sambandsins í haust. Hann sagði harðnandi deilur innan verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu, sem að miklu leyti hefðu beinst gegn hans persónu, hafa tekið á. „Það er erfitt og lýjandi að eiga í átökum við félaga sína,“ sagði Gylfi sem kvaðst ávallt hafa verið reiðubúinn að berjast fyrir þá. Það skilaði engu að berjast við þá.

**Lilja Alfreðsdóttir**
*mennta- og menningarmálaráðherra*



kvaðst hafa fengið fjölmargar athugasemdir inn á sitt borð um auglýsingasölu RÚV í tengslum við HM en fjölmiðillinn er sakaður um að hafa einokað auglýsingamarkaðinn. Lilja sagði ljóst að menn yrðu að spila eftir leikreglunum og innan þess ramma sem stofnuninni væri settur.

**Guðmundur Benediktsson**
*sjónvarpsmaður*



var þulur þegar Færeyingar hlustuðu á lýsingu á leik Íslands og Nígeríu. Færeyingar eru spenntir fyrir leikjum Íslands á HM í knattspyrnu. Þeir vildu stemningu og skiptu þess vegna út dönskum lýsanda. Það var því Gummi Ben sem hljómaði í hátalarakerfinu þar sem Færeyingar komu saman.

# Ráðherra undrast ekki úrskurð

**Dómsmálaráðherra segir að búast hafi mátt við því að breytt lög um uppreist æru myndu breyta réttarframkvæmd á ófyrirséðan hátt. Frumvarpsdrög um áhrif mannorðsflekkunar eru í lokavinnslu í ráðuneyti.**

**DÓMSMÁL** „Lagabreytingar gefa alltaf vísbendingu um löggjafarviljann á hverjum tíma og því er viðbúið að breytt viðhorf í lögum hafi áhrif á túlkun þeirra. Að því leyti kemur úrskurður Landsréttar ekki á óvart,“ segir Sigríður Andersen dómsmálaráðherra um úrskurð Landsréttar sem synjaði Atla Helgasyni um endurheimt lögmannsréttinda sinna fyrr í vikunni.

Í úrskurði Landsréttar er vísað til þess að vegna breytinga á almennum hegningarlögum í fyrrahaust hafi viðtekin dómaframkvæmd ekki þá þýðingu sem hún hafði áður.

Ráðherra segir að hafa verði í huga að frumvarpið um afnám uppreistar æru úr lögum hafi aldrei verið hugsað sem annað en tímabundið úrræði til að bregðast við stjórnsýslu sem framkvæmd hafði verið um áratuga skeið en hún hafi stöðvað í maí 2017.

„Þannig mátti við því búast að breytt lög myndu breyta réttarframkvæmd á einhvern ófyrirséðan hátt. Það var í þessu ljósi sem ég hafði lagt til endurskoðun laga á heildstæðan hátt en ekki með þeim hætti sem varð ofan á í kjölfar óðagots og stjórnarslita um miðja nótt,“ segir Sigríður.

Aðdragandi lagasetningarinnar var mikil reiðibylgja sem gekk yfir samfélagið síðastliðið haust vegna tveggja dæmdra kynferðisbrotamanna sem fengið höfðu uppreist æru. Dómsmálaráðherra boðaði í kjölfarið heildarendurskoðun á lagaákvæðum um uppreist æru og missi borgararéttinda vegna mannorðsflekkunar.

Þegar ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar sprakk og boðað var til kosninga voru ákvæði um uppreist æru felld brott úr almennum hegningarlögum í miklum flýti en heildarendurskoðun fyrirkomulags við missi og endurheimt réttinda að öðru leyti látin bíða um sinn.



**Lög um uppreist æru voru rædd á fundum allsherjar- og menntamálanefndar á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég hafði lagt til endurskoðun laga á heildstæðan hátt en ekki með þeim hætti sem varð ofan á í kjölfar óðagots.**
>
> Sigríður Andersen dómsmálaráðherra

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, var lagafrumvarpið samþykkt með afbrigðum frá þingskaparlögum, sama dag og frumvarpið var lagt fram, án samráðs við refsiréttarnefnd og án þess að umsagnarfrestur væri veittur. Í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar var tekið fram að brottfall ákvæðanna úr hegningarlögunum án heildarendurskoðunar á fyrirkomulagi um missi og endurheimt borgararéttinda fæli í sér ólögmæta mannréttindaskerðingu.

Vinna við fyrrgreinda heildarendurskoðun er nú á lokametrunum í dómsmálaráðuneytinu og að sögn ráðherra verða frumvarpsdrög kynnt á samráðsvef stjórnarráðsins upp úr mánaðamótum.

Einar Hannesson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að um almenna breytingu á almennum hegningarlögum verði að ræða og þá verði nálgun breytt í nokkuð mörgum sérlögum sem kveða á um óflekkað mannorð ýmissa starfsstétta.

Aðspurður um lögmannsréttindi sérstaklega segir Einar stefnt að því að skilyrðum til að fá lögmannsréttindi verði breytt og í stað kröfu um óflekkað mannorð verði kveðið á um að til að öðlast slík réttindi megi viðkomandi ekki hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað hafi hann verið orðinn 18 ára þegar brotið var framið. Lagt sé upp með að unnt verði að veita undanþágu frá því skilyrði gegn sérstökum meðmælum. Aðspurður um hvort krafa verði gerð um að slík meðmæli komi frá Lögmannafélaginu, segir Einar að frumvarpið sé enn í vinnslu og hafi ekki verið kynnt í ráðuneytinu en bendir þó á að nýgengnir úrskurðir dómstóla sýni að umsagnir þess félags sæti endurskoðun dómstóla og að félagið njóti sérstakrar stöðu umfram önnur félög enda hafi það lögbundnu hlutverki að gegna sem eftirlitsaðili með störfum lögmanna.

adalheidur@frettabladid.is

MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS

ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

FÁGUN

# 洗練

**NÝR LEXUS RX 450h L** – 7 SÆTA LÚXUS

Stærri, lengri og stórfenglegri lúxus.
Fágaður sjö sæta sportjeppi þar sem allir njóta sín.

Það er alltaf pláss fyrir meiri lúxus.



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Presturinn óskaði eftir viðhaldi á prestsbústaðnum fyrir útleigu

**TRÚFÉLÖG** Engin dæmi eru um að kirkjuráð hafi veitt prestum leyfi til að reka gistiþjónustu í prestsbústöðum sínum. Einhver dæmi eru þó um að prestar hafi stundað slíkt án þess að fá til þess tilskilin leyfi.

Þetta segir Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs. Fréttablaðið greindi frá því í gær að sóknarpresturinn í Holtsprestakalli hefði opnað gistiheimili í prestsbústað sínum að Holti í Önundarfirði í síðasta mánuði. Oddur staðfesti það að presturinn, Fjölnir Ásbjörnsson, hefði ekki sótt um leyfi til kirkjuráðs fyrir rekstri heimagistingar í bústaðnum líkt og starfsreglur gera ráð fyrir.

Miðað við reglur um leigugreiðslu og það þak sem sett er á leigu sem prestar greiða fyrir afnot af bústöðum sínum má áætla að sóknarpresturinn í Holti þurfi aðeins að leigja hjónaherbergi bústaðarins í um fjórar nætur á mánuði til að koma út á sléttu. Allt umfram það er hagnaður sem rennur í hans vasa.

Fréttablaðið hafði samband við rekstraraðila annarra gistiheimila á og í nágrenni við Flateyri sem vildu lítið tjá sig um hinn nýja samkeppnisaðila og það forskot sem hann hefur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur presturinn enn búsetuskyldu í prestsbústaðnum en heldur þó tvö heimili, annað á Flateyri og hitt í bústaðnum. Hann kvaðst í samtali við Fréttablaðið í vikunni búa á báðum stöðum.

Oddur segir að gert sé ráð fyrir að hann búi í prestsbústaðnum og hafi þar lögheimili. Presturinn greiði hins vegar leigu af prestsbústaðnum og búi í prestakallinu og því lítið við þessu að gera.



Prestsbústaðurinn er laus til útleigu á vefnum Booking.com.

Samkvæmt fundargerð kirkjuráðs frá því í síðasta mánuði var beiðni séra Fjölnis um viðhald á bústaðnum tekin fyrir, en hann taldi bústaðinn ekki vera í nógu góðu standi. Ljóst er að beiðnin kom í aðdraganda þess að hann hugðist opna þar gistiþjónustu.

Kirkjuráð komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að umbeðið viðhald á bústaðnum væri ekki forgangsmál og var presti því synjað um það. **– smj**

## Innfluttir fá ekki vitneskju

**EFNAHAGSMÁL** Upplýsingar um leigumarkaðinn og þann stuðning sem leigjendum býðst eru ekki nægilega aðgengilegar innflytjendum. Þetta kom fram í máli Unu Jónsdóttur, hagfræðings hjá Íbúðalánasjóði, á fundi stéttarfélagsins Eflingar fyrr í vikunni.



**Una Jónsdóttir hagfræðingur**

Una sagði sterka vísbendingu um þetta hafi birst í launakönnun Flóabandalagsins þar sem 86 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni á pólsku sögðust hvorki þiggja húsnæðisbætur né vaxtabætur. Þetta á að bæta með fræðslu frá Íbúðalánasjóði, sem hefur umsjón með veitingu húsnæðisbóta. **– jhh**

## Sjálfstæðismenn áfrýja ekki

**VESTMANNAEYJAR** Kjörnefnd hefur staðfest niðurstöður talningar í Vestmannaeyjum í kosningunum í maí. Sjálfstæðisflokkurinn í Vestmannaeyjum kærði talninguna í kosningunum vegna þess að fjögur utankjörfundaratkvæði sem bárust kjörstjórn of seint voru ekki talin gild.

Í tilkynningu frá Sjálfstæðisflokknum segir að óumdeilt sé að atkvæðin hafi borist kjörnefndarfulltrúa fyrir klukkan 22.00 um tuttugu metrum fyrir utan kjörstað en ekki komist inn í hús fyrr en 10-23 sekúndum síðar og var þá búið að læsa hurðinni á kjörstað. Sjálfstæðismenn í Eyjum una niðurstöðunni en segja bagalegt að vilji kjósandans nái ekki fram að ganga.

Einnig vildu Sjálfstæðismenn að eitt atkvæði greitt H-lista yrði dæmt ógilt vegna þess að kjósandi deildi mynd af því á samfélagsmiðlum. **– tg**

# Borga 8 milljarða króna fyrir að fá að baða sig í Bláa lóninu

**Tekjur Bláa lónsins af aðgangseyri í lónið jukust um 41 prósent í fyrra og námu næstum átta milljörðum króna. Hluthafar fá greidda tvo milljarða í arð. Forstjórinn segir ekki útilokað að farið verði að huga betur að skráningu fyrirtækisins á markað. Hugsanlegt er að fyrirtækið verði skráð á mörkuðum erlendis.**

**VIÐSKIPTI** „Við vorum að fjölga gestum og gera betur á öllum sviðum,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.

Tekjur Bláa lónsins af sölu á aðgangi að lóninu jukust um tæplega 41 prósent í fyrra. Þær fóru úr 44,5 milljónum evra upp í 62,6 milljónir evra (7,9 milljarða króna). Samkvæmt ársreikningi fyrir síðasta ár jukust heildartekjur af starfsemi fyrirtækisins úr 77,2 milljónum evra (9,7 milljörðum króna) í 102,3 milljónir evra (12,9 milljarða króna).

Hagnaður félagsins jókst um tæpar átta milljónir evra, fór úr 23,5 (2,96 milljörðum króna) í rúmlega 31 milljón evra (3,9 milljarða króna). Fyrirtækið greiðir hluthöfum 16 milljónir evra í arð vegna síðasta árs, eða um tvo milljarða króna.

Grímur segir að á tíu ára tímabili hafi ekki verið greiddur arður. „En við höfum verið að greiða út arð undanfarin ár og við borguðum út 13 milljónir evra í fyrra í arð,“ segir hann.

Grímur segir að reksturinn á yfirstandandi ári hafi gengið samkvæmt áætlunum sem höfðu verið gerðar. „Tekjurnar eru vel á pari við það sem þær voru í fyrra. Að vísu er rekstrarkostnaðurinn okkar meiri vegna þess að við vorum að opna nýju hótelbygginguna okkar og nýja upplifunarsvæðið. Þannig að kostnaður hefur líka aukist,“ segir Grímur.

Í tilkynningu sem send var fjölmiðlum vegna ársreikningsins kemur fram að í upphafi síðasta árs voru gerðar umbætur á baðsvæði Bláa lónsins, unnið var að stækkun skrifstofuhúsnæðis og mötuneytis starfsmanna og lokahnykkurinn var settur á byggingaframkvæmdir á nýju hóteli og upplifunarsvæði, The Retreat at Blue Lagoon Iceland. Þar kemur líka fram að starfsmenn fyrirtækisins voru 627 í lok síðasta árs.



Starfsmenn Bláa lónsins voru 627 talsins um síðustu áramót og á síðasta ári var tekið á móti 1,3 milljónum gesta, samkvæmt ársreikningi. Launakostnaður er stærstur hluti rekstrarkostnaðar fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grímur segir að nú að lokinni þessari uppbyggingu sé ekki útilokað að stjórnendur Bláa lónsins fari að huga að skráningu fyrirtækisins á markað. „Við erum eins og önnur fyrirtæki alltaf með auga á því og það er ekkert útilokað að við förum að huga frekar að því núna,“ segir hann.

Grímur útilokar ekki að fyrirtækið yrði þá skráð á markað erlendis. „Það hefur ekki verið tekin nein formleg ákvörðun um það en það er eitt af þeim verkefnum sem við höfum með höndum sem stjórnendur félagsins, að velta því fyrir okkur á hverjum tíma hvað er best fyrir hluthafa félagsins.“ **jonhakon@frettabladid.is**

> **Tekjurnar eru vel á pari við það sem þær voru í fyrra. Að vísu er rekstrarkostnaðurinn okkar meiri.**
>
> Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins



## Í viðskiptastríði við ESB og Kína

Evrópusambandið hefur sett sérstaka verndartolla á bandarískar vörur sem þegar taka gildi. Tollahækkunin nemur alls um 2,8 milljörðum evra, sem samsvarar um 353 milljörðum íslenskra króna.

Tollarnir eru svar ESB við tollahækkunum bandaríska yfirvalda á ákveðnar vörur í Evrópu og víðar til verndar framleiðslu innanlands sem þau kynntu fyrr á þessu ári.

Kína, Kanada, Mexíkó, Tyrkland og Indland hafa nú öll gefið það út að þau ætli að svara aðgerðum Donalds Trump með því að hækka tolla á bandarískar vörur. Forsetinn hefur hótað í framhaldinu að hækka tolla á evrópska bíla um 20 prósent og einnig að hækka tolla á vörur frá Kína enn frekar. **– tg**

# ASÍ fordæmir „ólöglega hefndarráðstöfun“ Hvals

**VINNUMARKAÐUR** „Ef Hvalur kemst upp með þetta, að skikka starfsmenn til að sniðganga tiltekið stéttarfélag, þá er um svo gróft brot að ræða að annað eins hefur ekki sést,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Alþýðusamband Íslands steig í gær fram og fordæmdi það sem sambandið kallar hefndaraðgerðir Hvals hf. gegn Verkalýðsfélagi Akraness.

Eins og komið hefur fram tapaði Hvalur nýlega dómsmáli fyrir Hæstarétti sem Verkalýðsfélag Akraness rak fyrir félagsmann. Þar voru honum dæmdar, með dráttarvöxtum, 700 þúsund krónur vegna brota á ráðningarsamningi.

Vilhjálmur bendir á að allir samningar starfsmanna Hvals séu nákvæmlega eins og félagið telji



Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

því fordæmisgildi dómsins algert og geta numið 300 milljónum króna, þegar tillit er tekið til fjölda starfsmanna og þriggja vertíða.

Við upphaf hvalvertíðar á dögunum bárust síðan þau tíðindi að Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, krefði starfsmenn sína um að þeir ættu ekki aðild að Verkalýðsfélagi Akraness, heldur væru í Stéttarfélagi Vesturlands. ASÍ segir þetta klárt brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem kveðið sé á um að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa áhrif á, meðal annars, félagsaðild starfsmanna sinna.

„Þegar haft er í huga að Hvalur hf. tapaði nýlega dómsmáli fyrir Hæstarétti sem Verkalýðsfélag Akraness rak fyrir félagsmann sinn, blasir við að um grófa og alvarlega hefndarráðstöfun atvinnurekenda er að ræða gagnvart tilteknu stéttarfélagi og félagsmönnum þess,“ segir í yfirlýsingunni.

Vilhjálmur segir að félagið hafi mótmælt framgöngu Hvals harðlega bæði við fyrirtækið og Samtök atvinnulífsins. Vilhjálmur kveðst ekkert hafa heyrt frá þeim.

„Það á greinilega að svæfa málið, en fólk verður að átta sig á að þetta snýst ekki aðeins um félagið hér, einhver félagsgjöld eða félagssvæði, heldur allt launafólk. Að atvinnurekandi sé að refsa stéttarfélagi sem uppfyllir lagalega skyldu sína til að sækja réttindi félagsmanna sinna.“

Vilhjálmur bendir einnig á að svo virðist sem Kristján Loftsson sé fljótur að gleyma hvaða félag hafi staðið með honum í baráttunni fyrir því að hefja hvalveiðar á ný árið 2009 þegar til stóð að afturkalla veiðiheimildir.

Ekki hefur náðst í Kristján Loftsson, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **– smj**

# Meira svona alla daga




Grísakjöt með kartöflusalati, maís og piparrótarsósu

**2.899** kr/pk

Nautakjöt með maís, hasselback kartöflum og piparsósu

**3.099** kr/pk

Kjúklingaleggir í buffalósósu með hrásalati og gráðostasósu

**2.299** kr/pk

Lambakjöt með grænmeti, hasselback kartöflum og hvítlaukssósu

**2.899** kr/pk

**SPENNANDI NÝJUNG**

## Grillpakki máltíð fyrir 2

4 spennandi tegundir. Einfalt, þægilegt og gott

Tilboð gilda út 24. júní




**Buff Bake Prótein kökur**

Frábærar eftir æfingu, í ferðalagið eða golfpokann

**449** kr/stk




**NÝJUNGAR**

**Urban Accents**

Þurrkrydd fyrir kjöt og fisk. Vertu þinn eigin grillmeistari

**699** kr/pk




**STÆRRI STÆRÐ**

**Llanllyr Source**

Ginger Beer og Fiery Ginger Beer. Nú einnig í 500 ml flöskum

**399** kr/stk

VEGAN




**Tofurky**

Álegg fyrir grænmetisætur og vegan

Verð frá **539** kr/stk

VEGAN




**NÝTT Í HAGKAUP**

**Cocomels**

Frábærar karamellur unnar úr kókosmjólk

**879** kr/pk

VEGAN




**LOKSINS KOMNAR AFTUR**

**Lenny and Larry´s**

Vegan smákökur

**399** kr/stk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP Meira svona alla daga



**Nóg komið af plastúrgangi frá útlöndum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Hafna meiri plastúrgangi

**KÍNA** Kína, sem í nær 30 ár hefur tekið á móti plastúrgangi frá iðnaðarlöndum og endurunnið hann, hefur nú bannað slíkan innflutning.

Í frétt Dagens Næringsliv segir að undanfarin ár hafi plastúrgangurinn sem Kína hefur tekið við verið lélegur. Kínverjar framleiði sjálfir plast og séu ekki lengur háðir öðrum.

Innflutningsbannið er á næstum allt venjulegt plast sem notað er, allt frá sogrörum til plastpoka.

Yfir 45 lönd fluttu út plastúrgang til Kína árið 2016. Vegna innflutningsbannsins í Kína er búist við að sorpflokkun verði hætt sums staðar í Bandaríkjunum. Nú hafa ýmis ríki Bandaríkjanna aflétt takmörkunum á urðun plasts. **– ibs**

## Trump og Pútín fyrirhuga fund

**STJÓRNMÁL** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, og Vladimír Pútín, forseti Rússlands, eru sagðir undirbúa fund í júlí. Mun hann fara fram í kringum leiðtogafund NATO.

Samkvæmt CNN vill Trump halda fundinn í Washington, Rússar vilja funda á hlutlausum stað. Líklegur fundarstaður er Vínarborg.

Tilkynning hefur ekki verið gefin út en Trump staðfesti í samtali við fjölmiðla að verið væri að skoða þann möguleika að halda fund . **– tg**

# Óbreyttir borgarar myrtir í stórum stíl í Venesúela

**Talið er að fimm hundruð manns hið minnsta hafi verið myrtir í aðgerðum yfirvalda í Venesúela á undanförnum árum. Mannréttindaráð SÞ kallar eftir fjölþjóðlegri rannsókn.**



**Reglulega myndast langar biðraðir eftir mat og öðrum nauðsynjum. Þessi mynd var tekin í borginni San Cristobal. Í forgrunni heldur maður á dóttur sinni. Þau bíða eftir því að verslunin opni dyr sínar.** NORDICPHOTOS/GETTY

**VENESÚELA** Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna telur sig hafa óyggjandi sannanir fyrir því að vopnaðar vígasveitir á vegum yfirvalda í Venesúela hafi myrt hundruð óbreyttra borgara, oftar en ekki unga karlmenn, í fátækrahverfum landsins á undanförnum misserum.

Zeid Ra'ad Al Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði í yfirlýsingu í gær að lög og regla fyrirfyndust nánast ekki í Venesúela en í nýrri skýrslu ráðsins er sjónum beint að stöðu mannréttindamála í landinu.

Þannig hafi stjórn Nicolás Maduró forseta algjörlega mistekist að koma í veg fyrir mannréttindabrot, sem meðal annars taka til harðræðis gegn mótmælendum, varðhaldsvistar án ástæðu og pyntinga.

„Í þessari nýju skýrslu er jafnframt greint frá trúverðugum og sláandi frásögnum af skipulögðum og ástæðulausum morðum sem hófust árið 2015 og framin voru undir yfirskini aðgerða gegn glæpum.“ Þar kemur fram að lögreglumenn í Venesúela hafi á þessu tímabili myrt rúmlega 500 manns og oft komið fyrir sönnunargögnum á vettvangi til að réttlæta aftökurnar.

Yfirvöld í Venesúela, sem hafa meinað rannsakendum Sameinuðu þjóðanna inngöngu í landið, saka Mannréttindaráðið um lygar.

Skýrslan er byggð á viðtölum við 150 einstaklinga sem flestir urðu fyrir ofbeldi af hálfu stjórnvalda eða urðu vitni að því. Þar á meðal er Luisa Ortega Díaz, fyrrverandi ríkissaksóknari í Venesúela, sem nú er í útlegð.

Al Hussein hefur óskað eftir því að fjölþjóðleg rannsókn fari fram á voðaverkunum og að Stríðsglæpadómstóllinn taki málið til skoðunar.

Skýrslan dregur upp dökka mynd af stöðu mála í Venesúela. Viðvarandi matar- og lyfjaskortur er í landinu. Læknar flýja land í stórum stíl og heilsu almennings fer hrakandi.

„Heilu fjölskyldurnar neyðast til þess að grafa eftir mat í ruslatunnum,“ sagði Al Hussein í yfirlýsingu sinni. „Út frá sumum stöðlum má segja að 87 prósent íbúa í Venesúela búi við fátækt.“

Venesúela situr á stærstu olíulind sem vitað er um. Um árabil voru 95 prósent af útflutningstekjum landsins tengd olíu. Þannig hafa sveiflur í olíuverði gríðarleg áhrif á efnahag í landinu og síðan það féll árið 2014 hafa yfirvöld þurft að skera niður í grunnþjónustu.

Hvergi í heiminum mælist verðbólga hærri en í Venesúela. Yfirvöld þar hafa ekki birt verðbólgumælingar síðan árið 2015, en samkvæmt hagfræðingum við Johns Hopkinsháskóla mældist hún 18.000 prósent í apríl síðastliðnum.

**kjartanh@frettabladid.is**





íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskir tómatar
Hreint vatn
Hvaða vatn fer í gegnum grænmetið þitt?
Grænmeti sem ber merkið okkar er ræktað með hreinu, íslensku vatni.
islenskt.is

# Upp með hausinn



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Íslendingar töpuðu í gær fyrir Nígeríu á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Engin skömm er að því, nígeríska liðið er gott og firnasterkir leikmennirnir spila langflestir með feikisterkum evrópskum liðum. Til að ná sigri gegn slíku liði þarf hreinlega allt að ganga upp. Sú varð því miður ekki raunin í gær.

Þegar horft var á leik Króatíu og Argentínu á fimmtudag varð ekki hjá því komist að bera íslenska liðið saman við hið argentínska. Nöfnin í því síðarnefnda eru mun stærri og þekktari. Með liðinu spilar sjálfur Lionel Messi, sem margir telja besta knattspyrnumann allra tíma.

Við Íslendingar eigum líka okkar stórstjörnu, Gylfa Þór Sigurðsson. Hann er kannski enginn Messi, en hann hefur í ófá skiptin komið okkur Íslendingunum til bjargar á ögurstundu.

Í leik Argentínu og Króatíu var augljóst að leikmenn Argentínu lögðu allt sitt traust á Messi. Þeir biðu hreinlega eftir því að Messi galdraði eitthvað úr engu. Svo fór að þeir þurftu að bíða í níutíu mínútur plús uppbótartíma og fram yfir lokaflaut því galdrarnir virtust tímabundið hafa yfirgefið snillinginn. Argentína tapaði 3-0.

Þegar Messi tekst ekki að sýna sitt allra besta er engu líkara en hann sé latur. Auðvitað er hann það ekki, en stundum gengur hann í rólegheitum um völlinn, fórnar jafnvel höndum. Það geta snillingar leyft sér. Greyið litli töframaðurinn, honum hlýtur að vera illt í öxlunum að bera svo þungar byrðar fyrir hönd heillar þjóðar – þjóðar sem sannarlega lifir sig inn í það sem gerist á fótboltavellinum, allir sem einn að því er virðist.

Íslenska liðið leitar sömuleiðis til Gylfa að framkalla töfrana. Gylfi var venju samkvæmt góður gegn Nígeríu, en aldrei þessu vant þá klikkaði hann á ögurstundu – klúðraði víti.

Gylfi okkar fer hins vegar alltaf fram með góðu fordæmi. Enginn í íslenska liðinu leggur harðar að sér en Gylfi, og gegn Nígeríu hljóp hann enn einu sinni lengst allra í liðinu.

Gylfi fórnar fíngerðari leik sem honum er eðlislægur fyrir liðið. Í þau örfáu skipti sem Gylfi sýnir ekki sitt allra besta með landsliðinu er hreinlega ekkert hægt að skammast í honum, því við vitum að hann leggur sig alltaf allan fram þegar hann klæðist bláa búningnum. Meira er ekki hægt að biðja um.

Hann hvetur liðsfélagana til dáða, færir þeim aukinn kraft. Enginn nýliði þorir að slá slöku við þegar hógværa stórstjarnan Gylfi hættir aldrei að hlaupa. Gylfi gefur tóninn, sem heimsbyggðin hefur hrifist af. Fáir hafa borið hróður Íslands víðar en Gylfi og strákarnir.

Íslenska liðið á ennþá möguleika á að komast í næstu umferð. Til þess þarf Ísland að vinna Króatíu og úrslit í leik Argentínu og Nígeríu að falla með okkur. Annað eins hefur nú gerst. Miði er möguleiki.

Upp með hausinn, Gylfi og strákarnir.

> **Íslenska liðið á ennþá möguleika á að komast í næstu umferð. Til þess þarf Ísland að vinna Króatíu og úrslit í leik Argentínu og Nígeríu að falla með okkur. Annað eins hefur nú gerst. Miði er möguleiki.**




## Gunnar




# Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Þegar pylsurnar seldust upp

Kvenréttindadagurinn var haldinn hátíðlegur í vikunni er þess var minnst að 19. júní árið 1915 fengu konur á Íslandi, fjörutíu ára og eldri, kosningarétt. Sama dag mátti lesa eftirfarandi fyrirsögn á vefmiðlinum Visir.is: „Fyrsta konan til að gegna stöðu framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins." Tímasetningin var eflaust tilviljun en ég kaus að taka fréttinni sem glaðningi í tilefni dagsins. Ég hafði ekki hugmynd um hvað Bílgreinasambandið var en ég túlkaði það sem svo að enn eitt vígið væri fallið. En skyndilega runnu á mig tvær grímur.

### Samfélagið fór á hliðina

Skrefin sem stigin hafa verið í átt að jafnrétti kynjanna síðan konur fengu kosningarétt eru mörg. Eitt af þeim stærri var tekið hinn 24. október 1975. Einhver klúrari í hugsun en undirrituð kynni að segja það táknrænt að sama dag urðu verslanir landsins uppiskroppa með pylsur.

Umræddan októberdag fóru íslenskar konur í verkfall. Þær mættu ekki til vinnu og neituðu að sinna heimilisstörfum á borð við að þrífa, sjá um börn og elda mat.

Með framtakinu vildu konur sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna. Í ljós kom að þegar krafta kvenna naut ekki við lagðist samfélagið á hliðina. Skólar, dagheimili, bankar, verksmiðjur og margar verslanir neyddust til að loka dyrum sínum. Feður urðu að taka börn sín með sér í vinnuna og birgðu þeir sig margir upp af nammi, litum og litabókum til að múta börnunum með og tryggja að þau höguðu sér vel. Í fréttatímum útvarpsins mátti heyra óm í börnum að leik á meðan þulurinn las fréttirnar. Að vinnu lokinni þurftu karlmenn landsins, sem litla reynslu höfðu af matseld, að gefa börnunum að borða. Eini skyndibiti landsins, pylsur, seldist upp.

### Fyrsta konan

Margir eru þeirrar skoðunar að kvennafrídagurinn árið 1975 hafi markað þáttaskil í jafnréttisbaráttunni hér á landi. Sumarið 1980 voru forsetakosningar á Íslandi. Vigdís Finnbogadóttir, fráskilin, einstæð móðir, ákvað að bjóða sig fram. Mótframbjóðendur hennar voru þrír virðulegir karlar. „Ég átti ekki von á að sigra," sagði Vigdís Finnbogadóttir í nýlegu viðtali við breska blaðið The Guardian. „Ég vildi einfaldlega sýna fram á að kona gæti gefið kost á sér."

Í næstu viku eru þrjátíu og átta ár frá því að Vigdís bar sigur úr býtum og varð fyrsta konan í heiminum sem kosin var í lýðræðislegum kosningum til að gegna hlutverki þjóðhöfðingja. Vigdís fullyrti í viðtali við Breska ríkisútvarpið að ef ekki hefði verið fyrir kvennafrídaginn 1975 hefði hún aldrei orðið forseti. „Dagurinn var fyrsta skrefið í átt að frelsun íslenskra kvenna," sagði hún. „Hann lamaði landið og opnaði augu margra karlmanna."

### Hversdagslegt í sextán ár

Um daginn heimsótti ég grunnskóla í London til að lesa upp úr einni af bókum mínum. Í tilefni þess að Bretar fagna því nú að hundrað ár eru frá því að breskar konur fengu kosningarétt sagði ég krökkunum frá deginum þegar pylsurnar kláruðust á Íslandi sem varð til þess að öll mín uppvaxtarár sat kona á forsetastóli. Einn nemendanna spurði mig spurningar sem hefði átt að vera auðsvarað: „Fannst þér það ekki merkilegt?" Spurningin vafðist hins vegar fyrir mér. Að endingu tókst mér að stynja upp svari: „Nei."

Kjör Vigdísar í embætti forseta Íslands breytti viðhorfi fólks til kvenna í valdastöðum. Ekki vegna þess hve merkilegt það var, heldur einmitt vegna þess hversu hversdagslegt það varð í sextán ára forsetatíð hennar að sjá konu gegna æðstu stöðu landsins.

Í síðustu viku féll enn eitt vígið er fréttir bárust af því að kona hefði verið ráðin framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins í fyrsta sinn. En þótt fréttirnar séu fagnaðarefni er fréttin sjálf birtingarmynd þeirrar baráttu sem enn bíður okkar. Það er ekki fyrr en að kona er ráðin framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins og það kemst ekki í fréttirnar að hillir undir endamark jafnréttisbaráttunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*





## Passat GTE á hagstæðu verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

**Passat GTE**
**Bakkmyndavél, LED aðalljós, 17" álfelgur ofl.**
**4.690.000 kr.***

**Passat GTE Comfort**
**Bílastæðaaðstoð, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi ofl.**
**5.090.000 kr.**

**Passat GTE Premium**
**Sóllúga, WiFi, 18" álfelgur, leðursæti ofl.**
**5.870.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum


Gylfi Þór Sigurðsson býr sig hérna undir það að taka vítaspyrnuna sem hann brenndi af þegar um það bil tíu mínútur voru eftir af leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fara fjallabaksleiðina upp úr riðlakeppninni í Rússlandi

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er ekki með örlögin í eigin höndum fyrir lokaleik D-riðilsins á þriðjudaginn eftir 0-2 tap fyrir Nígeríu í gær. Eftir fínan fyrri hálfleik brotlenti íslenska liðið í þeim seinni. Ísland þarf á sigri að halda þegar liðið mætir Króatíu í lokaumferð riðlakeppninnar á þriðjudaginn kemur.**

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is


Ahmed Musa kippti íslensku þjóðinni aftur niður á jörðina í Volgograd í gær þegar hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri Nígeríu í öðrum leik Íslands í D-riðlinum á HM. Þurfa Íslendingar því að reiða sig á úrslit úr leik Nígeríu og Argentínu í lokaumferðinni á sama tíma og þeir þurfa að vinna Króatíu. Þeir eru enn á lífi í baráttunni um að komast í 16-liða úrslitin en þeir hleyptu Nígeríu og Argentínu fram úr sér í baráttunni með tapinu. Tvær breytingar voru á liðinu frá Argentínuleiknum, Jóhann Berg, sem er meiddur, og Emil duttu út en í þeirra stað komu Rúrik Gíslason og Jón Daði Böðvarsson inn.

Til þess að takast á við hitann reyndi íslenska liðið að taka sér nægan tíma í öll föst leikatriði til að hægja á leiknum í fyrri hálfleik. Nígería var meira með boltann en Ísland stýrði sóknarleik þeirra vel, hleypti þeim aldrei í hættulegar stöður og voru strákarnir okkar alltaf tilbúnir í skyndisóknir. Eftir eina slíka fékk Gylfi Þór Sigurðsson fínt færi í upphafi leiks en skot hans fór beint á hinn unga Francis Uzoho í marki Nígeríu. Gylfi fékk annað fínt færi stuttu síðar úr aukaspyrnu en aftur varði Uzoho frá honum.

### Musa magnaður

Staðan var markalaus í hálfleik en Musa, sem kom inn í byrjunarlið Nígeríu fyrir leikinn, skoraði tvívegis í seinni hálfleik. Í upphafi seinni hálfleiks fengu Nígeríumenn skyndisókn sem Musa kláraði snyrtilega. Fimmtán mínútum fyrir leikslok var hann aftur á ferðinni, nýtti hraða sinn til að skilja varnarmenn Íslands eftir og skoraði fram hjá Hannesi. Það virtist hafa rotað Ísland sem fékk þó líflínu á lokamínútunum, vítaspyrnu eftir að myndbandsdómararnir gripu nígerískan varnarmann við að brjóta á Alfreð Finnbogasyni.

Á punktinn steig Gylfi Þór Sigurðsson eftir langa bið en það virtist eitthvað trufla Gylfa því hann brenndi af vítinu, setti boltann yfir markið. Það reyndist síðasti naglinn í líkkistu Íslands í gær

### Fyrra markið ódýrt

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson var skiljanlega niðurlútur er blaðamenn hittu hann eftir leik á Volgograd-vellinum í gær.

„Auðvitað eru þetta mikil vonbrigði og leiðinleg úrslit, þetta er komið úr okkar höndum. Við þurfum að gera okkar besta gegn Króötum og sjá hverju það skilar okkur,“ sagði Aron Einar eftir leikinn í gær.

„Mér fannst við vera með þá á góðum stað í upphafi seinni hálfleiks, okkur leið vel en þeir skora eftir fast leikatriði hjá okkur sem er ólíkt okkur. Spilamennskan í seinni var ekki frábær en við þurfum bara að bæta það sem hægt er að bæta, vinna Króatana og sjá hverju það skilar okkur. Markið kveikti í liðinu þeirra og þeir gátu nýtt sér Musa, sem er skuggalega fljótur, til að stríða varnarmönnunum okkar.“ Óvænt mark Nígeríu varð til þess að íslenska liðið færði sig framar á völlinn og við það losnaði pláss fyrir eldsnögga framherja Nígeríu.

„Við ætluðum að fara meira upp vængina, nýta bakverðina betur í seinni hálfleik því það gekk vel í þeim fyrri en við gerðum ekki nóg af því. Fyrra markið þeirra var ódýrt og þá vorum við komnir á hælana við að reyna að jafna leikinn og við lögðum allt í sölurnar til að gera það. Ég sá það eftir leik að menn voru gjörsamlega búnir á því,“ sagði Aron sem lék 87 mínútur í gær.

„Mér líður bara nokkuð vel, það var aðeins farið að hægjast á mér undir lokin en mér leið vel þegar ég fékk boltann. Núna hefst endurhæfingin því ég þarf að vera klár á þriðjudaginn.“

### Erum rétt svo á lífi

Gylfi Þór Sigurðsson, miðjumaður Íslands, sagði að það hefði eðlilega verið daufleg stemming í búningsklefanum eftir tapið fyrir Nígeríu í Volgograd í gær. Eftir leikinn er Ísland ekki lengur með örlögin í eigin höndum. „Það eru augljóslega allir niðurbrotnir, við vorum með þetta í eigin höndum fyrir leikinn en núna þurfum við að vinna Króata og treysta á önnur lið. Við erum að fara að mæta besta liði riðilsins og þurfum að vinna þá, það verður erfitt en við getum ekkert annað gert,“ sagði Gylfi sem virtist ekki mjög bjartsýnn.

> Við erum rétt á lífi í þessum riðl. Við þurfjm bara að gera okkar og sjá hvað gerist upp úr því.
>
> Gylfi Þór Sigurðsson

„Við erum rétt svo á lífi í þessum riðli. Við þurfum bara að gera okkar og sjá hvað gerist upp úr því.“

Allt annað var að sjá til liðsins í seinni hálfleik eftir góðan fyrri hálfleik.

„Við vorum mjög sprækir í fyrri hálfleik, sköpuðum okkur góð færi og hefðum átt að skora en í seinni hálfleik vorum við mjög opnir,“ sagði Gylfi og bætti við:

„Við vorum kannski að reyna að sækja markið í staðinn fyrir að leyfa þeim að gera það. Þeir skora eftir okkar innkast sem er mjög sérstakt fyrir okkur. Þá förum við að eltast við mark og við það opnast pláss fyrir aftan okkur sem þeir nýttu sér vel.“

---

## Stjarna dagsins á HM 2018

Ahmed Musa gerði íslenska liðinu grikk þegar hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-0 sigri Nígeríu í leik liðanna í gær. Musa skoraði fyrra markið eftir vel heppnaða skyndisókn og góðan undirbúning Victors Moses.

Seinna mark Musa kom eftir að hann slapp úr strangri gæslu Kára Árnasonar, lék á Hannes Þór Halldórsson og kláraði færið með stakri prýði. Þetta voru fyrstu mörk Nígeríu á mótinu sem tryggðu liðinu mikilvæg þrjú stig.



Musa hefur nú skorað 14 mörk í 72 landsleikjum, en hann er markahæsti leikmaðurinn í nígeríska hópnum.

**HM 2018 í Rússlandi í gær**

**D-riðill**

**Ísland - Nígería 0-2**
0-1 Ahmed Musa (49.), Ahmed Musa (90.).
Ivan Rakitic (90.)

**E-riðill**

**Brasilía - Kostaríka 2-0**
1-0 Philippe Coutinho (90.), 2-0 Neymar (90.).

**Sviss - Serbía 2-1**
1-0 Aleksandar Mitrovic (5.), 1-1 Granit Xhaka (52.), Xherdan Shaqiri (90.).


Ragnar Sigurðsson skiptir við Sverri Ingi Ingason. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ekki lengur í okkar höndum

**FÓTBOLTI** Ísland er ekki lengur með örlögin í sínum höndum í D-riðli heimsmeistaramótsins í knattspyrnu karla eftir tap fyrir Nígeríu í gærkvöldi. Króatía sem verður andstæðingur íslenska liðsins í lokaumferðinni er með fullt hús stiga og er komin áfram í 16 liða úrslit mótsins.

Nígería er komin með þrjú stig eftir sigurinn í gær og sigur gegn Argentínu gerir vonir íslenska liðsins að engu. Geri Nígería jafntefli gegn argentínska liðinu mun markatala skera úr um það hvort Ísland komist áfram með sigri gegn Króatíu.

Argentína, sem er með eitt stig eftir tvo leiki, þarf að fara með sigur af hólmi gegn Nígeríu í lokaumferðinni til þess að eiga möguleika á að komast í 16 liða úrslitin. Það eina sem er ljóst er að Ísland þarf sigur gegn Króatíu í lokaumferðinni til þess að eygja von um sæti í 16 liða úrslitunum.

Sjá nánar á Fréttablaðið+
Fleiri myndir úr leiknum er að finna í pdf útgáfu blaðsins.







**Nú er bílafjármögnun Arion banka orðin 100% rafræn**

Þegar rétti bíllinn er fundinn fer umsóknin í sjálfvirkt samþykktarferli og þú skrifar undir með rafrænum skilríkjum. Þetta þýðir að þú getur tekið bílasölurúntinn þegar þér hentar og klárað málið á staðnum. Eftir vinnu, á laugardögum, og bara hvenær sem bílasalan er opin.

arionbanki.is

Bílafjármögnun **Arion banka**

**50% afsláttur af lántökugjaldi**
þegar keyptur er vistvænn bíll


HLAUPTU
ÞAÐ BORGAR SIG
R 123
180
Taktu þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka 18. ágúst
og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is


REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
180818
REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
hlaupastyrkur.is
rmi.is
#rvkmarathon

# Íslensku stuðningsmennirnir daufir í dálkinn



Stuðningsmenn íslenska landsliðsins voru súrir eftir tapið gegn Nígeríu í Volgograd í gær. Nú hafa þeir hins vegar tvo daga til þess að hrista af sér vonbrigðin og fylkja sér að baki liðinu á nýjan leik þegar liðið mætir Króatíu á þriðjudaginn kemur. Sá leikur fer fram í Rostov og íslenska liðið þarf á sigri að halda í þeim leik til þess að eygja von um að komast áfram í 16 liða úrslit mótsins. Stuðningurinn við liðið hefur verið frábær undanfarin ár og þarf að ná hæstu hæðum í þeim mikilvæga leik sem er fyrir höndum hinum við helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Ísland 0**

**Mörk:**

### Maður leiksins
## Gylfi Þór Sigurðsson

**EINKUNN 7**

Ekki besti landsleikur Gylfa og vítaspyrnan var úr karakter. En hann reyndi allan tímann, hætti aldrei og allt sem gerðist í sóknarleik Íslands fór í gegnum hann. Lét tvisvar sinnum reyna á Uzoho í marki Nígeríu í fyrri hálfleik og spyrnurnar í föstum leikatriðum voru margar hverjar hættulegar. Vantaði meiri hjálp frá samherjum sínum.

**Skot:** 3 **Heppnuð hlaup með boltann:** 4 **Unnir boltar:** 4



**Nígería 2**

**Mörk:** 0-1 Ahmed Musa (49.), 2-0 Ahmed Musa (75.)

**Hannes Þór Halldórsson 6**
Hafði ekki neitt að gera í fyrri hálfleik. Gat ekkert gert í mörkunum en var öruggur þess utan.

**Birkir Már Sævarsson 5**
Ekki nógu vel staðsettur í öðru markinu. Hafði oft mikið pláss á hægri kantinum en það kom ekki nógu mikið út úr því.

**Kári Árnason 5**
Finn í fyrri hálfleik en átti í vandræðum þegar leikurinn opnaðist. Musa fór afar illa með Kára þegar hann skoraði annað mark sitt.

**Ragnar Sigurðsson 5**
Ekkert vesen á Ragnari í fyrri hálfleik en tókst ekki að stöðva Musa þegar hann skoraði fyrra mark sitt. Fékk höfuðhögg í kjölfarið og þurfti að fara út af.

**Hörður Björgvin Magnússon 5**
Öflugur í loftinu en skilaði boltanum illa frá sér. Hefði getað verið betur staðsettur í fyrra markinu og Victor Moses gerði honum erfitt fyrir í seinni hálfleik.

**Rúrik Gíslason 4**
Byrjaði sinn fyrsta leik á stórmóti en nýtti tækifærið sem hann fékk ekki nógu vel. Vann vel en gerði lítið í sókninni.

**Aron Einar Gunnarsson 5**
Var ágætur meðan orkan var enn til staðar og dreif íslenska liðið áfram. Gaf mikið eftir í seinni hálfleik og var orðinn bensínlaus þegar hann var tekinn út af. Skiljanlegt að dregið hafi af honum.

**Birkir Bjarnason 4**
Skilaði boltanum ágætlega frá sér en þar með er það upptalið. Lét lítið að sér kveða og Ísland hefði þurft meira framlag frá einum af sínum mikilvægustu leikmönnum.

**Jón Daði Böðvarsson 4**
Fékk tækifæri í byrjunarliðinu en nýtti það ekki nógu vel. Vann nokkra skallabolta en var ekki nógu sterkur í návígi og hefði getað haldið boltanum betur.

**Alfreð Finnbogason 5**
Fékk litla þjónustu og var ekki í miklum takti við leikinn en hætti aldrei. Gerði vel þegar hann sótti vítið sem Gylfi náði ekki að nýta.

**Sverrir Ingi Ingason 6**
Kom inn á fyrir Ragnar á 65. mínútu. Vann skallaeinvígi og komst fyrir nokkur skot. Varnarlaus í öðru markinu.

**Björn Bergmann Sigurðarson -**
Kom inn á fyrir Jón Daða á 71. mínútu leiksins.

**Ari Freyr Skúlason -**
Kom inn á fyrir Aron Einar á 87. mínútu leiksins.






### Heppnaðar sendingar

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 31 |
| Aron Einar Gunnarsson | 22 |
| Birkir Már Sævarsson | 19 |
| Kári Árnason | 18 |

### Snertingar á boltanum

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 75 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 52 |
| Birkir Már Sævarsson | 49 |
| Aron Einar Gunnarsson | 47 |

### Heppnuð hlaup með boltann

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Rúrik Gíslason | 2 |
| Aron Einar Gunnarsson | 2 |
| Ragnar Sigurðsson | 1 |

### Með boltann




### Unnar tæklingar

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Rúrik Gíslason | 2 |
| Aron Einar Gunnarsson | 2 |
| Ragnar Sigurðsson | 1 |

### Heppnaðar hreinsanir

| | |
|---|---|
| Hörður Björgvin Magnússon | 9 |
| Kári Árnason | 4 |
| Ragnar Sigurðsson | 4 |
| Birkir Már Sævarsson | 3 |

### Unnin skallaeinvígi

| | |
|---|---|
| Jón Daði Böðvarsson | 4 |
| Kári Árnason | 4 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 4 |
| Rúrik Gíslason | 2 |

### Hlupu mest / ÍSL

| | | |
|---|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 10,50 km | 12 km |
| Rúrik Gíslason | 10,34 km | 12 km |
| Hörður Björgvin | 10,15 km | 12 km |

### Hlupu mest / NÍG

| | | |
|---|---|---|
| Wilfried Ndid | 10,49 km | 12 km |
| Oghenekaro Etebo | 9,98 km | 12 km |
| Victor Moses | 9,80 km | 12 km |


ÍSLAND






D
108




EKONG
5
10




20




AIRWAY

VR

# ÞEKKTU ÞÍN MÖRK

★★★★

*„Raunsæ saga sem vekur alla til umhugsunar.“*

★★★★

*„Fékk mig til að hugsa um hvað skiptir máli í lífinu.“*



ÍSLENSKUR RAUNVERULEIKI

# KULNUN

HETJUR BRENNA LÍKA ÚT Í STARFI

★★★★

*„Eins og ég væri að horfa á sjálfa mig.“*

★★★★

*„Ískaldur íslenskur raunveruleiki sem hittir í mark.“*

## KYNNTU ÞÉR EINKENNIN Á VR.IS

| ÞREYTA | ÞUNGLYNDI | VEIKINDI | GLEYMSKA |
|---|---|---|---|
| **PIRRINGUR** | **SVEFNLEYSI** | **ÁHUGALEYSI** | **EINANGRUN** |

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR? **EF ÁLAGIÐ ER FARIÐ AÐ KOMA ILLA VIÐ ÞIG ER KOMINN TÍMI TIL ÞESS AÐ VERA HETJAN SEM ÞEKKIR SÍN MÖRK. KYNNTU ÞÉR EINKENNI KULNUNAR Á VR.IS**

Þetta er einungis listi af einkennum sem hafa verið tengd við kulnun og ef þú upplifir einhver þeirra bendir það ekki endilega til vandamáls á vinnustað. Aðeins læknir eða sálfræðingur getur greint þig með ábyrgum hætti.

HVITA HÚSIÐ 18-2025

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Listahópur Vinnuskólans sem í eru: Þórdís Birta, Eygló Ylfa, Sóley Breiðfjörð, Anja Amelia, Embla Líf, Aþena Lilja og Hanna Lilja. Fremst standa María Ísól og Emil Snær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Álfar dansa og fagna sumarsólstöðum

Jónsmessu verður fagnað í Hellisgerði í Hafnarfirði á sunnudag. Álfahátíð í garðinum er orðin að hefð og boðið upp á efnismikla og fjöruga dagskrá.

Álfahátíð verður haldin í Hellisgerði á sunnudag. Tinna Bessadóttir og Alexandra Eir Andrésdóttir skipuleggja hátíðina og lofa ævintýralegri dagskrá. „Við Alexandra kynntumst í viðburðastjórnunarnámi í Háskólanum á Hólum og héldum Álfahátíðina í fyrra sem prufuverkefni ásamt fleirum. Hátíðin gekk vonum framar og ákváðum við að stækka hana enn frekar og halda hana á Jónsmessunni í ár,“ segir Tinna frá.

Álfahátíðin hefst á álfagöngu sem leidd er af Símoni Jóni Jóhannssyni. Gengið verður frá Flensborgarskóla að Hellisgerði klukkan 13.00. Við tekur dagskrá klukkan 14.00 í Hellisgerði og Tinna segir þær Alexöndru fyrst og fremst vilja að hátíðin stuðli að góðri samveru barna og fullorðinna.

„Með álfahátíð viljum við fyrst og fremst vekja athygli á velliðan barna. Við leggjum áherslu á góða samverustund barna og fullorðinna og því verður takturinn allur á frekar rólegum nótum. Við byrjum dagskrána á álfagöngu með Símoni Jóni Jóhannssyni frá Hamrinum við Flensborgarskóla klukkan 13.00, aðgangur er ókeypis og endar gangan í Hellisgerði rétt fyrir kl. 14.00. Þá hefst dagskráin á svæðinu,“ segir Tinna.

„Þórunn Antonía verður kynnir og það er gaman að segja frá því að hún ætlar að frumflytja nýtt álfalag sem hún samdi fyrir hátíðina, við erum ofsa spennt fyrir því. Ronja ræningjadóttir kemur að leita að rassálfum og Ólafur Stefánsson handboltamaður ætlar að fræða krakkana um álfheima og goðafræðina og mun hann styðjast við kennslukerfi sem hann er að þróa og forvitnir geta fræðst um á vefsíðunni https://keywe.is,“ segir Tinna sem segir margt annað verða í boði. Til dæmis fjölskyldujóga, fótanudd fyrir börn og álfaleit í garðinum. Þá komi Annríki og kynni íslenska þjóðbúninginn og álfakonungur og drottning verði á svæðinu. „Síðast en ekki síst munu krakkar úr listahóp vinnuskólans leika lausum hala um svæðið klædd sem álfar,“ segir Tinna.

Hún segir mikilvægt að kynna álfatrú Íslendinga fyrir nýrri kynslóð. „Álfatrú okkar Íslendinga er svo sérstök og dýrmæt að við verðum að halda í hana og kynna hana fyrir nýrri kynslóð. Við viljum að sjálfsögðu hvetja alla til að mæta klæddir í álfastíl – ef fólk er í vafa um hvernig það er þá eru börnin langbest til að skilgreina það því fjölbreytnin er mikil þar.

Samkvæmt þjóðsögum eigum við fjóra hátíðardaga sem tengjast álfum, það eru jóladagur, áramót, þrettándi og Jónsmessa. Á Jónsmessu verða töfrar, þá koma álfarnir út og dansa og fagna sumarsólstöðum. Í gegnum árin hefur Jónsmessuhátíð tíðkast í Hellisgerði enda er Hellisgerði þekkt fyrir að vera heimkynni álfa og huldufólks. Ég fór sjálf á álfahátíð í Hellisgerði sem unglingur, þá léku álfarnir hennar Erlu Stefánsdóttur stórt hlutverk í garðinum,“ segir Tinna frá. kristjana@frettabladid.is

## Um helgina, af hverju ekki að …

### SAFNA KRÖFTUM

fyrir baráttuna fram undan á HM og lesa bækur um okkar frækna landslið. Í bók Þorgríms Þráinssonar, Íslenska kraftaverkið, er fjallað um hina einstöku frammistöðu að komast á EM í Frakklandi 2016 og sigur í riðli í forkeppni HM í Rússlandi. Það má nefnilega hafa í huga að þrátt fyrir tap fyrir Nígeríumönnum er frammistaðan enn kraftaverki líkust.




### LANGAR AÐ HLAUPA 10 KM

Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins, ætlar að kynna sér lög og reglur um velferðarmál um helgina. „Ég er mjög spennt fyrir því. En ég ætla líka að fara út að hlaupa því mig langar að skrá mig í Reykjavíkurmaraþonið og hlaupa 10 km í þágu góðs málefnis.“



### HLUSTA Á TÓNLIST

hvort sem ætlunin er að fara á Secret Solstice og hlusta á spírur á borð við Yung Nigo Drippin, Birni og Young Karin eða þungavigt á borð við Slayer.



### SUNDLAUGARBAKKINN Í ROSTOV

Kristinn Teitsson er einn íþróttafréttamanna Fréttablaðsins í Rússlandi. „Það verður safnað kröftum við sundlaugarbakkann og haldið til Rostov á morgun,“ segir Kristinn um verkefni helgarinnar.




55” Sony Bravia 4K sjónvarp fylgir líka
MOKKA X
Þýska stálið á leik!
Þýskaland – Svíþjóð
FOR SAFER CARS
EURO NCAP
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki samkvæmt
EURO NCAP.
CROSSLAND X
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
200.000 kr. afsláttur
og 55” Sony sjónvarp í kaupauka vegna leiks Þýskalands á HM kl. 18:00 í dag.
Gildir laugardaginn 23. júní um allar gerðir Opel.
OPEL
Kynntu þér Opel og bókaðu
reynsluakstur á opel.is
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna



# 30%
AFSLÁTTUR





## MEXICO
2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkblátt, bleikt og skógargrænt sléttflauel.

2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm
**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm
**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

## FRANKLIN
2,5 og 3ja sæta sófar. Grátt og dökkgrátt, slitsterkt áklæði.



**25%** AFSLÁTTUR

2,5 sæta: 180 x 86 x 81 cm
**89.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

3ja sæta: 208 x 86 x 81 cm
**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~

furninova



**30%** AFSLÁTTUR

## SMILE BUTTON
Tungusófi. Vinstri eða hægri tunga. Steypugrátt Evita áklæði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm
**230.993 kr.** ~~329.990 kr.~~

## NEVADA
Hornsófi. Vinstri eða hægri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt Stuart áklæði.
Stærð: 280 × 234 × 79 cm



**30%** AFSLÁTTUR

**153.993 kr.**
~~219.990 kr.~~


**Reykjavík** Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.*




30%
AFSLÁTTUR



## ALBERTA

Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

6.293 kr. ~~8.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



## ALEXA

Borðstofustóll. Ekta leður, svart eða brúnt. Fætur úr burstuðu stáli.

22.493 kr. ~~29.990 kr.~~

35%
AFSLÁTTUR



## CHISA

Hægindastóll. Forest grænt eða blátt sléttflauel og fætur úr málmi.

19.494 kr. ~~29.990 kr.~~







## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils.
Svart, hvítt, ljósgrátt eða brúnt leður
Turkisblátt, brúnt, ljós- eða
dökkgrátt áklæði.
Þægilegur og stílhreinn
hægindastóll á góðu verði.

| Stóll í leðri | Skemill í leðri | Stóll og skemill í leðri | Stóll í áklæði | Skemill í áklæði | Stóll og skemill í áklæði |
|---|---|---|---|---|---|
| 69.993 kr. | 17.493 kr. | 87.486 kr. | 48.993 kr. | 10.493 kr. | 59.486 kr. |
| ~~99.990 kr.~~ | ~~24.990 kr.~~ | ~~124.980 kr.~~ | ~~69.990 kr.~~ | ~~14.990 kr.~~ | ~~84.980 kr.~~ |

30%
AFSLÁTTUR



## GOTHENBURG

Hægindastóll. Vintage brúnt leður/split.

76.993 kr. ~~109.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN



Andrea og móðir hennar Bára ætla að stuðla að fræðslu og forvörnum í minningu Einars Darra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þú ferð yfir línuna og þá er þetta bara búið

Hvers vegna eykst misnotkun á róandi ávanabindandi lyfjum á borð við Xanax? Að minnsta kosti nítján lyfjatengd dauðsföll hafa orðið á árinu. Mæður, sem hafa misst börn sín, lýsa reynslu sinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Einar Darri Óskarsson fæddist 10. febrúar 2000 og lést á heimili sínu þann 25. maí síðastliðinn eftir neyslu róandi lyfja. Andlátið kom öllum aðstandendum hans í opna skjöldu. Og það sem kom í ljós nokkrum dögum síðar um aðgang hans að róandi lyfjum og verkjalyfjum í gegnum netið var þeim áfall. Hann hafði aðeins fiktað við notkun lyfjanna í skamman tíma áður en hann dó.

Móðir Einars Darra, Bára Tómasdóttir, og systir hans, Andrea Ýr Arnarsdóttir, ásamt föður Einars, Óskari Vídalín Kristjánssyni, og systur, Anítu Rún Óskarsdóttur, hafa síðustu daga unnið að undirbúningi forvarnarverkefnis sem miðar að fræðslu til ungmenna um hætturnar sem fylgja notkun róandi og ávanabindandi lyfja. Verkefnið kynna þau von bráðar en mæðgurnar segjast finna styrk í því að deila sögu Einars Darra í fræðsluskyni, þrátt fyrir að þeim þykir það einnig verulega erfitt.

„Krakkar vita að fiktinu fylgir áhætta en þau gera sér enga grein fyrir því hversu mikil hún er. Notkun þessara lyfja er líka tískubylgja, ekki síst vegna áhrifa frá trapp-tónlist,“ segir Bára. „Þau halda líka að þetta sé örugga leiðin. Að þessi lyf séu ekki jafn hættuleg og kókaín og örvandi efni. Þau vita miklu meira um hættulegar afleiðingar notkunar eiturlyfja en af rangri notkun á lyfjum sem er hægt að fá ávísað hjá lækni,“ bætir hún við.

„Við fjölskyldan ákváðum í sameiningu að fara í gegnum símann hans Einars Darra og leiddi það ýmislegt í ljós varðandi misnotkunina á lyfjunum,“ segir Andrea.

„Það var áfall að sjá hvað hann var með í símanum. Öpp til að kaupa þessi lyf sem dældu inn tilboðum og auglýsingum á róandi lyfjum og verkjalyfjum. Gríðarlega sterkar Xanaxtöflur, tvær fyrir eina, endalaus tilboð á OxyContin. Þetta var eins og nammibar! Það voru ekki bara öppin heldur var hann líka með endalaus skilaboð í símanum frá sölumönnum,“ segir Bára.

„Og þetta eru bara krakkar. Strákurinn sem var mest í að selja honum er bara ári eldri en Einar Darri. Bara krakki sjálfur,“ bætir hún við.

### Gat ekki vakið Einar Darra

„Hann dó þann 25. maí. Þetta átti að vera mikill gleðidagur í fjölskyldunni því að eldri systir Einars Dara, Aníta Rún, var að útskrifast sem stúdent. Ég var heima með alla krakkana. Nema Andreu sem var úti í Danmörku þá og ekki komin heim. Við vöknuðum óvenju seint. Ég var ekki að fara í vinnu eða neitt slíkt vegna útskriftarinnar og Einar Darri ekki á leið í skólann þennan dag. Vinkona hans var hjá honum og kallaði á mig að hún gæti ekki vakið Einar Darra.

Ég hleyp inn og það er eins og hann sé sofandi. Hann var heitur viðkomu en ég sé strax að hann andar ekki og er blár á vörunum. Ég kallaði á hana strax að hringja á Neyðarlínuna og við þurftum að flytja hann úr rúminu og reyna endurlífgun. Sjúkrabíllinn kom ellefu mínútum seinna og þeir héldu áfram að reyna endurlífgun. Heillengi,“ segir hún. „Þetta var eins hræðilegt og hægt er að ímynda sér. Ég er leikskólastjóri og fer reglulega á skyndihjálparnámskeið. Ég gerði allt sem ég gat. Samt er ég endalaust að hugsa til baka, hélt ég höfðinu rétt, gerði ég þetta rétt? Og ég sé drenginn minn endalaust fyrir mér lífvana.

Húsið fylltist af sjúkraflutningsfólki og lögreglu. Þetta er eins og í móðu en ég var ótrúlega róleg, hálf vélræn. Ég mátti ekki fara með sjúkrabílnum og þurfti að bíða í svolitla stund heima þar sem rannsóknarlögreglan þurfti



Einar Darri Óskarsson heitinn.



Fanney með dóttur sinni Guðrúnu.

að mæta þar sem þetta var andlát í heimahúsi. Í öllu þessu kemur pabbi hans og mamma mín heim til mín vegna stúdentsveislunnar. Þau mæta sjúkrabílnum. Ég þarf auðvitað að segja þeim hvað hafi gerst og pabbi hans keyrir á eftir sjúkrabílnum. Litli bróðir Einars Darra sem er níu ára og sá ekki sólina fyrir stóra bróðir sínum varð vitni að þessu öllu. Einar Darri var úrskurðaður látinn stuttu eftir komu á spítalann,“ segir Bára.

### Sölumenn eins og lyfjafræðingar

„Maður er algjörlega sleginn yfir hversu algengt þetta fikt er með þessi lyf, við erum að heyra sögur niður í grunnskóla þar sem þau eru notuð í partíum og boðin á skólalóðum. Einar Darri minn sagði sjálfur við vini sína skömmu áður en hann dó að þetta væri fáránleg tíska en hann var sjálfur í tónlist og að rappa um þessi lyf. Ég var á móti þessum textum, spurði hann oft út í þá. Hann sagði bara: Mamma, ég er ekkert að nota þessi efni, fyrirmyndir mínar eru að syngja um þetta og þetta er bara tískan núna. Ég tók af og til af honum þvagprufu þar sem við vissum að hann hafði einhvern tímann prófað gras, kókaín og Xanax þegar hann var að skemmta sér en það kom ekkert úr þeim prufum. Einar Darri sagði sjálfur að það hefði verið kjánalegt fikt og hann ætlaði ekki að gera það aftur. Vegna þessa reyndi ég að fylgjast mjög vel með honum, ræða mikið við hann og systur hans gerðu það sama þar sem þau systkinin eru mjög náin. En við sáum bara ekkert á honum, hann var alltaf sami ljúfi Einar Darri,“ segir Bára.

Einar Darri fékk lyfjunum sem hann misnotaði aldrei ávísað af lækni. Hann keypti þau á svörtum markaði með slík lyf á netinu.

„Hann fékk ítarlegar ráðleggingar um hvað hann ætti að taka og hvernig. Til að fara í vinnuna þá tekurðu bara þetta, stóð í einum skilaboðunum. Sölumennirnir haga sér eins og lyfjafræðingar gagnvart börnunum. Einar Darri fór í skólann, hann fór í vinnuna. Hann funkeraði og það sást ekkert á honum. Ég upplifði hann svo dásamlegan. Við vorum miklir vinir. Hann var oft heima með mér að horfa á sjónvarpið og ræddi mikið um sína framtíðardrauma og hvað hann ætlaði að mennta sig. Hann var opinn og hlýr, átti marga trúnaðarvini. Hann sagði mér nánast á hverjum degi að hann elskaði mig,“ segir Bára.

### Upplifði lyfin örugg

Einar Darri glímdi við kvíða. „Ég held að hann hafi verið meira tilbúinn að fara yfir strikið með þessi lyf vegna þess. Hann var á uppáskrifuðum kvíðalyfjum, var greindur með ADHD og var sjálfur að tala um að fara á lyf við athyglisbrestinum. Ég var efins um það. Hafði heyrt svo margar sögur um misnotkun á lyfjunum. Núna hugsa ég um hvort ég hefði átt að styðja hann meira í því,“ segir Bára. „En það fást aldrei svör við því.“

„Einar Darri var mjög heppinn þar sem hann fékk góða aðstoð frá geðhjúkrunarfræðingi á Akranesi. Umræðan og það sem ég hef þó heyrt um í kringum mig er að það er enginn grunnur í geðheilbrigðiskerfinu fyrir börn með kvíða. Það er ekki tekið á þessu með eðlilegum og réttum hætti,“ segir hún. „Það þarf meiri þjónustu til barna og ungmenna með kvíða og þunglyndi. Þau eru bara sett á lyf. Þau eru orðin vön öllum þessum lyfjaávísunum. Auðvitað hjálpa lyfin í mörgum tilfellum en þau duga ekki ein og sér og það þarf virkilega að opna umræðuna um áhættu og afleiðingar rangrar notkunar á þeim,“ segir Bára.

Andrea, systir Einars Darra heitins, segir mikilvægt að það komi fram að það hafi verið mjög stutt tímabil þar sem hann jók neysluna áður en hann dó. „Við teljum að síðustu tvær vikurnar í lífi hans hafi hann neytt meira af lyfjunum en áður. Þegar ungt fólk misnotar önnur efni, örvandi efni, áfengi, kókaín eða slíkt, þá er oft langur aðdragandi. Ferli sem oft gefst færi á að grípa inn í. En þegar það kemur að þessum lyfjum hafa þessir krakkar ekkert svigrúm til að gera mistök. Þú ferð yfir línuna og þá er þetta bara búið. Andlát hans birtist okkur fjölskyldunni eins og þruma úr heiðskíru lofti,“ segir Andrea.

„Þetta vandamál er bara miklu stærra en við bjuggumst við þegar við byrjuðum að vinna í forvarnarverkefninu og það er bara ekki í boði annað en að við Íslendingar tökum höndum saman gegn þessari misnotkun á lyfjum á landinu okkar,“ segir Andrea og Bára tekur undir.

### Lítið talað um dauða ungs fólks

Fanney Halldóra Kristjánsdóttir missti dóttur sína, Guðrúnu Andrésdóttur, í nóvember á síðasta ári. Hún var 28 ára gömul og skildi eftir sig þriggja ára gamlan son. Guðrún glímdi við kvíða frá barnæsku og þróaði með sér fíkn í róandi lyf. Hún lést vegna ofeitrunar á róandi lyfjum. Fanney segir lækna hafa ávísað miklu magni bensólyfja til dóttur sinnar. Þrátt fyrir að hún hefði sjálf beðið um hjálp vegna fíknar í lyfin.

„Ég missti dóttur mína vegna ofneyslu á lyfseðilsskyldum lyfjum og vil leggja mitt af mörkum til forvarna og fræðslu,“ segir Fanney. Ég hef haft samband við aðra foreldra í sömu sporum. Það er skelfilegt hversu mörg ungmenni eru að fara núna vegna neyslu þessara lyfja. Bæði rangrar neyslu og ofneyslu,“ segir hún.

Guðrún fannst látin á heimili sínu þann 10. nóvember síðastliðinn. „Ég var í nánast daglegum samskiptum við hana þótt við byggjum hvor á sínu landshorninu. Þarna hafði ég ekki heyrt í henni í á annan sólarhring og sá að það var engin hreyfing á Facebooksíðu hennar. Ég vissi að hún var ein heima og fékk ónotatilfinningu. Ég hringdi í bróður hennar og bað hann að athuga með hana en rétt á eftir kom maðurinn minn til mín og segir mér frá því að Guðrún hefði fundist látin í rúminu heima hjá sér. Barnsfaðir hennar kom að henni og hélt fyrst að hún væri sofandi og kallaði í lækni sem úrskurðaði hana látna á staðnum.

„Guðrún dóttir mín var frekar hlédræg þegar hún var lítil. Hún óð ekkert í hlutina og þróaði svo með sér kvíða í kjölfar skilnaðar. Síðustu árin sem hún lifði leitaði hún læknis og fékk þá ávísað þessum róandi bensólyfjum. Hún þróaði með sér fíkn í lyfin og lést svo þann 10. nóvember síðastliðinn af eitrunarskammti af Imovan og Tramadol. Þegar ég fer og kíki í lyfjagagnagrunninn þá blöskrar mér hversu mikið af þessum lyfjum var búið að ávísa á hana,“ segir Fanney sem segir umræðu um lyfin óábyrga.

„Nú fjölgar ungmennum sem deyja vegna notkunar á þessum lyfjum en það er lítið sem ekkert talað um það. Ég vil ábyrga umræðu og ég vil betri geðheilbrigðisþjónustu til ungmenna. Ég hafði samband við landlækni og tilkynnti mál dóttur minnar. Ég fékk símhringingu í kjölfarið og mér var sagt að hennar mál yrði skoðað. Í leiðinni fékk ég að vita að ég fengi ekki að vita niðurstöður þeirrar skoðunar. Það fannst mér skrýtið,“ segir Fanney og segir þörf á vitundarvakningu.

„Ástandinu má líkja við að það verði endurtekin banaslys trekk í trekk á sama veginum. Þá hljótum við að skoða hvað er að. Hvað sé hægt að gera? Það sem mér finnst erfiðast í þessu öllu saman er að hún lét vita að hún væri með fíkn í þessi lyf. Hún fær þeim samt ávísað í heilmiklu magni. Ég trúi því að það hefði verið hægt að leysa hennar mál og annarra með öflugri geðheilbrigðisþjónustu. Það þarf meiri eftirfylgni,“ segir Fanney sem segir að hún og aðrir foreldrar í sömu sporum hafi velt fyrir sér ábyrgð lækna í þessum efnum.

### Hringdi í lækni dóttur sinnar

„Ég hringdi í einn af læknum hennar. Hún var með marga. Ég spurði hvernig stæði á því að hún hefði fengið svona miklu ávísað þrátt fyrir fíkn. Þá fékk ég það svar að hún hefði væntanlega verið mjög aðgangshörð. Það finnst mér lýsa vel þeim þekkingarskorti sem ríkir um varasamar afleiðingar notkunar þessara lyfja og á eðli fiknisjúkdóma. Lyfin halda sjúkdóminum við. Ég held að geðheilbrigðiskerfið okkar sé því miður á mjög skrýtnum stað. Við foreldrar og aðstandendur erum hreinlega í einhverri þeytivindu, þegar kemur að þessu kerfi,“ segir Fanney um brotalamir kerfisins sem hún upplifir að taki hvorki heildstætt á vandanum né hafi burði til að veita þá þjónustu sem þarf.

„Þetta var alltaf mín versta martröð. Að vera foreldri í þessum sporum. En svo vaknaði ég upp við það einn daginn að martröðin var orðin að veruleika. Við gátum ekkert leitað, fundum engar lausnir,“ segir Fanney.

„Dóttir mín var ung móðir í námi. Hún ætlaði sér að verða félagsliði og vann lengi við aðhlynningu. Ég tel að hún hefði átt góða möguleika með réttri hjálp. Ég vona bara að saga hennar og saga allra þessara ungmenna sem hafa látið lífið verði til þess að það verði gerðar þarfar breytingar á geðheilbrigðisþjónustu og að það verði rætt opinskátt og af ábyrgð um hættur af þessum lyfjum,“ segir Fanney.

# MÚRBÚÐARVERÐ

## Pallaolía, viðarvörn og málning fyrir íslenskar aðstæður

Deka Projekt 10 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**6.390**

Deka þakmálning 10 lítrar
**9.990**

Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**6.290**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**7.990**

Blöndum DRAUMALITINA þína!

Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
**1.790**

Landora tréolía Col-51903 3 l.
**1.980**

Maston Hammer Spray 400ml
**1.050**

MARGIR LITIR

Maston Hammer 750ml
**1.995**

Maston Hammer 250ml
**995**

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**8.790**

1 líter kr.
**1.990**

MIKIÐ ÚRVAL

Bostik filler spartl 250ml
**490**

## Hágæða múrefni weber og DEKA

HRAÐ

ÚTI FLOT

Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm 25 kg
**2.150**

Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm 25 kg
**2.790**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
**1.690**

Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot 25 kg
**4.390**

Weber REP 980 steiningarlím og filtmúr, grár 25 kg
**2.690**

Weber Gróf Múrblanda 25 kg
**1.490**

HRAÐ

HRAÐ

Combimix Staurasteypa 20 kg
**860**

Deka Hrað viðgerðarblanda 25 kg
**3.640**

Deka Fíber trefja-styrkt múrblanda 25 kg
**2.740**

Deka Plan 230 hraðþornandi flot 25 kg
**1.890**

Deka Acryl grunnur
1 kg **760**
5 kg **3.390**

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**

## Hér gefur að líta brot 46 lyfjaávísana til einnar manneskju á þriggja mánaða tímabili. Manneskjan lést úr lyfjaeitrun.




**2.700**
**töflur, um það bil**

Hluta lyfjanna var ávísað úr rofnum pakkningum. Meðal annars í tengslum við innlögn.

**46**
**lyfjaávísanir**

hjá að minnsta kosti fjórum læknum. Lyfin voru sótt í nokkur mismunandi apótek.

### Hluti lyfja á 3 mánuðum

| Lyfjaheiti | Styrkur | Magn | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Tramadol Actavis | 50 mg | 20 stk | 3 |
| Tafil | 0,5 mg | 20 stk | 3 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |
| Avamys | 27,5 mcg/sk | 120 skammtar | 1 |
| Truxal | 50 mg | 100 stk | 1 |
| Pregabalin Mylan | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Pregabalin Mylan | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Phenergan | 25 mg | 100 stk | 1 |
| Tramadol Actavis | 50 mg | 20 stk | 2 |
| Tafil | 0,5 mg | 20 stk | 3 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |
| Tramadol Actavis | 50 mg | 20 stk | 2 |
| Naproxen-E Mylan | 500 mg | 50 stk | 1 |
| Phenergan | 25 mg | 100 stk | 1 |
| Elocon | 0.10% | 100 g | 1 |
| Pregabalin Mylan | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Furix | 20 mg | 100 stk | 1 |
| Pregabalin Krka | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Parkodin forte | 530 mg | 40 stk | 1 |
| Alprazolam Krka | 1 mg | 30 stk | 1 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |
| Prometazin Actavis | 25 mg | 100 stk | 1 |
| Avamys | 27,5 mcg/sk | 120 skammtar | 1 |
| Pregabalin Mylan | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Parkodin | 510 mg | 30 stk | 1 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |
| Fluoxetin Actavis | 20 mg | 100 stk | 2 |
| Pregabalin Krka | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Quetiapin Actavis | 200 mg | 100 stk | 1 |
| Buspiron Mylan | 5 mg | 100 stk | 1 |
| Furix | 20 mg | 100 stk | 1 |
| Tafil Retard | 1 mg | 60 stk | 0.5 |
| Fluoxetin Mylan | 20 mg | 250 stk | 84 |
| Halcion | 0,25 mg | 30 stk | 23.333 |
| Quetiapine Teva | 100 mg | 100 stk | 0.14 |
| Brieka | 150 mg | 100 stk | 0.14 |
| Rivotril | 0,5 mg | 150 stk | 4.667 |
| Fluoxetin Mylan | 20 mg | 250 stk | 84 |
| Halcion | 0,25 mg | 30 stk | 23.333 |
| Quetiapine Teva | 100 mg | 100 stk | 0.14 |
| Brieka | 150 mg | 100 stk | 0.14 |
| Rivotril | 0,5 mg | 150 stk | 4.667 |
| Pregabalin Mylan | 150 mg | 56 stk | 1 |
| Avamys | 27,5 mcg/sk | 120 skammtar | 3 |
| Imovane | 7,5 mg | 30 stk | 1 |

# Mikil fjölgun lyfjatengdra andláta

Við í lyfjateymi embættisins fáum niðurstöður úr mælingum á þeim efnum sem finnast í látnum einstaklingum til skoðunar og eru komin 19 slík andlát á þessu ári. Í þessum andlátum er grunur um að andlát hafi átt sér stað vegna eitrunar en ekki er víst að þau flokkist sem slík í dánarmeinaskrá. Þessi andlát eru samt vísbending um það sem er að gerast hjá fólki í þessum vanda sem getur verið mikill fíknivandi af ýmsum toga og/eða sjálfsvíg," segir Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis, sem segir fjölda lyfjatengdra andláta mikið áhyggjuefni. Enda gerist það á sama tíma og dregur úr ávísunum á ópíóíða. Embættið hafi fengið ábendingar frá Tollstjóraembættinu um mikla aukningu á haldlagningu efna.

„Áhyggjuefnið núna er þessi skyndilega aukning lyfjatengdra andláta í byrjun ársins sem við höfum fengið til skoðunar en það voru færri andlát í byrjun ársins í fyrra. Þetta gerist á sama tíma og dregur úr ávísunum ópíóíða en við sjáum að heildarmagn ávísaðra dagskammta af ópíóíðum dregst saman um sjö prósent á fyrsta ársfjórðungi 2018 miðað við sama tíma í fyrra.

Þá höfum við verið að fá ábendingar frá Tollstjóraembættinu um að mikil aukning sé á haldlagningu lyfja sem einstaklingar eru að flytja til landsins. Það bætist ofan á það að meira er ávísað af þessum lyfjum hér á landi en í flestum öðrum löndum. Eins og þessar tölur yfir andlát sýna, þá getur fólk sem misnotar lyfin verið í mikilli hættu og fikt getur haft alvarlegar afleiðingar. Það er enn talsvert í land með að notkun ávanabindandi lyfja verði álíka og í nágrannalöndunum og það er mikið áunnið ef það tekst að fá notkunina í betra horf og draga úr fjölda þeirra sem ánetjast lyfjum," segir Ólafur.

### Lyfjatengd andlát

| 34 | 25 | 30 | 19 |
|---|---|---|---|
| 2008 | 2016 | 2017 | 2018 janúar til júlí |

Þegar lyfjatengd andlát síðasta árs eru greind kemur í ljós að þriðjungur þeirra sem létust hafði ekki fengið ávísað lyfjum 12 mánuðum fyrir andlát. En inni á milli eru andlát þar sem einstaklingum var ávísað stórum skömmtum af lyfjum frá einum eða fleiri læknum.

„Árið 2017 voru andlátin 30 og var meðalaldur hinna látnu 48 ár. Þessir einstaklingar skiptust eftir aldri og því hvaða efni þeir höfðu verið að taka. Í flestum fundust mörg efni, þeir yngri (20-40 ára) höfðu margir tekið sterk verkjalyf ásamt ólöglegum efnum (kannabis, MDMA, amfetamín) en þeir eldri (40 ára og eldri) höfðu flestir tekið þunglyndislyf og neytt áfengis. Um þriðjungur hafði ekki fengið ávísað lyfjum 12 mánuðum fyrir andlát sem bendir til þess að þeir hafi átt gömul lyf eða fengið þau með öðrum hætti. Inni á milli eru andlát þar sem einstaklingar voru að fá ávísað stórum skömmtum af lyfjum frá einum eða fleiri læknum og þá er metið hvort ástæða er til að krefja lækni skýringa," segir Ólafur.

# Réði ekkert við þessi lyf



Kristján Ernir Björgvinsson er nítján ára og starfar sem blaðamaður á nýjum vef, babl.is.

„Okkur fannst vanta fréttamiðil fyrir ungt fólk, þar sem efni er skrifað af ungu fólki fyrir ungt fólk. Þetta var hugmynd sem Sólrún Sen var búin að vera með mjög lengi, hún ritstýrir vefnum og fékk mig með til að skrifa greinar," segir hann.

Kristján Ernir skrifaði grein á babl.is um vin sinn, Einar Darra. Hann á sjálfur að baki þá lífsreynslu að hafa ánetjast áfengi og fíkniefnum.

„Þetta var mér sérstaklega mikilvægt umfjöllunarefni. Einar Darri var vinur minn og ég er óvirkur alkóhólisti. Ég er búinn að vera edrú í eitt ár og einn mánuð. Einar Darri var góður strákur, ég missti annan vin minn í janúar. Það gleymdist svo fljótt. Mig og alla hér á ritstjórninni langar til að opna umræðuna. Þetta þarf ekki að vera tabú, þetta er fíknisjúkdómur. Það er svo sárt að sjá ungan strák sem var í miklu minni neyslu en til dæmis ég og margir aðrir, láta lífið svona kornungur," segir Kristján Ernir.

*Af hverju er þessi misnotkun svona mikil?*

„Mín kenning er sú að við séum kvíðin kynslóð, kvíðalyfin höfða til okkar og á sama tíma erum við ekki meðvituð um það hversu ávanabindandi þau eru. Hverjar afleiðingarnar af neyslu þeirra eru. Það þarf að fræða fólk um það. Það eru svo margir sem eru að prófa þau og augljóslega verða þá fleiri háðir þeim," segir hann.

*Hverju þarf að breyta?*

„Það þarf að upplýsa alla meira um þessi lyfseðilsskyldu lyf. Foreldrar vita ekkert um þetta. Eldri kynslóðir koma af fjöllum. Það er svo nýtilkomið að neysla á þessum lyfjum sé orðin útbreidd og hreint út sagt í tísku. Þetta var alltaf lokaður og afmarkaður hópur sem misnotaði lyfseðilsskyld lyf. Það er gjörbreytt. Þetta eru alls konar krakkar, alls konar fólk.

Það þarf líka að gera eitthvað í því að það eru engin viðurlög við því að flytja þessi efni til landsins. Það er ekki ólöglegt að smygla þeim. Þau eru haldlögð en engum er refsað.

**SVO VORU ALLT Í EINU ALLIR BYRJAÐIR AÐ TAKA XANAX.**

Mér finnst bráðnauðsynlegt að bjóða upp á ókeypis sálfræðiþjónustu. Í skólum til dæmis. Þjónustan þarf að vera nálæg. Ég veit að það hefði gagnast mér þegar ég var í bullandi neyslu. Svo er auðvitað glatað að loka fíknigeðdeildinni. Þegar ég var að verða edrú fór ég oft þangað. Það hjálpaði mér mjög mikið. Það vantar mikið af úrræðum, sérstaklega fyrir börn og ungt fólk. Þau virðast ekki vera í nokkrum forgangi," segir Kristján Ernir.

„Ég byrjaði að drekka 13 ára. Þegar ég byrjaði að taka bensólyf, var það bara upphafið að endinum hjá mér. Ég réði ekkert við þessi lyf. Ég hafði náð að halda mér að vissu leyti funkerandi í einhvern tíma. En um leið og bensólyfin komu í spilið var ég búinn að tapa. Það er erfitt að lýsa áhrifunum en þau eru eins og annað stig af ávanabindandi efnum. Þú tekur þetta kannski tvisvar og vaknar svo næsta dag og það eina sem þú hugsar um er að fá þér aftur. Það er ekki eitthvað sem ég hafði beint upplifað áður. Ég var í mjög stórum vinahópi og það voru mjög margir í neyslu. Svo voru allt í einu allir byrjaðir að taka Xanax. Þetta voru strákar sem áður hittust til að reykja gras saman en voru allt í einu farnir að taka pillur líka."

Ég held að það sé ekki tilviljun að það er mikið sungið um þessi lyf í vinsælli tónlist og það sé um leið aukin neysla. En það er samt ekki hægt að segja: Þetta er tónlistinni að kenna, en ég held að þetta væri ekki jafn mikið vandamál ef við værum að læra um efnin annars staðar en í tónlistinni. Frægt lag í dag er eftir rapparann Lil Uzi, sem syngur: Xannie make it go away. Hundrað milljón áhorf. Svo hlustum við á þetta, kvíðna kynslóðin, vitum ekkert um þessi lyf. Eitt leiðir af öðru."

# Vandmeðfarin lyf

Þórgunnur Ársælsdóttir, yfirlæknir bráðateymis geðsviðs Landspítala, segir bensódíazepín-lyf almennt örugg í notkun. Þau geti þó verið hættuleg ef þau eru notuð í samspili með öðrum efnum eða lyfjum. „Bensódíazepín eru í flokki róandi lyfja. Þau hafa kvíðastillandi og róandi áhrif, eru vöðvaslakandi og krampastillandi. Þau eru almennt örugg lyf í notkun, en geta verið hættuleg og valdið öndunarslævingu ef þau eru notuð í samspili með öðrum efnum eða lyfjum," segir Þórgunnur og minnir á mikilvægi þeirra.

„Þau eru notuð við kvíða, svefnleysi, æsingi, krömpum og áfengisfráhvörfum, og eru afar mikilvæg og gagnleg lyf þegar þau eru notuð á réttan hátt.

Eins og með öll áhrifarík lyf verður að gæta varúðar við notkun þeirra, og þau eru í flokki ávanabindandi lyfja, sem þýðir að þau geta valdið ávanabindingu, fíkn og fráhvörfum," segir Þórgunnur og segir almennt ekki æskilegt fyrir fólk með fíknisjúkdóma að nota þessi lyf. Þá séu lyfin gagnlegust þegar þau eru notuð í skamman tíma.

„Það er almennt ekki æskilegt fyrir fólk sem er með fíknisjúkdóm að nota þessi lyf, en fyrir aðra er ávanahætta lítil og lyfin eru almennt gagnlegust þegar þau eru notuð í skamman tíma. Fyrir fólk sem er alvarlega veikt geta þau veitt mikla og mikilvæga líkn á erfiðum stundum, en eru sjaldan hjálpleg í langtíma notkun. Þó eru sumir sem hafa gagn af þessum lyfjum til lengri tíma, ef önnur lyf eða úrræði duga ekki, og ekki er um fíknivanda að ræða," segir Þórgunnur.

Þórgunnur segir róandi lyf geta truflað meðferð við kvíða. „Við kvíðaröskunum er gagnlegra að nota önnur lyf, til dæmis svokölluð SSRI-lyf, sem eru ekki slævandi, og/eða viðtalsmeðferð, til dæmis hugræna atferlismeðferð. Ef róandi lyf eru notuð samhliða hugrænni atferlismeðferð getur það truflað meðferðina, því að í meðferðinni er mikilvægt að ná að upplifa kvíðann og læra að takast á við hann á annan hátt en áður, en það er ekki eins áhrifaríkt ef kvíðinn er dempaður af lyfjunum.

Flest leitumst við við að upplifa góða líðan og hugarró í okkar daglega lífi, en það er ekki alltaf raunin alla daga. Eins og við komust ekki hjá því að upplifa stundum rigningardaga, þá líður okkur ekki alltaf vel, og það að finna fyrir kvíða og stundum svefnerfiðleikum, er eðlilegur hluti af lífinu. Við getum gert margt í daglegu lífi sem stuðlar að því að bæta líðan og auka þol okkar fyrir kvíða og erfiðum tilfinningum, og mikilvægt er að nota ekki lyf sem þessi af léttúð eða nauðsynjalausu.

Fyrir þá sem glíma við slæman kvíða eða mikla vanlíðan er mikilvægt að leita sér aðstoðar hjá fagaðila, og aldrei að fá „lánuð" lyf sem eru ætluð öðrum."

Sjá nánar á Fréttablaðið+

Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



Lil Uzi Vert syngur um andlegan sársauka og Xanax. Lil Peep naut gríðarlegra vinsælda og lést vegna lyfjaeitrunar. Hann hóf líka upp notkun á Xanax, bæði í tónlist og á samfélagsmiðlum. MYNDIR/NORDIC PHOTOS/SKJÁSKOT ÚR ÓNEFNDU SNJALLFORRITI

# Svartur markaður með lyf

Róandi og ávanabindandi lyf eru seld í gegnum snjallforrit og samfélagsmiðla. Framboðið er mikið. Lyfið Xanax er mjög áberandi í auglýsingum á þessum miðlum en neysla þess er upphafin í svokallaðri trapp-tónlist.

Framboð á lyfjum á borð við Xanax, Sobril og Tafil hefur aukist á samskiptamiðlum á borð við Facebook og Snapchat og snjallforritum þar sem vímugjafar eru boðnir til sölu. Fréttablaðið greindi í lok apríl frá því hversu erfitt það er fyrir lögreglu að fylgjast með og hafa hemil á slíkum síðum. Enn erfiðara reynist að fylgjast með notkun snjallforrita sem eru notuð til sölu. Í þeim eru stofnaðir hópar 400 til 1.400 einstaklinga og tugir auglýsinga birtast á hverri klukkustund. Margir þeirra sem bjóða efnin til sölu bjóða upp á heimsendingu þeirra og eru á ferðinni um hverfi borgarinnar oft á dag. Eins og sjá má á skjáskotum af auglýsingum úr forritinu eru einnig boðnir magnafslættir og lágt verð. Það fer saman við frásögn Báru Tómasdóttur, móður Einars Darra, sem lést þann 25. maí síðastliðinn. Bára líkti framboðinu við nammibar og atgangur sölumanna hefði verið mikill. Þá hefðu þeir einnig nálgast son hennar með ráðum og hvatningu um lyfjatöku. Þeir hefðu í raun hegðað sér eins og lyfjafræðingar.

Aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu líkti ástandinu við frumskóg. „Ástandið á Íslandi er í raun þannig að það liggur við að það sé auðveldara að panta sér fíkniefni heldur en að panta sér pitsu. Þetta eru hópar sem eru opnir hverjum sem er óháð aldri. Þetta er nánast eins og að opna Fréttablaðið,“ sagði Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá LRH.

Kristján Ernir Björgvinsson, blaðamaður á www.babl.is, gerir að umtalsefni tengsl trapp-tónlistar og neyslu róandi lyfja. Hann nefnir í grein um neyslu á slíkum efnum hversu mikið trapp-tónlist upphefur eiturlyfjaneyslu og sölu þeirra. Í henni sé mikið talað um lyfseðilsskyld lyf í því samhengi að þau lini andlegan sársauka.

„Xannie make it go away,“ söng Lil Uzi Vert. Bandaríski rapparinn Lil Peep sem lést vegna neyslu Xanax á síðasta ári, söng líka um Xanax.

„I hear voices in my head, they<br>
tellin' me to call it quits<br>
I found some Xanax in my bed<br>
I took that shit, went back to<br>
sleep,“

söng hann í lagi sínu Praying to the Sky.

**30%**

meira af tauga- og geðlyfjum er ávísað til Íslendinga en Svía sem koma næstir á eftir Íslendingum. Þetta kemur fram í skýrslu frá eftirlitsmiðstöð Evrópusambandsins um misnotkun lyfja (EMCDDA): Health and social responses to drug problems. Í skýrslunni er greint frá aukinni misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja og eigi það helst við um eftirfarandi lyf:

- Svefnlyf, róandi og kvíðastillandi lyf, þar á meðal barbitúröt, benzodiazepín og benzódíazepínskyld lyf.
- Ópíóíð, sterk verkjalyf og lyf notuð sem viðhaldsmeðferð við ópíóíðafíkn.
- Örvandi lyf notuð gegn ADHD. Ásamt þunglyndislyfjum eru það helst lyf úr þessum lyfjaflokkum sem Íslendingar skera sig úr miðað við aðrað þjóðir er varðar notkun.

## Svona virkar fíkn í XanaX

Sálrænn ávani einkennist af innri þörf á að halda áfram að taka lyf, nokkurs konar óviðráðanlegri löngun sem veldur því að fólk gerir allt sem í valdi þess stendur til að ná í lyfið.*

- Líkamlegur ávani kemur fram með ýmiss konar fráhvarfseinkennum, sé meðferðinni skyndilega hætt.
- Þol veldur því að fólk þarf sífellt stærri skammta til að ná sömu verkun.
- Afturkastsáhrif (rebound effect) er það kallað þegar einkenni sem lyfið átti að hemja aukast þegar lyfjagjöf er hætt.



*Úr ráðleggingum frá Embætti landlæknis

# Meira innflutt og ólöglegt

Birgir Jakobsson, fyrrverandi landlæknir og núverandi aðstoðarmaður Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra, segir innleiðingu geðheilbrigðisáætlunar í forgangi hjá ráðuneytinu. Einnig að finna lausn á meðferðarúrræðum fyrir börn og unglinga.

**Frjálslynd afstaða**

*Hafið þið hitt foreldra eða aðstandendur ungmenna sem hafa látið lífið og hlýtt á reynslusögur þeirra? Ef svo er, hvað má læra af þeim?*

„Já, við höfum hitt foreldra ungmenna sem hafa látist. Lærdómurinn er að mikið af þessum lyfjum sé í umferð, meira innflutt og ólöglegt lyf en við höfðum haldið. Jafnframt að ungmenni hafi mjög frjálslynda og slapphenta afstöðu til notkunar þessara lyfja,“ segir Birgir. Hann nefnir að eitt af markmiðum geðheilbrigðisstefnunnar sé að uppeldisskilyrði barna stuðli að vellíðan þeirra, góðri geðheilsu og félagsfærni. „Í stefnunni er áhersla á geðrækt, forvarnir og eflingu geðheilbrigðisþjónustu í landinu.

Margar aðgerðir snúa þar beint að börnum. Í lýðheilsustefnu frá árinu 2016 er lögð sérstök áhersla á börn og ungmenni að 18 ára aldri. Áhersla er lögð á forvarnir og heildræna nálgun, meðal annars með samstarfi við skóla og sveitarfélög.“

Í nýlegri skýrslu Svandísar Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál kemur fram að Íslendingar nota meira af ákveðnum lyfjum sem geta valdið ávana og fíkn en flestar aðrar þjóðir, einkum metylfenidatlyfjum, ópíóíðum og svefnlyfjum. Einnig séu þunglyndislyf notuð mun meira hér á landi en víða annars staðar.



**Birgir Jakobsson, aðstoðarmaður ráðherra.**

Í skýrslunni kemur fram að ein ástæða þessa geti verið að skipulag heilbrigðisþjónustu valdi því að aðgangur fólks að geðheilbrigðisþjónustu sé ekki nægjanlega góður og að önnur úrræði en lyf séu fá fyrir þá sem glíma við langvarandi verki, ýmsa geðsjúkdóma og svefnleysi.

Þá sé það áhyggjuefni að á Íslandi rata lögleg lyf í ólöglega sölu og eru misnotuð af einstaklingum með alvarlegan fíknivanda í meiri mæli en þekkist í mörgum öðrum löndum.

# frettabladid.is fer með þér á HM!

**frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.**

**Fréttir og beinar textalýsingar**

**Stemningin í máli og myndum**

**Viðtöl og margt fleira!**




**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

# Fólk

## Helgin

LAUGARDAGUR 23. JÚNÍ 2018



Vilhjálmur Jón Guðjónsson og Guðmundur A. Þorvarðarson fóru í ferð til Suður- Afríku sem leiddi til þess að þeir bjuggu þar í tæpan áratug. Nú gefa þeir íslenskum ferðalöngum kost á að upplifa töfra og leyndardóma Suður-Afríku →4







Oddur Árnason, kjötiðnaðarmaður hjá Sláturfélagi Suðurlands, með glæsilegan bikar sem hann heldur sem Kjötmeistari Íslands næstu tvö árin. MYND/ERNIR

# Gleðilegt grillsumar!

Oddur Árnason, kjötiðnaðarmaður hjá Sláturfélagi Suðurlands er Kjötmeistari Íslands 2018. Hann segir nauðsynlegt að hafa gómsætar pylsur fagmannsins á kanti grillsins í forrétt á meðan grillað er og mælir með SS-kryddlegnum lamba-, nauta- og folaldasteikum til að fullkomna ljúffengt grillsumarið. →2

Framhald af forsíðu ➪

Ég hef alltaf haft ástríðu fyrir mat og eldamennsku og dreymdi um að verða matreiðslumaður á sínum tíma. Þá var hins vegar ógjörningur að komast á námssamning og mér bent á að fara í kjötiðn í staðinn. Þótt ég vissi harla lítið um námið ákvað ég að slá til og læra þá til kokks eftir kjötiðnaðarnámið. 32 árum seinna er ég ekki enn byrjaður í kokknum því það er svo hrikalega gaman að vera kjötiðnaðarmaður,“ segir Oddur Árnason, kjötiðnaðarmaður og Kjötmeistari Íslands 2018.

Oddur útskrifaðist árið 1990 úr kjötiðn en hefur starfað í faginu frá árinu 1986.

„Kjötiðn er fyrst og fremst skapandi vinna og afskaplega skemmtilegt starf. Kjötiðnaðarmenn búa til sælkerahráefni fyrir matreiðslumenn og markaðinn en líka fyrir ástríðukokkana heima í eldhúsi. Starfið snýst því ekki eingöngu um að skera kjötskrokka rétt heldur vinna að nýsköpun í framleiðslu og búa til dýrindis kjötvörur á disk landsmanna,“ segir Oddur sem þykir þó allra skemmtilegast við starfið að smakka á öllum þeim dásamlegu náttúruafurðum sem íslenskur landbúnaður gefur.

„Ég er að smakka allan liðlangan daginn enda látum við engar vörur frá okkur nema að bragða á þeim fyrst. Þannig smökkum við hverja einustu pylsulotu sem við framleiðum áður en þeim er pakkað í umbúðir því allt sem frá SS fer þarf að vera fyrsta flokks í gæðum og bragði.“

## Kom, sá og sigraði

Oddur kom, sá og sigraði í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem fram fór 10. mars síðastliðinn. Kjötiðnaðarmenn frá SS sópuðu til sín verðlaunum og hreppti Oddur titilinn Kjötmeistari Íslands.

„Það er mikill heiður og ánægjulegur,“ segir Oddur sem ber titilinn næstu tvö árin. „Þetta var í fyrsta sinn sem ég gerði atlögu að kjötmeistaratitlinum og það voru nokkuð margir sem reyndu sig við hann þetta árið.“

Oddur sigraði í flokkunum „Athyglisverðasta nýjung keppninnar“, „Besta varan unnin úr nautakjöti“ og „Lambaorðan“.

„Ég lagði mikla vinnu í þessar afurðir og naut þess að hafa gott hráefni að vinna úr og frábæra aðstöðu. Það er heilmikið föndur í kringum svona nýsköpun og frábært að uppskera með sigri,“ segir Oddur.

Athyglisverðasta nýjungin frá Oddi var Sveitakonfekt. „Það er freistandi fantasía sem samanstendur af steiktu nautakjöti sem er mótað í konfektmola sem eru súkkulaðihjúpaðir með grófu sjávarsalti til skrauts,“ útskýrir Oddur um gómsæta konfektbita sem passa einkar vel með rauðvínstári eða koníaki.

Í flokknum „Besta varan unnin úr nautakjöti“ vann Oddur með gröfnum nautavöðva, reyktum og krydduðum að utan. „En þótt nýjung slái í gegn í keppninni fer hún ekki sjálfkrafa í framleiðslu til neytenda strax. Nýsköpunarnefnd vinnur í þróun markaðsvara og sumt hlýtur náð hennar strax á meðan annað er sett á salt og kannski tekið upp síðar.“

Lambaorðuna hlaut Oddur fyrir Tindfjallahangikjet. „Það er lostætt lambalæri sem er hráverkað á sama hátt og parmaskinka en reykt,“ segir Oddur um eina af verðlaunavörum sínum sem fæst nú á íslenskum markaði.

## Hrein náttúruafurð hjá SS

Allt kjöt sem fer í framleiðslu hjá SS kemur frá bændum á Suður- og Vesturlandi.

„Allt er það úrvals hráefni því íslenskar landbúnaðarvörur eru af miklum gæðum og hreinleika. Dýrin lifa í íslenskri náttúru sem er hvað hreinust í heiminum og allar landbúnaðarafurðir eru ferskar náttúruafurðir, lausar við sjúkdóma, hormóna og lyf sem menn eru því miður enn að kljást við annars staðar í heiminum,“ útskýrir Oddur.

Ferskleiki og mestu gæði eru aðalsmerki Sláturfélags Suðurlands og segir Oddur að fylgst sé með gæðaframleiðslu SS allt frá því að skepnan kemur til slátrunar þar til hún sé komin í hendur neytenda.

„Við leggjum mikið upp úr því að hafa kjötvörur okkar ferskar og vinna þær rétt frá grunni. Með því tryggjum við að rómuð sælkeraupplifun SS skili sér alla leið á disk landsmanna.“



Oddur er hrifnastur af íslensku lambakjöti og nautakjöti á sumargrillið en segir ómissandi að grilla nokkrar SS-pylsur með í forrétt. MYNDIR/ERNIR



Íslendingar borða fleira en SS-pylsur því Oddur segir þá sólgna í SS-grillkjöt.



Kryddaðar lambatvírifjur og lambalærissneiðar eru vinsælastar á grillið frá SS.



Hér sést hluti af girnilegri grilllínu SS eins og hún lítur út í kjötkælum landsins.

## Folaldakjöt, villibráð á grillið

Oddur er austanmaður, fæddur í Vík í Mýrdal en hefur búið lengst af á Hvolsvelli þar sem hann hefur starfað hjá SS í 32 ár.

„Uppáhald mitt á grillinu er íslenskt lambakjöt og nautakjöt,“ segir Oddur sem er annálaður sælkerakokkur og kjötmeistari. „Mikil vakning er hjá landanum fyrir kryddlegnu nautakjöti á grillið enda gríðargott. SS tefldi fram trufflu- og pipar-nautakótilettum og -steikum í grilllínu sinni í fyrra og það hefur slegið í gegn,“ segir Oddur þar sem hann stendur við grillið og leggur á það lostætar grillpylsur frá SS.

> Við leggjum mikið upp úr því að hafa kjötvörur okkar ferskar og vinna þær rétt frá grunni. Með því tryggjum við að rómuð sælkeraupplifun SS skili sér alla leið á disk landsmanna.

„Við framleiðum Ítalskar grillpylsur og Pylsur fagmannsins yfir sumartímann, sem eru chili-ostapylsur. Þær eru svolítið sterkar og rífa aðeins í, en með eindæmum ljúffengar. Þær fengu gullverðlaun í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna í fyrra og eru, ásamt ostapylsum og Bratwurst-pylsum SS, æðislegur biti í sumrinu enda er alltaf gott að hafa pylsur á kantinum þegar verið er að grilla. Það er nefnilega nauðsynlegt að geta nartað aðeins í pylsur sem forrétt á meðan verið er að höndla og steikja kjötið.“

Önnur vinsæl vara á grillið í sumar er CajP's- kryddaður folaldavöði.

„Folaldakjöt er í raun villibráð því folöld eru aldrei alin inni heldur eingöngu úti í náttúrunni. Mér þykir folaldakjöt engu síðra en hreindýrakjöt á bragðið, það er unnið úr hreinum vöðvum og er lungamjúkt undir tönn.“

Vinsælasta grillkjötið frá SS undanfarin ár er kryddlegnar lambalærissneiðar og lambatvírifjur sem verið hefur söluhæsta grillvaran í árafjöld.

„Það gleður alla munna og maga af grillinu og er galdurinn þar að hafa hitt á rétta samsetningu krydds og marineringar sem tónar svo afbragðs vel við lambakjötið,“ segir Oddur kátur og óskar landsmönnum gleðilegs grillsumars.

Grillkjötið frá SS fæst í öllum matvöruverslunum. Sjá nánar á ss.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Helst í kjörþyngd og laus við löngun í gosdrykki

Bio Kult Candéa er blanda af góðgerlum, hvítlauk og Grape Seed Extract sem hefur góða áhrif á meltinguna og hjálpar til við að draga úr áhrifum og vexti candida svepps.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar og þyngdaraukningar og löngun í sykruð matvæli og drykki eykst.

### Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra bakteria myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fer að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki.

**Þau geta til dæmis verið:**

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum)
- Tímabundið ofnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi

### Sveppur sem elskar sykur

Candida-sveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann púka. Mikill ofvöxtur á Candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið alvarlegt því þegar óæskileg efni ná að leka úr þörmunum út í líkamann valda þau sjúkdómum eins og til dæmis síþreytu, liðagigt, mígreni og fleiru sem getur verið mun alvarlegra.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

> Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi

### Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og t.d. súrkáli því þó svo að það sé gott og örvi vöxt bakteria í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að verið sé að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því það þarf að styðja við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vondu“.



„Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur,“ segir Kolbrún Hildur.




### Bio-Kult Candéa er lausnin

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grapefruit seed extract (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 7 mismunandi gerlastrengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega öflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og GSE sem er þykkni, gert úr kjörnum greipávaxta. GSE inniheldur efnasambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum baktería, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

### Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkað til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar líða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega 2 hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í 2 mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.“

> Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.
>
> Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka 2 hylki tvisvar á dag.













Ferðin er fjölbreytt enda margt að sjá og skoða. Og smakka en hér má sjá bjórsmökkun á ströndinni.

# Leyndardómar Suður-Afríku

Vilhjálmur Jón Guðjónsson og Guðmundur A. Þorvarðarson fóru í ferð til Suður- Afríku sem leiddi til þess að þeir bjuggu þar í tæpan áratug. Nú gefa þeir íslenskum ferðalöngum kost á að upplifa töfra Suður-Afríku.

Ég hafði unnið hjá Össuri hf. í 20 ár og meðal annars séð um tækniaðstoð og kennslu í gervilimasmíði í öllum nýjaheimslöndunum, þar með talinni Suður-Afríku," segir Vilhjálmur, eða Villi. „Við höfðum verið með íbúðir í útleigu þannig að við vorum vanir rekstri gistingar." Þegar Villi sagði upp hjá Össuri var hann beðinn um að fara eina lokaferð til Suður-Afríku og halda námskeið þar. „Ég tók það að mér með þeim skilyrðum að ég gæti tekið Guðmund með og við gætum verið þar í sex vikur. Þegar við fórum út 2-3 vikum áður en ég átti að halda námskeiðið þá gistum við í Höfðaborg og keyrðum svo rólega upp hina undurfallegu blómaleið, eða Garden route, til George þar sem námskeiðið skyldi haldið. Þetta er nokkurn veginn sama leið og við ætlum að fara með hóp á vegum Úrvals Útsýnar til Suður-Afríku í lok október. Þennan tíma notuðum við til að kynnast landi og þjóð. Stoppuðum í hverju krummaskuðinu á fætur öðru, spurðum mikið um lífshætti, menntun, siði, afkomu og fleira og urðum gersamlega heillaðir af landinu og þjóðinni sem var að koma úr fjötrum aðskilnaðarstefnunnar."

Eftir námskeiðið í George héldu þeir áfram að skoða sig um. „Við ákváðum að keyra inn í landið áleiðis til Cape Town og stoppuðum í afar mörgum þorpum. Eitt kvöldið sitjum við á yndislegu hóteli eftir afar góðan kvöldverð, horfum yfir vínekrur og fjöll í fjarska sem gætu verið íslensk þar sem gróðurinn er svipaður svona í fjarlægð þó hitastigið sé nokkuð þægilegra en á Íslandi," segir Villi. „Þarna spyr Guðmundur mig hvort ég gæti hugsað mér að búa þarna. Vá, svolítið stórt spurt, hugsaði ég, en eftir nokkra umhugsun var svarið já. Við fórum strax í að reyna að kaupa þetta hótel, en það gekk ekki eftir."

Þeir keyrðu áfram til Höfðaborgar þar sem þeim var ráðlagt að fara til Greyton sem er í klukkustundar akstursfjarlægð. „Við heilluðumst af þorpinu og þar var hótel til sölu, Greyton Lodge. Við fórum beint í að semja um kaup á því og 2004 fluttum við svo endanlega til Suður-Afríku og tókum yfir rekstur á hótelinu og veitingastaðnum."



Hér standa þeir Bói og Villi þar sem Indlandshaf og Atlantshaf mætast.


Meðal þess sem fer fram í ferðinni er heimsókn á strútabúgarð.

Þeir höfðu með sér góða hjálp, en þetta var ekkert auðvelt. „Við vorum „útlendingar" þarna öll okkar ár," segir Villi. „Við vorum með fimmtán manns í vinnu sem var mikil ábyrgð þar sem þessir fimmtán einstaklingar höfðu fyrir stórfjölskyldum að sjá." Það má segja að þarna hafi hjálparstarf Bóa og Villa hafist en Guðmundur er kallaður Bói. „Draumurinn var alltaf að geta gefið eitthvað til baka til samfélagsins. Við vorum með súpueldhús í fátækrahverfinu um helgar öll árin sem við vorum þarna. Vandamálið var stundum hjá fátæka fólkinu að þegar það fékk launin á föstudegi þá var oft fyllerí og óregla alla helgina og þá fengu börn og þeir sem minna mega sín ekkert að borða."

Villi og Bói verða fararstjórar fyrir Úrval Útsýn í Suður-Afríku í október eins og áður sagði. „Við komum til með að fara með hópinn inn í fátækrahverfið því það er hollt fyrir okkur öll að kynnast fátækt," segir Villi. „Fyrrverandi starfsfólk okkar mun bjóða okkur inn á heimili sitt og svo eru þau búin að taka á leigu safnaðarheimilið og þar ætla þau að bjóða gestum okkar upp á suður-afrískan mat eins og hann gerist bestur."

Villi og Bói fluttu heim árið 2013 eftir næstum tíu ár í Suður-Afríku en landið hefur ennþá sterk ítök í þeim. „Við erum búnir að fara tvær ferðir með hópa frá Úrvali Útsýn til Suður-Afríku og það má segja að við séum að kynna okkar hlið af landinu fyrir fólki. Það eru opnaðar ansi margar dyr sem fólk myndi almennt ekki fá að kíkja inn um sökum vináttu okkar við fólk á þessum slóðum," segir Villi. „Við erum í samstarfi við afar vandaða ferðaskrifstofu í Suður-Afríku sem kemur til með að halda afar vel utan um hópinn. Við förum mjög svipaða leið og við fórum upphaflega, en munurinn er sá að nú þekkjum við fólk í öllum þessum litlu þorpum sem mun opna hjörtu sín og sýna okkur fallega landið sitt."

Frekari upplýsingar á www.uu.is.

Dalabyggð

Dalabyggð er landbúnaðarhérað sem geymir mikla sögu. Dalirnir eru náttúruparadís með útsýni út á Hvammsfjörð og hinar óteljandi Breiðafjarðareyjar sem bjóða upp á mikla möguleika í útivist og afþreyingu. Dalabyggð er sveitarfélag í vexti og þar búa rúmlega 670 íbúar. Í Dalabyggð er veitt fjölbreytt þjónusta, þar er Auðarskóli (leik-, grunn- og tónlistarskóli), almenn læknisþjónusta, verslun, veitingasala, banki og ýmis verktakaþjónusta. Atvinnulíf er öflugt og framundan eru spennandi ný tækifæri, s.s. uppbygging Vínlandsseturs í Búðardal og Minjaverndar í Ólafsdal. Dalabyggð er miðsvæðis og mikilvæg tenging milli landshluta innan við tvær klukkustundir frá höfuðborgarsvæðinu. Sjá nánar á **www.dalir.is**

# SVEITARSTJÓRI Í DALABYGGÐ

Starf sveitarstjóra í Dalabyggð er laust til umsóknar og er leitað að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að stýra krefjandi verkefnum á vegum sveitarfélagsins. Rík áhersla er á að efla atvinnu og vinna af krafti að nýjum verkefnum sem sveitarfélagið hyggst hefja undirbúning á í náinni framtíð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðaráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Dalabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af stjórnun, rekstri og bókhaldi
- Áhugi á og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Reynsla af kynningar- og ímyndarmálum sem og stefnumótun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekkja vel og hafa reynslu af lögum og reglugerðum í opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg en ekki skilyrði

**Upplýsingar veitir:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps árið 1998 og er því 20 ára á þessu ári. Gríðarleg íbúafjölgun hefur orðið á skömmum tíma í sveitarfélaginu og eru íbúar nú orðnir rúmlega 9000. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorpum við ströndina og stóru þéttbýli. Í Svf. Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugu íþrótta-, félags- og menningarlífi. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sveitarfélaginu á undanförnum misserum sem hefur ýmis spennandi tækifæri og áskoranir í för með sér.

# BÆJARSTJÓRI SVF. ÁRBORGAR

Auglýst er eftir framkvæmdastjóra í Svf. Árborg til að leiða öflugt starf bæjarstjórnar sveitarfélagsins. Fjölbreytt og spennandi verkefni eru framundan og leitað er að kraftmiklum, heiðarlegum og jákvæðum einstaklingi sem er reiðubúinn að leggja sig allan fram í krefjandi starfi. Lögð er rík áhersla á að viðkomandi eigi auðvelt með samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, starfsfólk, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

**Starfssvið:**

- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna bæjarfélagsins, undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt
- Nánari útlistun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 49. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Árborgar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is

**Katrín S. Óladóttir,** katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

**Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700





# Skrifstofustjóri á skrifstofu landbúnaðar og matvæla

*Við leitum að öflugum fyrirliða til að stýra skrifstofu landbúnaðar og matvæla en skrifstofan er ein þriggja fagskrifstofa sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*

Skrifstofustjóri stýrir og ber ábyrgð á faglegu starfi skrifstofunnar. Í því felst stjórnun og rekstur, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetning og mat á árangri. Lögð er áhersla á nýsköpun og gott samráð og samstarf við stofnanir og hagaðila á málefnasviðum skrifstofunnar.

Skrifstofan fer með málefni landbúnaðar, matvæla, velferð dýra og viðskipta- og tollasamninga. Hún fer með samskipti við Eftirlitstofnun EFTA og stofnanir Evrópusambandsins er varða þætti er lúta að rekstri og þróun EES samningsins sem og samskipti við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og OECD á sviði viðskipta og framleiðslu landbúnaðarvara. Þá heyra málefni norrænu embættismannanefndarinnar um landbúnað og matvæli undir skrifstofuna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun skilyrði
- Stjórnunarreynsla áskilin
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Reynsla af stefnumótunarvinnu
- Metnaður, skapandi hugsun og vilji til að ná árangri
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Þekking og áhugi á opinberri stjórnsýslu
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 15. september 2018.

**Upplýsingar** um starfið veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, (**ks@anr.is**) í síma **545 9700**. **Áhugasamir einstaklingar, konur og karlar, eru hvattir til að sækja um.**

Umsókn skal fylgja ítarlegt kynningarbréf ásamt rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Einnig ferilskrá og upplýsingar um starfsheiti. Umsókn skal skila rafrænt á netfangið **postur@anr.is** eða með bréfi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins **Skúlagötu 4, 101 Reykjavík** eigi síðar en 1. júlí 2018. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

Sérstök hæfnisnefnd, skipuð þremur einstaklingum, mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra. Nefndin starfar samkvæmt reglum nr. 393/2012, um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um launakjör fer eftir kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

# Bæjarstjóri

Ísafjarðarbær óskar eftir að ráða öflugan og framsýnan leiðtoga í starf bæjarstjóra. Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi. Bæjarstjóri er talsmaður sveitarfélagsins og annast samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins, hvort sem er við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

Útlistun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 49. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Umsóknarfrestur
**9. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6855**

Starfssvið:
- Er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, hefur með höndum málefni þess og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði.
- Er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins, er prókúruhafi bæjarsjóðs og undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og aðrar skuldbindingar.
- Undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.

Ísafjarðarbær varð til þann 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga. Í sveitarfélaginu búa tæplega 4000 íbúar. Sveitarfélagið er víðfeðmt og nær allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum. Byggðarkjarnar sveitarfélagsins eru fimm: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

Sameinað sveitarfélag er hið langstærsta á Vestfjörðum, en þar býr liðlega helmingur allra Vestfirðinga.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má nálgast á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Viltu hjálpa rafmagnsbílum að keyra lengra?

# Tæknimaður vélbúnaðar

Elkem Ísland óskar eftir að ráða tæknimann til að sinna fjölbreyttum störfum í tæknideild fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur
**8. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6853**

Starfssvið
- Tæknileg umsjón með viðhaldi og fjárfestingarverkefnum.
- Skipulag, undirbúningur og stjórn á viðhaldsstoppum.
- Forgangsröðun viðhaldsfjárfestinga og viðhaldsumbóta.
- Kostnaðareftirlit viðhalds.
- Uppfærsla og eftirfylgni á fyrirbyggjandi viðhaldi.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra tæknisviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í vélaverkfræði eða tæknifræði.
- Starfsreynsla í sambærilegum störfum æskileg.
- Hæfni og áhugi til að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi og leysa verkefni í hópvinnu.
- Nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðhorf og virðing í samskiptum.
- Öryggisvitund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Kunnátta í öðru Norðurlandamáli er kostur.

Elkem Ísland

Elkem Ísland kappkostar að starfa í víðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálmi. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda.
Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála.

Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

SSV er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna varðandi hagsmunagæslu og þjónustu í ýmsum málaflokkum í landshlutanum s.s. byggðaþróun, samgöngumál, atvinnumál, menningar- og menntamál ásamt fleiri málum sem upp geta komið á þessum vettvangi.

# VERKEFNASTJÓRI

Samtök sveitafélaga á Vesturlandi (SSV) óska eftir að ráða verkefnastjóra til þess að annast umsjón með ýmsum málum fyrir samtökin. Leitað er að einstaklingi sem er drífandi og tilbúinn í að takast á við spennandi verkefni.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Umsjón með Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- Umsjón með fjármálum SSV
- Umsjón með upplýsingamálum SSV
- Skjalavarsla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun er æskileg sem og reynsla sem nýtist í starfi
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, fagmennska og geta til að vinna sjálfstætt
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á atvinnulífi og sveitarfélögum á Vesturlandi er kostur

**Upplýsingar veita:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is

**Gyða Kristjánsdóttir,** gyda@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Valka

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina. Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi. Fyrirtækið starfar á alþjóðlegum markaði og því má reikna með ferðalögum í tengslum við störfin.

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á HÁTÆKNI?

## Vöruþróunarstjóri

Við leitum að drífandi og hæfileikaríkum leiðtoga í starf vöruþróunarstjóra. Viðkomandi starfsmaður mun stýra vöruþróunarsviði og sitja í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

**Ábyrgðarsvið:**

- Stjórnun vöruþróunarsviðs sem hefur það hlutverk að þróa nýjar vörur og leiða endurbætur á núverandi vörum, oft í samstarfi við viðskiptavini, birgja, háskóla og rannsóknarstofnanir
- Stjórnun þriggja meginferla sviðsins sem eru vélhönnun, vef- og tækjaforritun
- Koma auga á tækifæri til nýsköpunar og tryggja skilvirka vernd á hugverkaréttindum Völku

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði, tæknifræði, raunvísindi, nýsköpunarfræði
- Stjórnunarreynsla
- Brennandi áhugi á vöruþróun og nýsköpun
- Sterkur tæknilegur bakgrunnur og sýn á framtíð tækniþróunar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, drífandi, sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur

## Svæðissölustjóri

Við leitum að skipulögðum, drífandi og sjálfstæðum svæðissölustjóra í söluteymi Völku. Viðkomandi mun svara til sölustjóra Völku og fær tækifæri til að taka ábyrgð og sýna frumkvæði í starfi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á gerð söluáætlunar fyrir sitt svæði og að ná sölumarkmiðum þess
- Fylgir söluferli fyrirtækisins, frá fyrstu hugmynd að yfirfærslu til þjónustu s.s. framkvæmd verðútreikninga, gerð tilboða og samninga
- Ábyrgð á að greina þarfir viðskiptavina, koma á og viðhalda góðum tengslum við þá
- Náin samvinna við kerfishönnun, verkefnastjórnun, vöruþróun og fjármálasvið

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Tæknilegur bakgrunnur
- Lágmark 5 ára reynsla af sambærilegu sölustarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, drífandi, sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur
- Gott vald á talaðri og ritaðri ensku og íslensku. Annað Norðurlandamál og/eða spænska mikill kostur

**Upplýsingar veitir: Þórir Þorvarðarson** - thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

Fjölsmiðjan

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun sem rekin er með stuðningi Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fleiri aðila. Hún er vinnusetur fyrir ungt fólk. Markmiðið er að gera nema Fjölsmiðjunnar hæfari á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að styrkja félagslega færni og þroska námsgetu. Fjölsmiðjan sinnir mikilvægu hlutverki þegar þörf er á félagslegum úrræðum fyrir ungt fólk. Byggt er á góðu samstarfi við atvinnulífið, félagsþjónustu sveitarfélaganna, Vinnumálastofnun, menntastofnanir og aðra aðila sem vinna að málefnum ungs fólks.

# FJÖLSMIÐJAN LEITAR AÐ FORSTÖÐUMANNI

**Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:**
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri og að fjármál Fjölsmiðjunnar séu í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun stjórnar
- Ber ábyrgð á ráðningum og hefur mannaforráð yfir deildarstjórum Fjölsmiðjunnar og aðstoðarfólki
- Framfylgir þeim samningum sem í gildi eru við opinberar stofnanir, sveitarfélög og þá sem kaupa þjónustu af Fjölsmiðjunni
- Tengsl við menntastofnanir og atvinnulífið vegna þátttöku nema úti í samfélaginu
- Ber ábyrgð á móttökuferli nýrra nema og að aðlögun þeirra sé samkvæmt verklagsreglum
- Dagleg umgengni við nema, samskipti við forráðamenn og fagaðila eftir þörfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni og hæfni mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með ungu fólki er mikill kostur
- Þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum er æskileg
- Tenging við atvinnulífið er æskileg

**Upplýsingar veitir:**
**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Vörður

Vörður er framsækið þjónustufyrirtæki sem býður upp á nútímalegt starfsumhverfi. Áhersla er lögð á framsækna hugsun, sveigjanleika, árangur og starfsánægju. Í dag starfa um 90 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er jafnlaunavottað fyrirtæki og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Starfsánægja mælist há hjá Verði sem og ánægja viðskiptavina. Framtíðarsýn Varðar er að vera besti kostur viðskiptavina þegar kemur að vörum og þjónustu á tryggingamarkaði.

Vörður leitar að sjálfstæðum, framsæknum og drífandi einstaklingum til að slást í hóp framúrskarandi mannauðs félagsins. Störf hjá Verði eru fjölbreytt, áhugaverð og krefjandi og fyrirtækjamenningin einkennist af jafnrétti, samheldni og góðum starfsanda.

## GJALDKERI

**Starfssvið:**
- Greiðsla reikninga
- Bókun á innborgunum
- Uppgjör á afgreiðslukerfi
- Umsjón með samþykktum reikninga

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi við reikningshald
- Góð almenn tölvukunnátta og geta til að tileinka sér nýjar leiðir
- Frumkvæði og þjónustulipurð
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Brennandi áhugi fyrir verkefnum og þróun í starfi

## TJÓNAMATSAÐILI Í ÖKUTÆKJATJÓNUM

**Starfssvið:**
- Tjónamat ökutækja
- Tjónaskoðanir og eftirlit með viðgerðum
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Gagnaöflun og útreikningur tjónabóta
- Kaup á bifreiðum

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða reynsla á sviði bíliðngreina
- Reynsla af Cabas tjónamatskerfinu æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti
- Frumkvæði og þjónustulipurð
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Brennandi áhugi fyrir verkefnum og þróun í starfi

## FULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUMIÐJU

**Starfssvið:**
- Útgáfa og frágangur nýtrygginga
- Almenn þjónusta við viðskiptavini í síma, netspjalli eða eftir öðrum leiðum
- Stuðningur og leiðsögn við söluaðila

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi í þjónustu æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti
- Frumkvæði, þjónustulipurð og góð samskiptafærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Brennandi áhugi fyrir verkefnum og þróun í starfi

**Upplýsingar veitir:**
**Rannveig J. Haraldsdóttir,** rannveig@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



# Kokkur eða Matráður

*Leikskólinn Sólborg í Sandgerði auglýsir eftir körlum og konum til starfa.*
*Við leitum að kokki eða matráði í eldhúsið okkar.*

Matreitt er fyrir ca. 120 nemendur og 30 starfsmenn.

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að stýra eldhúsinu. Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir einstakling með metnað fyrir matargerð og heilbrigðum lífsstíl. Í skólum Hjallastefnunnar er mikið lagt upp úr gæðum og hollustu matar, heilbrigði og vellíðan. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Um er að ræða framtíðarstarf.

*Frekari upplýsingar fást hjá skólastýru Huldu Björk Stefánsdóttir í síma 423-7620 eða með því að senda tölvupóst í netfangið solborg@hjalli.is.*

*Skólar Hjallastefnunnar starfa að sameiginlegum markmiðum eftir sömu hugmyndafræði en sjálfstæði hvers skóla er mikið. Jafnréttisuppeldi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru inniviðir hugmyndafræðinnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska komandi kynslóða.*

Hjallastefnan

---

ÞJÓÐKIRKJAN

Biskupsstofa veitir söfnuðum þjóðkirkjunnar og öðrum kirkjulegum aðilum margvíslega þjónustu hvað varðar helgihald, fræðslu og kærleiksþjónustu. Enn fremur er veitt ráðgjöf og þjónusta á sviði fjármála, fasteignamála, starfsmannahalds og fleiri þátta er lúta að starfsemi framangreindra aðila.

# VERKEFNASTJÓRI

Biskup Íslands auglýsir eftir verkefnastjóra til að sinna innleiðingu nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, auk skyldra verkefna. Um er að ræða 100% starf sem er tímabundið til eins árs.

**Starfssvið:**
- Skoða og fara yfir verkferla er varða meðferð og vinnslu upplýsinga
- Gerð og skráning nýrra verkferla
- Verkefnastjórnun
- Samskipti og samvinna við þjónustuaðila og aðra starfsmenn
- Vinna við vinnsluskrár og skoðun vinnslusamninga
- Innleiðing nýrra reglna
- Fræðsla til starfsfólks
- Upplýsingagjöf, eftirfylgni og eftirlit

**Hæfniskröfur:**
- Lögfræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikil þekking á persónuverndarlögum og nýrri löggjöf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvuþekking
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

**Upplýsingar veita:**
**Inga S. Arnardóttir,** inga@hagvangur.is
**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**
**Launakjör verkefnastjóra taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

---




Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

# Spennandi störf í boði hjá VIRK



## Sérfræðingur í úrræðum

Óskum eftir að ráða kröftugan og lausnamiðaðan sérfræðing til starfa á rýnisviði VIRK. VIRK kaupir fjölbreytt úrræði af þjónustuaðilum um land allt og mun sérfræðingurinn starfa náið með verkefnastjóra úrræða. Starfið felur m.a. í sér mikil samskipti við þjónustusaðila auk stuðnings við ráðgjafa og sérfræðinga VIRK varðandi úrræðakaup.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón og eftirlit með úrræðum og þjónustuaðilum
- Samskipti og þjónusta við fjölbreyttan hóp innan og utan VIRK
- Samstarf við þverfagleg teymi
- Öflun og miðlun upplýsinga
- Skráningarvinna í nýju upplýsingakerfi VIRK
- Tölfræði- og greiningarvinna

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Metnaður, frumkvæði og fagmennska
- Mjög góð tölvu- og tæknikunnátta
- Þekking á vinnumarkaði og símenntun er kostur
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Rík kostnaðarvitund
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

## Atvinnulífstenglar

Óskum eftir að ráða tvo fjölhæfa og metnaðarfulla einstaklinga í starf atvinnulífstengils. Megináherslur í verkefnum atvinnulífstengils er að virkja fyrirtæki og stofnanir atvinnulífsins til að taka ríkan þátt í starfsendurhæfingu og auðvelda þannig einstaklingum endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mynda samband við og heimsækja fyrirtæki og stofnanir í þeim tilgangi að finna viðeigandi störf fyrir einstaklinga í starfsendurhæfingu
- Ráðgjöf við einstaklinga í þjónustu og aðstoð við atvinnuleit
- Samstarf við þverfagleg teymi og öflun og miðlun upplýsinga
- Framfylgja verkferlum, annast skráningu og skýrslugerð
- Veita fyrirtækjum sem ráða til sín einstaklinga í starfsendurhæfingu stuðning og samtvinna þannig starfendurhæfingarferlið við atvinnuþátttöku
- Umbóta- og þróunarstarf

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Metnaður, frumkvæði og fagmennska
- Hagnýt starfsreynsla og mjög góð þekking á vinnumarkaði
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Ástríða fyrir því að starfa úti í samfélaginu og vera á ferðinni
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Félagslyndi, frumkvæði og jákvætt viðmót
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt góðri tölvukunnáttu

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

**Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is**

**Upplýsingar veitir:**
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2018.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

ISO 9001 Quality Management | ÍST 85:2012 Equal pay management system

Framúrskarandi fyrirtæki

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018

VIRK 10 ára



# Hrafnista í Reykjavík

## Deildarstjóri – dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun

Hrafnista í Reykjavík leitar að áhugasömum einstaklingi til að stýra nýrri starfsemi og taka þátt í uppbyggingu dagdvalar fyrir skjólstæðinga með heilabilun. Deildin tekur til starfa í haust. Þjónusta dagdvalarinnar miðar að því að rjúfa einangrun skjólstæðinganna, gefa þeim kost á að umgangast jafningja, taka þátt í daglegum athöfnum og þjálfa hug og hönd eins og geta hvers og eins býður.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsnám er kostur
- Reynsla í að stýra verkefnum annarra
- Starfsreynsla á sviði dagdvalar er kostur
- Reynsla í að vinna með einstaklingum með heilabilun
- Færni í að fylgja málum vel eftir
- Góð kostnaðarvitund
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót

**Umsóknir berist fyrir 12. júlí á netfangið sigrun.stefansdottir@hrafnista.is, þar sem einnig má leita frekari upplýsinga.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.**

***Hrafnista*** *Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Garðabær | Nesvellir | Hlévangur*

das HRAFNISTA



# Sunnulækjarskóli

**Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður smíðakennara og textílkennara.**

Óskað er eftir smíðakennara í fulla stöðu og hlutastarf en textílkennara í hlutastarf.
Í skólanum eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.
Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is
Umsóknarfrestur er til 27. júní 2018 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2018.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

*Skólastjóri*

# Kjötsmiðjan ehf

**Aðstoðarmaður í framleiðsludeild óskast í fullt starf.**
**Vinnutíminn er frá 7:00-15:15.**
Áhugasamir hafið samband við Birgir í síma 557-8866 eða 894-4982 einnig má senda tölvupóst á birgir@kjotsmidjan.is

----------------------------------

**Bílstjóri óskast í fullt starf.**
**Vinnutíminn er 7:45-16:00**
Áhugasamir hafið samband við Birgir í síma 557-8866 eða 894-4982 einnig má senda tölvupóst á birgir@kjotsmidjan.is

----------------------------------

**Kjötiðnaðarmaður óskast í fullt starf.**
**Vinnutíminn er 6:00-14:15**
Áhugasamir hafið samband við Birgir í síma 557-8866 eða 894-4982 einnig má senda tölvupóst á birgir@kjotsmidjan.is

SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

*Skíðasamband Íslands (SKÍ) fer með sérgreinamálefni skíða- og snjóbrettaíþróttarinnar innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Skíðasamband Íslands er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra íþróttafélaga sem iðka, æfa og keppa í skíða- og snjóbrettaíþróttinni.*

*Tilgangur SKÍ er að hafa yfirstjórn á málefnum skíða- og snjóbrettaíþróttarinnar á Íslandi og vinna að eflingu hennar.*

*Nánari upplýsingar um SKÍ er að finna á* ***www.ski.is***

# Afreksstjóri Skíðasambands Íslands

Skíðasamband Íslands óskar að ráða afreksstjóra til að stýra og sjá um afreksmál skíða- og snjóbrettaíþróttarinnar á Íslandi.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Stefnumótun, markmiðasetning og aðgerðaráætlun í afreksmálum
- Samskipti við landsliðsþjálfara, landslið og fagteymi.
- Gerir starfs- og fjárhagsáætlun í samstarfi við nefndir og fylgir þeim eftir
- Skipuleggur ferðir landsliða og sér um fararstjórn eftir atvikum, ráðningu aðstoðarfólks í samstarfi við fagnefndir og landsliðsþjálfara
- Mælingar og greiningar landsliðsfólks í samvinnu við fagteymi SKÍ
- Veitir upplýsingar og starfar með stjórn, nefndum og aðildarfélögum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tök á íslensku og ensku máli, töluðu og rituðu

Um fullt starf er að ræða og starfsstöð er skrifstofa SKÍ á Akureyri

*Nánari upplýsingar veitir Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SKÍ, á netfanginu ski@ski.is.*
*Umsóknarfrestur er til og með 10.júlí 2018 og með umsókn þarf að fylgja ferilskrá.*
*Umsóknum skal skila á netfangið ski@ski.is*

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti villi@husasmidi.is**

## Forstöðumaður

Óskum eftir manni til að hafa forstöðu með litlu iðnfyrirtæki sem starfar á stórreykjavíkursvæðinu.
Viðkomandi þarf að geta hugsað og starfað sjálfstætt og mun hafa mannaforráð
Iðnmentun ekki skilyrði en kostur ef viðkomandi hefur reynslu eða innsýn í byggingariðnað.
Góð laun í boði.
**Upplýsingar í síma 897-8960 Valdimar**

## Efnaverkfræðingur

Rótgróið iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða efnaverkfræðing eða efnafræðing til framtíðarstarfa.

**Starfssvið:**
- Vöruþróun
- Tækniráðgjöf
- Samskipti við erlenda birgja
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Próf í efnaverkfræði eða efnafræði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslenskri tungu
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Vinsamlegast sendið umsóknir til Fréttablaðsins á hrannar@frettabladid.is **fyrir 1 júlí.**

MOSFELLSBÆR    Lágafellsskóli

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.
Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.
Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

**Laus störf til umsóknar:**

**Aðstoðarleikskólastjóri í Höfðabergi.** Viðkomandi ber ábyrgð á daglegri stjórnun leikskóladeilda skólans og skipulagningu uppeldisstarfsins, í samstarfi við skólastjóra. Um fullt starf er að ræða og felur starfið að hluta í sér kennslu á deild.

**Umsjónarkennarastaða á yngsta stigi,** tæplega 90% starfshlutfall.

**Umsjónarkennarastaða á miðstigi,** 100% starfshlutfall.

**Íslensku- og stærðfræðikennsla á unglingastigi,** 10 kest. í hvorri grein.

**Einnig viljum við ráða til starfa:**

**Skólaliða í Höfðaberg.** Vinnutími 07:50 - 13:00 (aðstoð, gæsla og létt ræsting)

**Frístundaleiðbeinendur** (hlutastarf) Vinnutími frá 13:00 -16:00/17:00. Möguleiki á að vinna einstaka daga.
Frekari upplýsingar um störfin má finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 7. júlí 2018.**

***Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.***

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

ReSource INTERNATIONAL

## UMHVERFISVERKFRÆÐINGUR / UMHVERFISRÁÐGJAFI

**Helstu verkefni:**
- Ráðgjöf og skýrslugerð
- Rannsóknir og þróun
- Verkefnastjórnun
- Viðskiptaþróun

**Hæfniskröfur:**
- BSc or MSc í umhverfisverkfræði, umhverfis- og auðlindafræði eða sambærilegt
- Þekking og/eða reynsla á skólphreinsistöðvum, lífgasi, úrgangsstjórnun, bókhaldi gróðurhúsalofttegunda (GHG) og lífsferilgreiningum (LCA)
- Samskiptahæfileika og reynslu í skýrslugerð á íslensku og ensku
- Þekking á Norðurlandamáli er kostur

## ENVIRONMENTAL LABORATORY TECHNICIAN

**Main responsibilities:**
- Daily laboratory analysis on microplastic samples
- Organization of the laboratory, working procedures, methods, etc.
- Analysis of organic material (biogas, compost, sludge, etc.)
- Reporting and data processing

**Requirements:**
- Experience in laboratory work and research projects
- Education in Chemistry, Microbiology, Biology or similar
- Good communication and reporting skills in English
- Icelandic and Scandinavian language skills is a plus
- Being capable of working autonomously and following work procedures

**ReSource International** er vaxandi fyrirtæki á sviði umhverfisverkfræði og -þjónustu.
Umsóknarfrestur er til **1. júlí 2018.** Sendið umsóknir á **job@resource.is**. **www.resource.is/career**

## Sveitarstjóri í spennandi starfsumhverfi

**Sveitarfélagið Skagaströnd auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra**

**Sveitarstjóri** hefur umsjón með daglegum rekstri sveitarfélagsins og ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar, hann hefur yfirumsjón með fjármálum, bókhaldi og áætlanagerð jafnframt því að hafa yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins, sem og starfsmannamálum. Sveitarstjóri starfar náið með sveitarstjórn, hann annast samskipti og upplýsingamiðlun við samstarfsaðila auk þess að annast undirbúning og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar. Starfið er afar fjölbreytt en sveitarstjóri er jafnframt hafnarstjóri Skagastrandarhafnar og er að auki framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

**Leitað** er að sjálfstæðum einstaklingi með leiðtogahæfni og frumkvæði til framkvæmda auk hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfnikröfur eru
- Menntun, sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking og reynsla á sviði fjármála
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Gott almennt talnalæsi og meðferð talna
- Kunnátta á notkun helstu tölvukerfa.

**Umsóknarfrestur** er til og með 2. júlí nk., gengið verður frá ráðningu fljótlega.

**Sveitarfélagið Skagaströnd er afar blómlegt sveitarfélag þar sem öll nauðsynleg þjónusta og nútíma þægindi eru til staðar, einnig gott tómstundar- og félagslíf í barnvænu umhverfi. Aðstoðað verður við útvegun húsnæðis er þörf verður á. Sjá nánar www.skagastrond.is .**

**Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588-3031 frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár og meðfylgjandi gögn til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst með tilkynningu um þátttöku.**

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

STRÁ

# Ert þú lipur penni í leit að skapandi starfi?

**Íslenska leitar að hæfileikaríkum og ástríðufullum texta- og hugmyndasmið til að sinna fjölbreyttum skrifum og hugmyndavinnu fyrir samfélagsmiðla, vefmiðla, sjónvarp, útvarp og prent.**

**Skapandi og skemmtilegt fólk leynist í hverju horni hússins og talsvert er um teymisvinnu. Oft eru margir boltar á lofti á fjörugum vinnustað.**

- Viðkomandi þarf að vera fljúgandi fær íslenskumanneskja, vera næm á blæbrigði tungumálsins og kunna að skrifa skýran, spennandi og hnitmiðaðan texta sem nær til fólks.
- Sá hinn sami þarf auk þess að vera afspyrnusnjall í ensku, jafnvel með háskólagráðu, því að vænn hluti vinnunnar fer fram á báðum tungumálum.
- Þá er yfirlestur drjúgur hluti starfsins og teljast nákvæmni og vandvirkni því ótvíræðir kostir.
- Þetta er starf fyrir hugmyndaríkan og skapandi textasmið sem getur unnið sjálfstætt en ekki síður sem hluti af sterku teymi á fjörugum og lifandi vinnustað.

*Umsókn sendist rafrænt á **starf@islenska.is** ekki síðar en 3. júlí 2018.*
*Allar umsóknir eru trúnaðarmál.*

*Íslenska hefur verið í fremstu röð íslenskra auglýsingastofa um árabil. Stofan hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga hér heima og erlendis og verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi mörg undanfarin ár. Hjá Íslensku starfa um 50 manns sem veita viðskiptavinum heildarþjónustu á sviði markaðsmála í skapandi, krefjandi og umfram allt skemmtilegu umhverfi.*

Íslenska

---




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88811 06/18

Laust er til umsóknar starf stöðvarstjóra Icelandair á Keflavíkurflugvelli.
Unnið er á dag- og næturvöktum.

**STARFSSVIÐ:**

- Dagleg umsjón og eftirfylgni flugafgreiðslu Icelandair á Keflavíkurflugvelli.
- Stjórn farþegatengdra aðgerða í Network Control Center Icelandair á Keflavíkurflugvelli.
- Aðstoð og ráðgjöf til afgreiðsluaðila Icelandair erlendis.
- Samskipti við erlend yfirvöld.
- Önnur tilfallandi verkefni innan sviðsins.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á flugvallarstarfsemi er nauðsynleg.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.
- Góð þekking og færni í tölvukerfum, Amadeus innritunar- og bókunarkerfi, Outlook, Word og Excel.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og samskiptahæfni.
- Reynsla af þjónustustörfum er æskileg.

Við leitum að áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu og skemmtilegu umhverfi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Guðmundur Ólafsson | gudmunduro@icelandair.is

\+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins **www.icelandair.com/is/um-okkur/storf-i-bodi/** eigi síðar en 3. júlí 2018.

ICELANDAIR

---

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Mótasmiðir óskast

Mótasmiðir óskast til starfa sem fyrst vegna aukinna verkefna fyrirtækisins. Nánari upplýsingar veitir Pétur Einarsson alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4437. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Eyktar. **eykt@eykt.is**

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400

---

Stofnun Árna Magnússonar
*í íslenskum fræðum*

## Sendikennari í íslensku við háskólann í Caen

Staða íslenskukennara við Caen-háskóla í Normandí er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2018. Ráðning er tímabundin til þriggja ára með möguleika á endurráðningu til jafnlangs tíma.

Krafist er MA-prófs í íslensku eða tengdum greinum. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið kennararéttindanámi og/eða hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað eða erlent mál. Nær eingöngu er um íslenskukennslu að ræða á BA-stigi en umsækjendur þurfa einnig að geta kennt íslenskar bókmenntir og fjallað um íslenskt samfélag. Æskilegt er að þeir hafi búið á Íslandi undanfarin ár. Kunnátta í frönsku er nauðsynleg. Mögulegt er að stunda framhaldsnám við skólann með kennslu.

Umsóknir, sem greini frá námi og störfum umsækjenda, ásamt skýrslu um ritsmíðar og rannsóknir, skulu sendar til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, stofu Sigurðar Nordals, pósthólf 1220, 121 Reykjavík, **fyrir 30. júní 2018.**

Nánari upplýsingar veitir Úlfar Bragason rannsóknarprófessor í síma 562 6050.

*Reykjavík 12. júní 2018*
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*

---

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

## RITARI ÓSKAST Í 50% STARF

Prentmet, Lynghálsi 1 í Reykjavík óskar eftir ritara til framtíðarstarfa í 50% starf. Vinnutími frá 13:00-17:00.

Starfið er aðallega fólgið í símsvörun, móttöku viðskiptavina og reikningagerð.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Óskað er eftir stundvísum og reglusömum aðila með framúrskarandi þjónustulund.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, s. 85 60 601, ingasteina@prentmet.is.

Atvinnuumsókn er á www.prentmet.is.

Umsóknarfrestur er til 4. júlí n.k.

Umbúðir · Almenn Prentun · Bækur · Límmiðar

S. 5 600 600 - www.prentmet.is



LEIKSKÓLAR
REYKJAVÍKURBORGAR

# ÉG VINN MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

**Leikskólastarfið er fjölbreytt og litríkt. Á hverjum degi sameinumst við um bjartari framtíð fyrir börnin og okkur.**

„Enginn dagur er eins og ég læri eitthvað nýtt á hverjum degi. Ég er bæði kennarinn og nemandinn. Þegar ég sé ánægða foreldra og glöð börn er það mér hvatning til að gera betur. Starfsumhverfið verður stöðugt betra og hlunnindi starfsins vega þungt. Samgöngustyrkur, sundkort, ókeypis aðgangur á söfn, heilsustyrkur og málsverðir gera leikskóla að aðlaðandi vinnustað ofan á allt annað. Uppbyggingin er í fullum gangi."

---

## LEIKSKÓLAR REYKJAVÍKURBORGAR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL AÐ STARFA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS

Við leitum að skapandi og áhugasömu fólki með margvíslega menntun, reynslu og þekkingu sem hefur áhuga á að vinna með ungum börnum.

Í boði eru störf í öllum hverfum borgarinnar.

Nánari upplýsingar eru á **www.reykjavik.is/laus-storf/sfs**

**VIÐ VINNUM MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf umsjónarmanns mannauðs- og launakerfis í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á launa- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess.
Hjá Kjaradeild starfa 29 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við umsjón á launa- og mannauðskerfi Reykjavíkurborgar. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með SAP mannauðs- og launakerfi auk undirkerfa og krefst vinnan skipulagshæfni og þekkingar á stórum fjárhagsupplýsingakerfum.

**Helstu verkefni:**
- Þróun, viðhald, eftirlit og bilanagreining mannauðs- og launakerfa
- Greining og úrvinnsla á launa- og mannauðsgögnum
- Skýrslu- og upplýsingagjöf til innri og ytri aðila
- Innsetning og viðhald launaforsendna
- Aðstoð við notendur

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á hugbúnaðarprófunum
- Þekking og reynsla af stórum fjárhagsupplýsingakerfum
- Reynsla af SAP æskileg
- Reynsla af framsetningu á mannauðs- og launaupplýsingum er kostur
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2018.**

Nánari upplýsingar veitir Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## B.Ó. SMIÐIR

**Ertu smiður eða hefurðu áhuga á byggingarvinnu?**

B.Ó. Smiðir ehf. eru að leita að smiðum og verkamönnum í framtíðarstarf vegna aukinna verkefna.
Verkefnastaða er víðsvegar um land, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

**Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is**

## HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

**Vegna aukinna verkefna erum við hjá Hópbílum hf. að leita að nýjum starfsmönnum til að aka rútunum okkar.**

**Starfshlutfall:** Fullt starf
**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst
**Hæfniskröfur:** Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1). Enskukunnátta mikilvæg. Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

***Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 5996014.***

# Eftirlitsmaður umferðar-mannvirkja



**Samgöngustofa leitar að einstaklingi með þekkingu á umferðar-mannvirkjum og stöðlum og reglum sem taka til slíkra mannvirkja.**
Leitað er að áhugasömum einstaklingi til að vinna hratt og örugglega að undirbúningi, skipulagningu, innleiðingu og eftirfylgni öryggisúttekta á samgöngumannvirkjum og stöðugu eftirliti með því að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 9. júlí 2018**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- BSc gráða í verkfræði eða skyldum greinum, eða nám sem meta má sambærilegt.
- Haldgóð þekking og reynsla á kröfum og stöðlum er varða umferðarmannvirki er kostur.
- Samskiptafærni og mikill áhugi á nýjum áherslum, innleiðingu nýrra ferla og öryggismálum umferðarmannvirkja.
- Reynsla og þekking á gæða- og öryggisstjórnunarferlum og þ.á.m. reynsla af úttektum og skoðunum.
- Leitað er að samviskusömum og jákvæðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gott viðmót og sýnir frumkvæði í starfi.

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa



## Héraðsskjalasafnið á Akureyri
## Forstöðumaður

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp.

Safnið starfar skv. Lögum nr. 77 / 2014 um opinber skjalasöfn og er hlutverk þess m.a.: Innheimta og varðveisla skjala frá opinberum aðilum og að hafa þau aðgengileg fyrir notendur í þeim tilgangi að tryggja réttindi og hagsmuni einstaklinga jafnt sem stjórnvalda. Leiðbeina um notkun skjala og veita upplýsingar úr þeim og greiða fyrir rannsóknum. Hafa eftirlit með og veita samþykki fyrir meðferð skjala hjá sveitar-stjórnum og öðrum skilaskyldum aðilum í héraðinu. Gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti og leitast við að afla einnig heimilda frá einstaklingum, félögum og einkaaðilum til að tryggja að heimildir um sögu héraðsins varðveitist.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Ábyrgð á rekstri og stjórnun Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.
- Starfsmannamál, fjárhags- og starfsáætlanagerð.
- Framkvæmd og framfylgni skjalamála og eftirlits sem kveðið er á um í fyrrgreindum lögum.
- Fagleg forysta í skjalamálum sveitarfélaganna á safnsvæðinu.
- Undirbúningur og skipulagning sýninga Héraðsskjalasafnsins.
- Samskipti og tengsl við viðskiptavini og samstarfsaðila fyrir hönd safnsins innan lands sem utan.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af skjalavörslu opinberra skjalasafna og skjalastjórn.
- Þekking á sögu jafnt sem stjórnsýslusögu héraðsins er kostur.
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun og rekstri.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.
- Góðir forystu-, skipulags-, og samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí 2018.**

Akureyrarbær

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# Hjúkrunarfræðingar

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings við Sjúkrahúsið Vog að Stórhöfða 45. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi. Næturvaktir eru hluti af starfinu en einnig kemur til greina að ráða hjúkrunarfræðing sem vinnur eingöngu næturvaktir. Staðan er laus frá 1. ágúst 2018.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Hjúkrun sjúklinga í afeitrun
Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis- og vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum

**Menntun og hæfniskröfur**

- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SFV og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík, merkt: *Hjúkrunarfræðingur* eða í tölvupósti á netfangið thora@saa.is eigi síðar en 1. ágúst 2018.

**Nánari upplýsingar veitir**
Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu Vogi í síma 530 7600, netfang: thora@saa.is

SÁÁ

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf verkefnastjóra gæðamála í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á launa- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess.
Hjá Kjaradeild starfa 29 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við gæðamál í tengslum við launavinnslu Reykjavíkurborgar.
Um er að ræða verkefni við gerð gæðahandbókar, viðhaldi hennar, innleiðingu, eftirfylgni ásamt innri úttektum og umbótaverkefnum tengdum gæðamálum kjaradeildar. Starfið felur einnig í sér verkefnastjórn í verkefnum á vegum deildarinnar.
Þátttaka í starfshópum, þróunarverkefnum og samstarfshópum fyrir hönd deildarinnar.
Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð.

**Helstu verkefni:**

- Mótun og uppbygging gæðamála launavinnslu kjaradeildar
- Umsjón með gerð, viðhaldi og þróun gæðakerfis innan launavinnslu
- Umsjón með gerð, viðhaldi og þróun vinnuhandbókar vegna launavinnslu
- Innleiðing gæðaskjala og verkferla
- Eftirfylgni og úrlausn ábendinga
- Innleiðing innri úttekta
- Fræðsla og þjálfun vegna gæðamála
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og gæðastjórnun
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2018.**

Nánari upplýsingar veitir Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



heilsuborg.is

# Heilbrigð sál í hraustum líkama

Viltu starfa á einstökum vinnustað?

## Íþróttafræðingar

Heilsuborg vill bæta við sig metnaðarfullum íþróttafræðingum. Annars vegar er um að ræða tvær 100% stöður, hins vegar leitum við að íþróttafræðingum til að sinna hóp- og einstaklingsþjálfun sem verktakar.

Við leitum að jákvæðum, lausnamiðuðum og samvinnufúsum íþróttafræðingum, því um er að ræða þverfaglegt og fjölbreytt starf. Reynsla af hópþjálfun er kostur. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 1. september.

Nánari upplýsingar veitir Bára Sigurbjörg Ólafsdóttir fagstjóri hreyfingar í Heilsuborg í síma 849-5453.
**Umsóknir sendist á bara@heilsuborg.is fyrir 1. júlí.**

## Starfsfólk í móttöku

Starfið felst í móttöku viðskiptavina sem sækja fjölbreytta þjónustu Heilsuborgar og samskiptum við þá, símsvörun og afgreiðslu símtala, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum í samráði við yfirmann. Í boði eru eftirfarandi vinnutímar:

- **Morgunhanar** vakt frá 5.45- 13.45
- **Dagvakt** 8-16 eða 9-17
- **Kvöld- og helgarvaktir** virk kvöld 16-21, laugard. 7-45-15.30, sunnud. 9.45-14.15

Við leitum að starfsfólki sem hefur reynslu af skrifstofustörfum og góða almenna tölvukunnáttu, býr yfir skipulagshæfileikum og á auðvelt með að hafa yfirsýn yfir verkefni sín. Sveigjanleiki, jákvæðni og vinnugleði eru mikils metnir eiginleikar, sem og sjálfstæði og frumkvæði í starfi, snyrtimennska og stundvísi. Það er kostur að hafa reynslu af því að vinna með Navision, Sögukerfið eða Gagna. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf eftir verslunarmannahelgi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Berglind Elva Tryggvadóttir þjónustustjóri Heilsuborgar í síma 860-1199.
**Umsóknir sendist á netfangið berglind@heilsuborg.is fyrir 1. júlí.**

**Heilsuborg** er sá staður sem fólk leitar til þegar það vill koma í veg fyrir heilsubrest, öðlast aukna vellíðan eða vinna með heilsuverkefni sem upp koma. Fyrirtækið er einstakt, enginn á Íslandi býður hliðstæða þjónustu.

Hjá Heilsuborg starfar samhentur hópur starfsmanna að því markmiði að bæta heilsu og lífsgæði viðskiptavinanna. Fagmennska og virðing eru höfð að leiðarljósi í starfseminni. Starfsumhverfið er frjótt og stöðugt er leitað nýrra leiða til að þjóna viðskiptavinum sem best. Allir sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi. Hjá Heilsuborg starfa m.a. hjúkrunarfræðingar, læknar, næringarfræðingar, félagsfræðingur, íþróttafræðingar, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar, og ástríðukokkur.

Heilsuborg hefur nýlega komið sér fyrir í nýju sérinnréttuðu húsnæði á Bíldshöfða 9. Starfsmenn eru um 90 talsins.

Bíldshöfði 9 / Höfðinn / 110 Reykjavík / Sími 560 1010 / heilsuborg@heilsuborg.is

Heilsuborg

UMHVERFIS
STOFNUN

# Tækifæri til náttúru-verndar í skipulagi

### Starf sérfræðings

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni með áhuga og góða þekkingu á umhverfismálum til að vinna að umsögnum til sveitarfélaga um skipulagsáætlanir. Í boði er krefjandi starf í þverfaglegu teymi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á samstarf og möguleiki er á að hafa áhrif á þróun starfs.

### Helstu verkefni

Helstu verkefni sérfræðingsins verða umsagnir um svæðis- og aðalskipulag sveitarfélaga skv. lögum um náttúruvernd svo og deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum. Jafnframt er gert ráð fyrir verkefnum er varða mat á umhverfisáhrifum sem og leyfisveitingar. Sérstök áhersla er á umbótaverkefni er varða aukna nýtingu stafrænna gagna og rafræna þjónustu.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og http://www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi

Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2018.



## Okkur vantar góðan lyfjafræðing í hópinn

Lyfjaver óskar eftir að ráða lyfjafræðing til starfa. Hjá Lyfjaveri starfar samhentur hópur lyfjafræðinga og annarra starfsmanna að fjölbreyttum verkefnum í krefjandi starfsumhverfi. Lyfjaver rekur apótek, vélskömmtun lyfja, lyfjaheildsölu og sinnir þjónustu við heilbrigðisstofnanir.

Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, skipulagður og geta unnið undir álagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2018.**

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895-3466 eða á alli@lyfjaver.is**

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

COSTCO WHOLESALE

GAKKTU TIL LIÐS VIÐ OKKUR!




# SJÓNTÆKJAFRÆÐINGUR

## Við viljum ráða annan sjóntækjafræðing í teymið okkar

**Í sjóntækjadeild Costco leggjum við áherslu á framúrskarandi þjónustu við meðlimi okkar og faglega ráðgjöf um allt sem viðkemur sjóntækjum.**
**Costco býður:**

- Samkeppnishæf laun
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Tækifæri til starfsþróunar á öllum sviðum vöruhússins

Ef þér finnst þetta vera rétta tækifærið fyrir þig, vinsamlegast sendu ferilskrána þína til:
**Ste McClay hjá sjóntækjadeildinni í Bretlandi**
**netfang: smcclay@costco.co.uk**

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hofsstaðaskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi
- Þroskaþjálfi

**Sjálandsskóli**
- Íslenskukennari á unglingastig
- Stuðningsfulltrúar
- Starfsmaður á tómstundaheimili
- Þroskaþjálfi

**Urriðaholtsskóli - leikskólastig**
- Deildarstjóri
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur
- Leikskólakennarar
- Ritari

**Leikskólinn Akrar**
- Leikskólakennarar – 50% og 100% staða
- Leikskólasérkennari

**Leikskólinn Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Starfsfólk með fjölbreytta menntun

**Leikskólinn Holtakot**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Starfsmaður í eldhús

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Leikskólasérkennari

**Leikskólinn Krakkakot**
- Leikskólakennarar

**Leikskólinn Lundaból**
- Leikskólakennari

**Sigurhæð – heimili fyrir fatlað fólk**
- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Efnaverkfræðingur

Rótgróið iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða efnaverkfræðing eða efnafræðing til framtíðarstarfa.

**Starfssvið:**
- Vöruþróun
- Tækniráðgjöf
- Samskipti við erlenda birgja
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Próf í efnaverkfræði eða efnafræði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslenskri tungu
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Vinsamlegast sendið umsóknir til Fréttablaðsins á hrannar@frettabladid.is **fyrir 1 júlí.**



BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

## Borgarbókasafnið – Verkefnastjóri miðlunar og sýningarhalds

# Viltu taka þátt í að móta bókasafn framtíðarinnar?

Laus er til umsóknar tímabundin 80% staða verkefnastjóra miðlunar og sýningarhalds til eins árs hjá Borgarbókasafninu. Borgarbókasafnið hefur markað sér metnaðarfulla framtíðarsýn og miklar breytingar eru í farvatninu, jafnt í miðlun sem og þjónustu við gesti. Viðburða- og sýningarhald í menningarhúsum Borgarbókasafnsins er í stöðugri þróun. Lögð er áhersla á alþýðumenningu, barnamenningu og fjölmenningu, með samveru, upplifun, miðlun og menningarlæsi að leiðarljósi.

Verkefnastjóri heyrir undir fræðslu- og miðlunardeild og vinnur þvert á allar starfsstöðvar Borgarbókasafnsins og hefur frumkvæði að og umsjón með sýningarhaldi og hönnun markaðs- og kynningarefnis.

Verkefnastjóri tekur virkan þátt í framkvæmd og þróun verkefna er tengjast stefnumótun Borgarbókasafnsins og því breytingaferli sem almenningsbókasöfn ganga nú í gegnum.

**Hæfniskröfur**
- háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi
- að lágmarki 2ja ára reynsla af verkefnastjórnun, grafískri hönnun og sýningarhaldi
- metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni, hugmyndaauðgi og sjálfstæði í starfi
- færni og geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum
- færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- góð almenn tölvukunnátta og mjög góð þekking á InDesign, Photoshop og hvers kyns nýmiðlun
- íslensku- og enskukunnátta sem nýtist í starfi og geta til að tjá sig í ræðu og riti, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur en ekki skilyrði
- mjög góðir skipulagshæfileikar og fagmennska í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um helstu verkefni og ábyrgð er að finna á innri vef Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst 2018.**

Upplýsingar um starfið gefur Guðrún Dís Jónatansdóttir, deildarstjóri fræðslu og miðlunar, gudrun.dis.jonatansdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí n.k.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**



## Lausar stöður við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru eftirfarandi kennarastöður lausar til umsóknar næsta skólaár. Ráðningartími er frá 1. ágúst 2018.

**Vélstjórnargreinar – heil staða**
**Rafiðngreinar - heil staða**

**Einnig vantar íslenskukennara í fullt starf á haustönn 2018 vegna afleysinga.**

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skila í tölvupósti til skólameistara á netfangið kras@fss.is eigi síðar en 9. júlí 2018. Leitað er að framhaldsskólakennara með menntun í viðkomandi fagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkissjóðs og KÍ skv. nánari útfærslu í stofnanasamningi skólans.
Tekið skal fram að skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008 er óheimilt að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.
Nánari upplýsingar má fá í síma 421-3100 eða í tölvupósti hjá Kristjáni Ásmundssyni skólameistara, kras@fss.is og Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara, gp@fss.is. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Á heimasíðu skólans, www.fss.is, má finna frekari upplýsingar og sjá myndir úr skólalífinu.

*Skólameistari*



# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is



# Fjármálastjóri eða grafískur hönnuður?

## Fjármálastjóri

H:N fjölskyldan er margar sjálfstæðar rekstrareiningar sem sameinast um fjármálaþjónustu. Við leitum að kröftugum einstaklingi til þess að leiða hópinn sem veitir þessum fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu. Við erum framsækin og byggjum fjármálaferlana okkar á rafrænni nálgun. Við erum sífellt að leita leiða til þess að nýta tæknina betur og ná aukinni skilvirkni og samtengingu á milli kerfa.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórnun og færslu bókhalds
- Greiningarhæfni
- Góð tæknileg þekking; færni í Excel
- Snerpa og nákvæmni
- Geta til að vinna undir álagi

## Grafískur hönnuður

Við störfum fyrir mörg stórfyrirtæki og leitum að metnaðarfullum grafískum hönnuði með ríka starfsreynslu. Hugmyndaríkum grafíker með framúrskarandi hæfileika og frjóa sköpunargáfu fyrir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Sjálfstæði og frumkvæði er mikilvægur eiginleiki en ekki síður hæfileiki til að vinna í kraftmiklum og glaðlyndum hópi sem fer sífellt stækkandi á frábærum stað í Bankastræti 9.

- Próf í grafískri hönnun
- Reynsla af hönnun
- Sjálfstæði til að framkvæma
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um störfin má finna á: hn.is/stofan/storf-i-bodi/
Umsóknir sendist á **atvinna@hn.is** fyrir 7. júlí.

H:N MARKAÐSSAMSKIPTI

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Patreksfjörður | 201806/1287 |
| Lögregluvarðstjóri | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Ísafjörður | 201806/1286 |
| Íþróttakennari | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201806/1285 |
| Sérfræðingur | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201806/1284 |
| Næringarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafj./Patreksfj. | 201806/1283 |
| Nýdoktor ranns. á sviði hreyfivís. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1282 |
| Kennari á sjúkraliðabraut | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201806/1281 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201806/1280 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201806/1279 |
| Kennari, uppeldisgr. og lífsleikni | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201806/1278 |
| Verkfræðingur í vaktakerfisráðgjöf | Landspítali | Reykjavík | 201806/1277 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, krabbameinslækningad. | Reykjavík | 201806/1276 |
| Sjúkraliði | Landspítali, móttökugeðdeild | Reykjavík | 201806/1275 |
| Sérfræðingur í hjúkrun aldraðra | Landspítali, öldrunarteymi | Reykjavík | 201806/1274 |
| Sérfræðingur í bráðahjúkrun | Landspítali | Reykjavík | 201806/1273 |
| Yfirlæknir | Landspítali, bráðalækningar | Reykjavík | 201806/1272 |
| Forstöðumaður rannsóknastofu | Landspítali/HÍ, bráðafræði | Reykjavík | 201806/1271 |
| Sérfræðingur í nýburalækningum | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201806/1270 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, öldrunarteymi | Reykjavík | 201806/1269 |
| Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi/félagsliði | Landspítali, móttökugeðdeild | Reykjavík | 201806/1268 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Jarðvísindadeild | Reykjavík | 201806/1267 |
| Yfirlæknir í krabbameinslækn. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201806/1266 |
| Eftirlitsmaður umferðarmannvirkja | Samgöngustofa | Reykjavík | 201806/1265 |
| Launafulltrúi | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201806/1264 |
| Kennari, íslenska | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201806/1263 |
| Kennarar, vélstjórnar- og rafiðngr. | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201806/1262 |
| Sjúkraflutn.- og umsjónamaður | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201806/1261 |


# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna


| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Starfsmaður til umsýslu sjóða | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1260 |
| Starfsmaður í æskulýðsteymið | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1259 |
| Starfsmaður í skólateymið | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1258 |
| Sérfræðingur | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1257 |
| Móttaka og símsvörun | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1256 |
| Mannauðs- og samskiptastjóri | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201806/1255 |
| Deildarstjóri | Háskóli Íslands, Lyfjafræðideild | Reykjavík | 201806/1254 |
| Forstöðulæknir bráðalækninga | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201806/1253 |
| Aðalvarðstjórar | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201806/1252 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201806/1251 |
| Verkefnastjóri | Biskupsembættið | Reykjavík | 201806/1250 |
| Tæknimaður | Landspítali, heilbr.-/upplýsingatækn. | Reykjavík | 201806/1249 |
| Sálfræðingur | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201806/1248 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201806/1247 |
| Sjúkraþjálfari | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201806/1246 |
| Verkefnisstjóri | Háskóli Íslands, Upplýsingatæknisvið | Reykjavík | 201806/1245 |
| Lyfjatæknir | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201806/1244 |
| Starfsmaður | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201806/1243 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201806/1242 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201806/1241 |
| Líffræðingur/lífeindafræðingur | Tilraunastöð HÍ að Keldum | Reykjavík | 201806/1240 |
| Kennari, spænska | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201806/1239 |
| Sérfræðingur | Matvælastofnun | Selfoss | 201806/1238 |
| Kennari, húsasmíði | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201806/1237 |
| Sérfræðingur, endurhæfingalækn. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201806/1236 |
| Aðstoðarskólameistari | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201806/1235 |
| Umsjón fasteigna | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201806/1234 |
| Heimavistavörður, stuðningsfulltr. | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201806/1234 |
| Mannauðs- og fræðslufulltrúi | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201806/1233 |

THE HÚSAVÍK WHALE Museum

# Hvalasafnið á Húsavík

## Framkvæmdastjóri óskast

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra Hvalasafnsins á Húsavík. Hvalasafnið er sjálfseignastofnun sem hefur það meðal annars sem markmið að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali og lífríki sjávar við Ísland. Hvalasafninu er ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins.

Á Hvalasafninu eru til sýnis margar grindur af hvalategundum úr Norður-Atlantshafi og miðlar safnið fræðslu um þær ásamt fróðleik um vistfræði hvala og nýtingu í sögulegu ljósi. Hvalasafnið er vinsæll áfangastaður ferðamanna á Norðurlandi og árlegur gestafjöldi er um 35.000, mest erlendir ferðamenn. Hvalasafnið er viðurkennt safn skv. safnalögum og markast starfsemi safnsins af því. Hvalasafnið er jafnframt meðlimur í Samtökum ferðaþjónustunnar, Markaðsstofu Norðurlands og Húsvíkurstofu.

Verksvið framkvæmdastjóra snýr að hinum ýmsu þáttum á Hvalasafninu. Auk umsjónar og ábyrgðar með daglegum rekstri og áætlanagerð þarf framkvæmdastjóri að geta sýnt frumkvæði og sveigjanleika í öllum helstu daglegu störfum á safninu, þ.m.t. afgreiðslustörfum, alþjóðlegu samstarfi, rekstri á minjagripabúð, samskiptum við opinbera aðila og ferðaskrifstofur og fasteignaumsjón.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og tengist ábyrgðarsviði safnsins
- Áhugi og þekking á hvölum, lífríki hafsins og safnastarfi
- Rekstrar- og bókhaldsþekking
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Lipurð í samskiptum
- Góð tölvu og tungumálakunnátta skilyrði

**Umsóknarfrestur er til 30. júní 2018.**
**Upplýsingar veitir Þorkell Lindberg Þórarinsson stjórnarformaður, lindi@nna.is og/eða Valdimar Halldórsson framkvæmdastjóri, valdimar@hvalasafn.is. Umsóknir berist á framangreind netföng.**

# Staða æskulýðsfulltrúa hjá Lágafellssókn, Mosfellsbæ

Lágafellssókn í Mosfellsbæ auglýsir lausa til umsóknar stöðu æskulýðsfulltrúa. Um er að ræða nýtt 100% starf, frá og með 1. ágúst 2018
Æskulýðsfulltrúi tekur þátt í mótun, skipulagningu og annast barna og æskulýðsstarf í Lágafellssókn.



Æskilegt er að æskulýðsfulltrúi hafi uppeldis-, leiðtoga-, djákna- eða guðfræðimenntun og/eða haldgóða reynslu sem nýtist í starfi. Jákvætt viðhorf til kirkjustarfs er forsenda fyrir velgengni í starfi. Umsækjandi þarf að geta sýnt frumkvæði og unnið sjálfstætt.
Með umsókn veitir umsækjandi Lágafellssókn heimild til að afla sakarvottorðs.

Nánari upplýsingar um starfslýsingu æskulýðsfulltrúa er að finna á heimasíðu Lágafellssóknar,
**www.lagafellskirkja.is**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rafn Jónsson, formaður sóknarnefndar í síma 896 8916 og/eða sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn, prestur safnaðarins, í síma 866 8947.

Umsóknir ber að senda rafrænt á netfangið:
lagafellskirkja@lagafellskirkja.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2018**

## Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti villi@husasmidi.is**

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Ýmis störf**

- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Verkefnastjóri stefnumótunar

**Grunnskólar**

- Aðstoðarforstöðumaður frístundar í Álfhólsskóla
- Aðstoðarforstöðumaður frístundar í Snælandsskóla
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Smáraskóla
- Frístundarstarfsmenn í Vatnsendaskóla
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Kársnesskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Vatnsendaskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Kennari í leiklist og/eða dans í Álfhólsskóla
- Sérkennari/þroskaþjálfi í Álfhólsskóla
- Skólaliði í Smáraskóla
- Stuðningsfulltrúi í Smáraskóla
- Tölvuumsjónarmaður í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólfsskóli
- Umsjónarkennari í miðstig í Vatnsendaskóla

**Leikskólar**

- Aðstoðarmaður í eldhús í Álfatúni
- Deildarstjóri í Baugi
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í Kópasteini
- Deildarstjóri í Læk
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Grænatúni
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Kópasteini
- Leikskólakennari í Læk
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Baug
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Kópasteini
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Sólhvörfum
- Starfsfólk í Núp
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

**Velferðarsvið**

- Forstöðumaður íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk
- Frístundaleiðbeinendur í félagsmiðstöðvum Kópavogs

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

LA LAUNAFL

*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð með um 100 manns í vinnu og þjónar viðskiptavinum sínum í flestum greinum sem lúta að iðnaði.*

## Gæða- og öryggisstjóri

Launafl ehf. (LA) auglýsir eftir gæða- og öryggisstjóra til starfa hjá félaginu.
Um er að ræða fullt starf. Mikilvægt er að umsækjandi tileinki sér öryggis- og gæðamál fyrirtækisins.

**Helstu verkefni**

- Viðhalda og þróa UHÖ (Umhverfi,Heilsa og Öryggi) stefnu fyrirtækisins
- Utanumhald á atvikaskráningum
- Eftirlit á vinnusvæðum
- Kynning og fræðsla innan fyrirtækis á gæða-og öryggismálum.
- Samskipti við eftirlitsaðila.
- Rekstur og þróun gæðakerfis.
- Greining á árangri í gæða- og öryggismálum.

**Menntun**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.
- Þekking á iðnaðarumhverfi og stóriðju er kostur.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tjáning í ræðu og riti.
- Tungumálakunnátta í íslensku og ensku er skilyrði.
- Góð tölvukunnátta. Þekking á excel og word.

**Umsóknarfrestur er til og með 12 júlí 2018.**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1 september 2018 eða eftir nánara samkomulagi.
Umsóknir skulu sendar á netfang magnus@launafl.is.

**Launafl ehf. – www.launafl.is – sími 414-9400.**

Blönduósbær

**Sveitarfélagið Blönduósbær auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að taka við starfi sveitarstjóra.**

# Sveitarstjóri

Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starfi. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og þarf einnig að eiga auðvelt með samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

**Starfssvið**

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn og byggðaráði.

Sveitarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda, situr fundi sveitarstjórnar, byggðaráðs og annarra nefnda eftir atvikum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjóri leiðir atvinnuuppbyggingu og eflingu atvinnulífs á svæðinu og önnur verk sem honum kunna að vera falin.

Nánari útlistun á hlutverki sveitarstjóra er að finna í 49. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Blönduósbæjar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er skilyrði.

Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og samskiptum er skilyrði.

Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.

Þekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er kostur.

Góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður til árangurs.

Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti.

Leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, örugga ákvarðanatöku og skipulögð vinnubrögð.

**Umsókn**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. ***Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018***

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur H. Jakobsson formaður byggðaráðs í síma 898 8489 og Rannveig Lena Gísladóttir forseti sveitarstjórnar í síma 893 0816. Umsókn skal skilað rafrænt á netfangið sveitarstjori@blonduos.is

Blönduósbær er vel staðsett sveitarfélag í alfaraleið með ríflega 900 íbúa. Spennandi framkvæmdir eru á döfinni og mikil tækifæri til uppbyggingar. Á Blönduósi er fjölskylduvænt samfélag með hátt þjónustustig og metnaðarfullt leik og grunnskólastarf. Möguleikar til útivistar, íþróttaiðkunar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir í sveitarfélaginu. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.blonduos.is

**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**

**Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfs-manna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## Vörubílstjórar – Gröfumenn – Verkstæðismaður

**Urð og Grjót ehf** óskar eftir vönum vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.
Óskum einnig eftir Gröfumönnum, bæði til skammtíma og langtíma.
Óskum einnig eftir verkstæðismanni í vinnu.

Áhugasamir hafið samband á urdoggrjot@urdoggrjot.is eða síma 660-0040.

RAFRÚN

## RAFVIRKI ÓSKAST !

Vanur rafvirki óskast til starfa.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á rafrun@rafrun.is

Gjótuhraun 8 - 220 Hafnarfjörður – 555 6060 – rafrun@rafrun.is

Kerhólsskóli
Grímsnes- og Grafningshreppur

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með um 70 nemendur á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma auka annarra fríðinda.

**Kerhólsskóli óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður:**

### Umsjónarkennara á yngsta stig.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til grunnskólakennslu.
- Reynsla af kennslu í grunnskóla æskileg.
- Reynsla af teymisvinnu.

### Sérkennara

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Heldur utan um öll sérkennslumál í báðum deildum og er kennurum til stuðnings varðandi nám og kennslu barna sem þurfa stuðning.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til kennslu í grunn- og/eða leikskóla.
- Menntun á sviði sérkennslu æskileg.
- Æskilegt að hafa reynslu af kennslu á báðum skólastigunum.
- Góða skipulagshæfileika.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Reynsla af teymisvinnu.

### Stuðningsfulltrúa og leiðbeinanda í frístund

Um er að ræða 40-100% stöður sem skiptist í að vera stuðningsfulltrúi ca. 60% og leiðbeinandi í frístund ca. 40%.
- Stuðningsfulltrúi starfar í nánu samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara.
- Leiðbeinandi í frístund vinnur eftir leiðsögn frístundarfulltrúa sveitarfélagsins.

**Vænst er af öllum umsækjendum:**
- Góðrar færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaðar og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð
**Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2018**

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri og Íris Anna Steinarrsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is

# ÚTBOÐ

## Byggingar á West-End svæði Keflavíkurflugvallar

### Rafkerfisbreytingar og endurbætur á lagna-og loftræsikerfum. Útboð nr. 20787

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Landhelgisgæslu Íslands, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við rafkerfisbreytingar í byggingum á West-End svæði Keflavíkurflugvallar og auk þess breytingar á lagna og loftræsikerfum í byggingum nr. 1760, 1776 og 1777. Með útboðsgögnum fylgir verkáætlun verkkaupa hvenær vinna getur hafist í byggingum, hvenær byggingar eiga að vera tilbúnar til notkunar eða í nothæfu ástandi og hvenær verklok eru. Í nokkrum byggingum verður verktaki að gera ráð fyrir takmörkuðu aðgengi að tilgreindum byggingum á ákveðnum tímabilum sbr. verkáætlun.

Fara þarf inn um vaktað hlið (Silfurhlið Isavia) til þess að komast á verkstað og skulu starfsmenn verktaka hafa aðgangsheimild inn á vinnusvæðið og fylgja öryggisreglum og fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands, Isavia og þeim reglum sem gilda á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Vettvangsskoðun verður haldin 27. júní 2018, kl. 10:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa. Nánari upplýsingar verða birtar á vef Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is**.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **31. mars 2020.** Útboðsgögn verða aðgengilega á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá og með þriðjudeginum 26. júní 2018. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 15. ágúst 2018, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kambalands í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 15. júní sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kambalands, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið afmarkast til suðurs og vesturs af Hringvegi (Suðurlandsvegi), til norðurs af Hamrinum og til austurs af núverandi byggð við Smyrlaheiði, Valsheiði, Kjarrheiði, Borgarhraun og Kambahraun. Tillagan felur í sér þéttingu byggðar á suðausturhluta Kambalands þannig að þar verði samtals 133 íbúðir í rað- og fjölbýlishúsum í stað 81 íbúðar í einbýlis-, par- og raðhúsum. Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofunni Breiðumörk 20 og er til sýnis frá og með mánudeginum 25. júní til mánudagsins 6. ágúst 2018. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til þriðjudagsins 7. ágúst 2018. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20 eða á netfangið: gfb@hveragerdi.is.

*Skipulagsfulltrúinn í Hveragerði.*




# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Grandaskóli. Múrviðgerðir utanhúss II áfangi 2018,** útboð 14281.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA 2008 - 2024

**Breyting á svæðisskipulagi Suðurnesja verkefnislýsing**

Lögð er fram til kynningar verkefnislýsing vegna breytinga á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingar felast í breyttri afmörkun vatnsverndarsvæða í Reykjanesbæ og nýs flugbrautarkerfis Keflavíkurflugvallar.

Verkefnislýsing er aðgengileg á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, á vefsíðu www.sss.is/svaedisskipulag og á vefsíðum sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til skrifstofu SSS eða á netfangið sss@sss.is. Æskilegt er að þær berist fyrir 20. ágúst 2018.

**Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja**
**Ólafur Þór Ólafsson, formaður**

Akraneskaupstaður VEITUR

# Kalmanstorg – Esjubraut Gatnagerð og veitur

**Akraneskaupstaður og Veitur ohf. óska eftir tilboðum í gatnagerð og lagnir við Kalmanstorg og í Esjubraut á Akranesi.**

Skila skal verkinu fyrir 30. nóvember 2018.

Um er að ræða endurgerð Kalmanstorgs ásamt gönguleiðum og stígum við torgið. Í Esjubraut austan Kalmanstorgs skal lagfæra ójöfnur í yfirborði götunnar og malbika báðar akbrautir. Gera skal nýja göngu- og hjólastíg að norðanverðu með götunni.

Fyrir Veitur ohf. skal endurnýja allar lagnir í Kalmanstorgi og lagnir með Esjubraut að norðanverðu.

Nokkrar stærðir:

| | |
|---|---|
| Malbik á götur og stíga | 5200 m2 |
| Steyptar stéttar | 800 m2 |
| Fráveitulagnir | 750 m |
| Kaldavatnslagnir | 380 m |

Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi 26. júní með því að senda tölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, þar sem fram kemur nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmer tengiliðs.

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar að Stillholti 16-18, 1. hæð, **fimmtudaginn 12. júlí 2018 kl. 11:05**.







Pipar\TBWA \ SÍA

**Kópavogsbær óskar eftir áhugasömum rekstraraðila til að taka að sér veitingarekstur í björtu anddyri íþróttamiðstöðvarinnar.**

Sá sem annast veitingarekstur þarf að:

- Bjóða upp á einfaldar og hollar veitingar sem henta starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar og samræmast lýðheilsustefnu sveitarfélagsins (s.s. salöt, safa, búst og samlokur).
- Hafa reynslu og hæfni til að sinna veitingarekstri.
- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera fær um að sinna fjölbreyttum hópi gesta.
- Vera tilbúinn til að þróa reksturinn í takt við starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar hverju sinni.

Íþróttamiðstöðin Versölum er opin alla virka daga kl. 6:30–22:00. Helgaropnun er tvískipt. Á sumrin kl. 8:00–20:00 en að vetri til kl. 8:00–18:00.

Í íþróttamiðstöðinni er að finna Salalaug, fimleikafélagið Gerplu og líkamsræktarstöð Reebok fitness. Árlega koma um 600.000 gestir í íþróttamiðstöðina. Rekstraraðili á jafnframt kost á að semja við Kópavogsbæ um þjónustu við starfsfólk og aðra sem njóta niðurgreiðslu á máltíðum.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili starfi með forstöðumanni Salalaugar að því að setja nýjan brag á veitingaþjónustu og ná til nýrra markhópa auk þeirra sem fyrir eru. Tekið er á móti öllum umsóknum með opnum huga.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Guðmund Halldórsson forstöðumann Salalaugar, fyrir 5. júlí, í gegnum netfangið: gudmundur.h@kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is




# Strandgata 31

**Verð frá**
**29.900.000 kr.**

Nýjar íbúðir í hjarta Hafnarfjarðar




Vilborg Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
891 8660
vilborg@domusnova.is




Vera Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali
866 1110
vera@domusnova.is

## OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN 23. JÚNÍ
OG
SUNNUDAGINN 24. JÚNÍ
**KL. 13-14**















Nýbýlavegur 8. - 200 Kópavogur - S: 527 1717 - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa

---

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
is www.gardatorg.is

**Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali**

## *Heildsala til sölu*

Rótgróin heildsala með snyrtivörur er til sölu.
Góð viðskiptasambönd.

Heildsalan er í eigin 118 fm húsnæði sem getur fylgt með í kaupunum. Verð á rekstri 55 millj, auk lagers.

Möguleiki að kaupa eða leigja húsnæðið.
Góð EBIDTA.

**Allar nánari upplýsingar veitir:**
**Sigurður Tyrfinsson löggiltur fasteignasali**
**sigurdur@gardatorgi.is**

---



Eggert Ólafsson
lögg. fast.
s. 893 1819
eggert@fasteignasalan.is

## Suðurgata 13 - efsta hæð - 101 Rvk.

**Opið hús mánudag 25. júní kl. 17:30 – 18:00**




**LAUS ÍBÚÐ Í MIÐBORGINNI - FALLEG OG BJÖRT EFSTA HÆÐ**
Falleg og björt 4ra herb., 91,5 fm. íbúð á 3. hæð í fjórbýlishúsi, í miðborg Reykjavíkur. Útgengt á svalir frá eldhúsi. Tvær stofur og tvö herbergi. Mögulegt að breyta annarri stofunni í herbergi. Endurnýjað frárennsli fyrir ca. 2 árum. Frábær staðsetning, þar sem stutt er í skóla, verslanir og þjónustu. **Verð: 46,5 millj.**

**Allar nánari uppl. veitir: Eggert Ólafsson, löggiltur fasteignasali**
**S: 893 1819, eggert@fasteignasalan.is**

---

## Holtsgata 41

**101 Reykjavík**



**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 24.júní kl. 15:30 – 16:00



Falleg 105 fm íbúð á efstu hæð
Þrjú rúmgóð svefnherbergi
Björt stofa m suðurgluggum
Ný eldhúsinnrétting,
mikið skápapláss
Gott útsýni

Verð : **52,5 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

**TRAUSTI** fasteignasala

**Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík**

## VIÐ ERUM TRAUSTI



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949



**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392



**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984



**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 869-4879



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985



**Styrmir Þór Sævarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 846-6568



**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837



**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124



**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779



**Gunnar Þórisson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 692-6226



**Garðar B. Sigurjónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255

## URRIÐAHOLT - GARÐABÆR



## MOSAGATA 4-18

**Hús nr. 4, 6, 8, 10, 12, 16 eru SELD!**

**SÖLUSÝNING SUNNUDAGINN 24. JÚNÍ KL. 15:30 - 16:00**

Reisuleg parhús í byggingu í Urriðaholtinu í Garðabæ. Húsin eru alls 227 fm. á tveimur hæðum, þar af er 40 fm. innbyggður bílskúr. Um er að ræða vel skipulögð fjölskylduhús.
Fjögur svefnherbergi, hjónaherbergi með sérbaðherbergi og fataherbergi, fjölskylduherbergi, samliggjandi eldhús, stofa og borðstofa. Frá stofu er gengið út 17 fm. svalir með útsýni.

Útgengt er á baklóð frá neðri hæð. Lofthæð er allt að 3,8 metrar. Gólfsíðir gluggar og glæsileg útilýsing meðfram húsunum. Eignin selst á byggingarstigi 5, þá tilbúið til innréttinga.
Bílastæði verður hellulagt og með hitalögn.

**Skilalýsing, söluyfirlit, teikningar og nánari upplýsingar veita Bryndís Bára í síma: 616-8985 eða á netfanginu bryndis@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl. og lögg. fasteignasali kristjan@trausti.is**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

## HELGAFELLSLAND - MOSFELLSBÆR



## UGLUGATA 11, 11A, 13, 13A

**SÖLUSÝNING SUNNUDAGINN 24. JÚNÍ KL. 14:00 - 14:30**

Einstök parhús í byggingu á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Helgafellshverfi.
Húsin eru 192 fm. á tveimur hæðum, þar af 26 fm. innbyggður bílskúr. Um er að ræða vönduð fjölskylduhús með fimm svefnherbergjum, tveimur stofum, samliggjandi eldhúsi og borðstofu. Frá stofu er gengið út á svalir með einstöku útsýni.
Eignin selst á byggingarstigi 5, tilbúin til innréttinga. Afhending fyrstu tveggja íbúðanna verður í júlí 2018. Möguleiki er á að fá íbúðirnar skemur komnar. Byggingaraðili er Deshús ehf.
Staðsetning er í nálægð við náttúru og víða eru fallegar gönguleiðir. Nýr og glæsilegur skóli, Helgafellsskóli, rís í hverfinu og fyrsti áfangi verður tekinn í notkun í byrjun 2019.

**Skilalýsing, söluyfirlit, teikningar og nánari upplýsingar veita Bryndís Bára í síma 616-8985 eða á netfanginu bryndis@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl. og lögg. fasteignasali, kristjan@trausti.is**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

## SUÐURGATA 24A – 580 SIGLUFJÖRÐUR



Vel skipulögð og sjarmerandi 78,8 fm. 4ra herbergja íbúð með afgirtri timburverönd. Eignin er með einstöku útsýni á eftirsóttum stað á Siglufirði í Fjallabyggð. Leyfi er fyrir heimagistingu og hefur íbúðin skilað af sér góðum leigutekjum. Eignin skiptist í forstofu, borðstofu, setustofu, eldhús með borðkrók og baðherbergi. Hæð í risi er með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum. Þvottahús, þurrkherbergi og geymslu í sameign á jarðhæð. Á lóð hússins er einkabílastæði, garður og suður timburverönd. Eignin lítur vel út og hefur fengið gott viðhald. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu á síðustu árum. Húsið var ástandsskoðað 2017 án athugasemda. Möguleiki er að kaupa allt innbú með.

Bókið skoðun hjá Bryndísi í síma 616-8985.
**Verð: 13.9 millj.**

Allar frekari upplýsingar veita Bryndís Bára í síma 616-8985 eða á netfanginu bryndis@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl. og lögg. fasteignasali kristjan@trausti.is



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

## SUÐURGATA 6 – 580 SIGLUFJÖRÐUR




Húsið er skráð 496 fm. með þremur eignarhlutum með sama fastanúmeri. Skipulag hússins býður upp á að gera nýjan eignaskiptasamning, hver eignarhlutur væri þá með sitt fastanúmer. Bílskúr skráður 40 fm. er með rafmagni, heitu og köldu vatni. Steyptar tröppur eru að baklóð hússins sem er að hluta til afgirt. Húsið stendur á viðskipta- og þjónustulóð. Húsið er að mestu í útleigu og hefur gefið af sér góðar leigutekjur. Eignin skiptist í jarðhæð 191,7 fm. sem er með þrjú verslunarrými. Hvert bil er með sérinngangi. Á fyrstu hæð er 4ra herbergja nýlega innréttuð 147,5 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi að aftanverðu. Á annarri hæð er 120,7 fm. fimm herbergja íbúð með sér forstofugang frá 1. hæð að aftanverðu. Íbúðin er tilbúin til innréttingar.

**Seljendur óska eftir tilboði.**

Allar frekari upplýsingar veita Bryndís Bára í síma 616-8985 eða á netfanginu bryndis@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl. og lögg. fasteignasali kristjan@trausti.is



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

**Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Ólafur | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI |

**OPIÐ HÚS › 25. júní 17:30 – 18:00**



## Kirkjubraut 9

170 SELTJARNARNES

STÆRÐ: 60 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3-4

Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu, Geymsla: Er í risi hússins, gengið uppá það úr íbúð, þvottahús er staðsett á jarðhæð.

*Heyrumst*
**Halldór › 618 9999** — **35.500.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**BÓKIÐ SKOÐUN**



## Skeiðarás 8

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 201,5 fm | IÐNAÐARHÚS | HERB: 3

Snyrtilegt ný málað og mikið endurnýjað iðnaðarhús. Húsnæðið skiptist í sal, með innkeyrsluhurð, sem er 151,1 m2 og eru gluggar í enda rýmisins. Lóð er malbikuð og hiti er í plani.

*Heyrumst*
**Halldór › 618 9999** — **43.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 27. júní 17:45 – 18:15**







## Flesjakór 11

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 247 fm | PARHÚS | HERB: 6

LIND fasteignasala kynnir:

Sérstaklega falleg eign á flottum stað með frábæru útsýni. Aukaíbúð með sérinngangi á jarðhæð. Útleigumöguleikar. Samtals fjögur svefnherbergi. Aukin lofthæð á efri hæð. Mjög rúmgóður vel útbúinn bílskúr.
Eignin er stærri en uppgefnir fm segja til.

*Heyrumst*
**Bjarni › 662 6163** — **89.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 25. júní 17:30 – 18:00**







## Breiðavík 2

112 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 120 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Laus fljótlega. Falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð með sérinngangi, sérverönd til suðurs ásamt bílskúr og sér bílastæði.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** — **48.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali







## Bæjarlind 7-9

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 98-162 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2-4

LIND fasteignasala kynnir:

Nýjar íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi að Bæjarlind 7-9. Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítð.

Hér má skoða sýningaríbúð:
https://my.matterport.com/show/?m=KzadjNpcHRX.

Tveggja til fjögurra herbergja íbúðir

**Afhending við kaupsamning.**

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** — **Verð frá 46M KR**
Löggiltur fasteignasali







## Sandavað 5

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 121,6 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 5

Fimm herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Gott skipulag og stórar svalir.

*Heyrumst*
**Stefán › 892 9966** — **54.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 25. júní 17:30 – 18:00**







## Hrauntunga 95

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 214,3 fm | RAÐHÚS | HERB: 4

Gott raðhús í rótgrónu hverfi í Kópavogi. Húsið er á tveimur hæðum, 4-5 svefnherbergi, tvö baðherbergi. Fallegt útsýni og möguleg útleiga.

*Heyrumst*
**Kristján › 696 1122** — **79.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# Life-flo fyrir aukna vellíðan

**Er líkaminn undir miklu álagi, ertu með þreytta vöðva, færðu vöðvakrampa eða vantar þig góða slökun? Í Life-flo er magnesíum í aðalhlutverki. Áhrifarík samsetning sem bætir heilsuna.**

Life-flo er ný vörulína sem inniheldur mikið af virkum efnum sem stuðla að aukinni vellíðan. Life-flo inniheldur meðal annars magnesíumklóríð sem kemur frá fornum sjávarbotni þekktum undir nafninu Zechstein Sea og liggur við Hollandsstrendur. Magnesíum frá þessum stað er þekkt fyrir einstök gæði.

**Life-flo býður meðal annars upp á:**

- Magnesíumflögur í baðið fyrir góða slökun
- Milda sturtusápu
- Magnesíum sápustykki
- Magnesíum sport roll-on sem hentar frábærlega í íþróttatöskuna
- Magnesíum fótasprey sem inniheldur einnig piparmintuolíu og eucalyptus sem er einstaklega kælandi og róandi
- Magnesíum og Cramp bark fótakrem, þessi samsetning er sérstaklega áhrifarík og hönnuð til að hjálpa vöðvunum að slaka á, virkar því vel á fótapirring og sinadrátt

Þórólfur Ingi Þórsson, Íslandsmeistari í 10.000 m hlaupi og margfaldur Íslandsmethafi í 40-44 ára flokki, mælir með vörum frá Life-flo. „Vöðvaslakandi kremið, Magnesíum og Cramp bark frá Life flo, er virkilega gott. Ég ber kremið á fæturna kvölds og morgna og finn mjög mikinn mun á endurheimt milli æfinga. Það sem mér líkar einstaklega vel er að það veldur ekki kláða eins og getur gerst með magnesíum úða,“ segir hann.

Life-flo vörulínan fæst í verslunum Heilsuhússins, Apótekinu og á Lyfja.is

> Vöðvaslakandi kremið, Magnesíum og Cramp bark frá Life-flo, er virkilega gott. Ég ber kremið á fæturna kvölds og morgna og finn mjög mikinn mun á endurheimt milli æfinga. Það sem mér líkar einstaklega vel er að það veldur ekki kláða eins og getur gerst með magnesíum úða.




Magnesíum og Cramp bark krem. Magnesíum roll-on á auma vöðva. Magnesíum sturtusápa. Magnesíumflögur í baðið fyrir góða slökun.



Þórólfur Ingi Þórsson, Íslandsmeistari í 10.000 m hlaupi, og margfaldur Íslandsmethafi.

# Betri upptaka og virkni með KAL

**KAL ActivMelt er ný bætiefnalína frá hinum þekkta framleiðanda KAL. Þetta eru bragðgóðar munnsogstöflur. KAL bætiefnalínan kemur frá Kaliforníu og á rætur að rekja til ársins 1932.**

Vítamín og steinefni gegna mikilvægu hlutverki í allri líkamsstarfsemi. Sumir eiga mjög erfitt með að kyngja töflum eða hylkjum, til dæmis margt eldra fólk. Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti hjá Heilsu, segir að upptaka líkamans á munnsogstöflum sé oft mun betri en í steyptum töflum eða hylkjum. „Munnsogstöflurnar henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum,“ segir hún.

**Góð form og áhrifaríkar blöndur**

KAL býður nokkrar tegundir vítamína. Þar má nefna KAL B12 sem inniheldur tvenns konar form B12-vítamíns. Það eru methyl- og adenosylcobalamin. „Þessi blanda hentar vel öllum sem þurfa að taka inn B12 en þau styðja m.a. vel við efnaskiptin í líkamanum og orkuvinnslu,“ segir Ösp.

Frá KAL má einnig finna blöndu D3- og K2-vítamína. Þau vinna vel saman og eru til dæmis bæði mjög mikilvæg fyrir heilbrigði beina og æða. „Sífellt fleiri rannsóknir sýna fram á sterk tengsl milli K2 og D3 og hversu mikilvægt K2 er til að upptaka og nýting á kalki verði sem best. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á nauðsyn K2 til að fyrirbyggja æðakölkun,“ útskýrir Ösp. „Með munnsogstöflunum fæst betri upptaka og meiri virkni,“ segir hún.



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.




> Munnsogstöflur henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum.

Kal ActivMelt fæst í verslunum Lyfju og í Heilsuhúsinu.

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**TILBOÐ 1990Þ.!!!**
TOYOTA AURIS STW ACTIVE. Árgerð 12/2013, ekinn aðeins 48þ.km, bensín, sjálfskiptur. Dýrari útfærslan með stóra skjánum! Tilboðsverð aðeins 1.990.000. Rnr.441146. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717.



**7 MANNA - SJÁLFSKIPTUR!**
MAZDA 5, sjálfskiptur 7 manna. Árgerð 2012, ekinn aðeins 70þ.km. , flott eintak og sniðugur bíll. Verð 2.470.000. Rnr.441147. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi, s:562-1717.



Vorum að fá fullt nýjum hjólhýsum í mörgum litum og stærðum,á staðnum. Verð frá aðeins 1.990.000.- 100 % lán mögulegt.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
VW Golf 1.6 Dísel Comfortline. Árgerð 2018, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.136950.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

BRAUT BÍLASALA



FENDT Tendenza 515 SG Árgerð 2018 Nýtt og ónotað stórglæsilegt hús á frábæru verði ásett verð/ skiptiverð 5.380.000.- Tiboðsverð Staðgreitt kr4.790.000.-Rnr.105777 Braut Netbílasala frítt að skrá vantar bíla á skrá mikil sala bilabraut@ bilabraut.is

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Ford Expedition Limited EL V8 Ekinn 94.000 km. Einn eigandi. Topp bíll. Uppl. S. 8400470

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Fjórhjól




## Bílaþjónusta

VAKA
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA
ALLAN SÓLAHRINGINN
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

GEIRSVERK
Almenn Lóðavinna
S: 691 7515

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600



Bryndís
GSM: 773 7400

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



**IÐNAÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Vagnhöfði 17

Einstök leigubil

Tvö stærri leigubil eftir, 235-244 m²
með 4 m iðnaðarhurðum, góðum bílastæðum og útisvæði.

s. 776 8484 – siggahrund@gmail.com

plettac distribution



FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ
SALA OG LEIGA

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**Jarðvinna**
**Drenlagnir**
**Skólplagnir**
**Lóðavinna**
**Gerum tilboð**
**S & H ehf**
**Uppl. í s: 823-7473**

Smíðum glugga og fög, lagfæringar og viðgerðir fyrir húsfélög, verktaka og einstaklinga S. 899 4049

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

# Glæsilegur Range Rover







**Range Rover Vouge V8 Diesel**
Ekinn 137 þ. km sjálfskiptur, hlaðinn aukabúnaði, krókur og fleira.
Verð 13.800.000 **HM verð 12.900.000**
Raðnúmer á bilasolur.is 203610

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú). Upplýsingar í síma 776 7600

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMA-STARFINU?

Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

**TIL SÖLU VATNSDÆLA.**
Til sölu lítið notuð borholudæla SP8A-18 4" 3x400V 3kW frá Ísleifi Jónssyni, ásamt Altivar 61 hraðabreyti. Hentar vel fyrir vatnsveitu.
Dælan er nýlega yfirfarin.
**Uppl. í s. 840 0470**

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

STIGA



Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga

**KRANI TIL LEIGU**
Sjálfuppreisanlegur krani til leigu. Uppl. í s. 773 3376

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 25/6, 23/7, 3/9, 1/10, 29/10, 26/11. 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 28/5: 4weeks/ vikur x 5 days/daga. 2-6 students/ nem. Morn/Aftern/Evening.Morgna/ Síðd/Kvöld. www.iceschool.is - ff@ icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

### Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Vantar duglegt sölufólk til að selja USB Lykil sem á er trúarleg bók. Sölulaun 50% eða 5.000 kr fyrir hverja sölu. Upplýsingar í síma 776-4111

Zinkstöðina Hafnarfirði vantar starfkraft til framtíðarstarfa. Íslenskukunnátta skilyrði og lyftarapróf væri gott. Uppl. gefur Ragnar í s. 896-5759

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

## viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



íshúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

## LOK Á HEITA POTTA



**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is




Þrjár nýjar glútenfríar brauðtegundir mættar frá Schar, stútfullar af hollustu. Fást í heilsubúðum og heilsuhillum matvöruverslana.




Pan Rustico
Pan Multigrano
Pan Blanco

Schär

Bestir í glútenfríu


Þóra Hilmarsdóttir og Snjólaug Lúðvíksdóttir dýfðu sér í myrkustu kima internetsins í þróun handrits nýrrar kvikmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**SMÆSTU ATRIÐI VEKJA OFSAKENNDAR TILFINNINGAR OG REIÐI Í SVONA HÓPUM. TIL DÆMIS BARA ENDURGERÐIN Á GHOSTBUSTERSMYNDINNI MEÐ KONUM Í AÐALHLUTVERKI SETTI ALLT Á HLIÐINA.**

# Kvenhatur & kapítalismi

Þóra Hilmarsdóttir kvikmyndaleikstjóri og Snjólaug Lúðvíksdóttir handritshöfundur þróa handrit kvikmyndar í fullri lengd sem er byggð á skáldsögu Steinars Braga, Konur.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Þóra Hilmarsdóttir og Snjólaug Lúðvíksdóttir hitta blaðamann á nýlegum hótelbar í miðborginni við gömlu höfnina í Reykjavík.

Þær eru langt komnar í þróun handrits fyrir fyrstu kvikmynd Þóru í fullri lengd, byggðu á skáldsögunni Konur eftir Steinar Braga.

Skáldsögunni hefur verið lýst sem nokkurs konar samtímahryllingssögu. Aðalsöguhetjan er ung listakona sem snýr til Íslands eftir margra ára dvöl í Bandaríkjunum. Henni býðst að búa í glæsiíbúð í miðborg Reykjavíkur. Íbúðin og byggingin er búin nýjustu tækni, eftirlits- og öryggisbúnaði.

Íbúðin verður fangaklefi hennar. Þar er hún hlutverk í listaverki eftir samtímalistamanninn Novak en verk hans snýst um að setja konuna aftur á sinn rétta stað.

„Við erum á handritastigi," útskýrir Þóra. „Við erum komnar með tvo af þremur handritastyrkjum Kvikmyndamiðstöðvar og komnar með grænt ljós," segir hún.

Þóra las bókina eftir hvatningu frá Snjólaugu.

„Ég sá hana heima hjá henni og Snjólaug sagði við mig: Lestu hana, hún verður góð bíómynd. Ég gerði það. Las hana og var vakandi í heila nótt," segir Þóra.

„Þú fékkst bara æðiskast og varðst ákveðin í að gera þessa mynd," segir Snjólaug við Þóru.

„Já, ég varð að gera þessa mynd," svarar Þóra. „En rétturinn var annars staðar, það var hindrun í veginum. Ég gerðist næstum eltihrellir Steinars Braga," segir Þóra.

„Hún er einkabarn, hún kann ekki orðið nei. Það er ekki til," útskýrir Snjólaug.

„Já, það er rétt. Það voru svo mörg skipti sem ég hefði getað gefist upp. Ég er mjög ánægð að ég gerði það ekki því nú er kvikmyndin í sjónmáli," segir Þóra.

*Hvernig leið ykkur eftir að hafa lesið þessa bók?*

„Hún er mjög ljót. Grimm," segir Snjólaug. „Það eru hins vegar mörg þemu sem ég tengi við. Kvenhatrið, kapítalismann og gróðahyggjan og þrautseigjan í aðalkarakternum þótt allt sé á móti henni. Hún er líka svo sjónræn og falleg. Maður sér hana svo fyrir sér," segir hún.

Þóra segist hafa orðið reið eftir lesturinn. „Já, maður verður reiður. Þetta skiptir mann svo miklu máli. Þessi




kona sem er hlutgerð í kapítalísku umhverfi. Þetta er svo fullkomlega andfemínískt að það snýst upp í andstæðu sína. Svipað og í The Handmaids Tale eftir Margaret Atwood. Svo er þetta flotta tvist að hún er í raun föst í listaverki. Hún er kvenlíkami sem sýningargripur í listaverki sem er byggt af kapítalískum brjálæðingum," segir Þóra.

Þóra útskrifaðist úr Central Saint Martins árið 2012 og segir listmenntun sína góðan grunn fyrir kvikmyndina. „Ég kem úr listaháskóla en ekki bara kvikmyndaskóla. Í rauninni hentar þetta verkefni mér fullkomlega, ég hef alltaf viljað fjalla um list í kvikmynd. Mörk listarinnar eru annað þema myndarinnar, hversu langt myndir þú ganga fyrir hið fullkomna listaverk?"

Þóra og Snjólaug hafa unnið mikið saman. Þær eru vanar því að leggjast í heimildavinnu í þróunarvinnu og handritaskrifum og í þetta sinn fylgdust þær með réttindahreyfingum karla og ýmiss konar boðskap karla um konur.

„Við erum búnar að vera með Jordan Peterson á heilanum," segir Snjólaug. „Hann hjálpar örugglega mörgum að taka ábyrgð á eigin lífi og það er gott mál. En svo hafnar hann því líka að feðraveldið sé til og að hvítt fólk njóti forréttinda. Stór hópur aðdáenda hans er sammála honum í því og dáist að því hvað hann er hugrakkur að segja svokölluðum réttlætisriddurum að fokka sér. Sá vinkill finnst okkur áhugaverður í rannsóknarskyni.

Skáldsagan fjallar um kvenhatur og við viljum tengja það inn í nútímann svo við dýfðum okkur ofan í myrkustu kima internetsins og fundum alls konar karlahreyfingar, eins og Incelhreyfinguna til dæmis, þar sem hatur á konum er svakalegt og femínismi er rót alls hins illa í heiminum," segir Þóra sem segir þeim Snjólaugu hafa brugðið.

„Sumir þessir karlahópar boða gamaldags hugsanir. Vilja endurmóta konuna eftir sínu höfði. Sem er einmitt það sem er að koma fyrir Evu, aðalpersónuna okkar," segir Snjólaug.

„Smæstu atriði vekja ofsakenndar tilfinningar og reiði í svona hópum. Til dæmis bara endurgerðin á Ghostbustersmyndinni með konum í aðalhlutverki setti allt á hliðina. Það fannst sumum körlum hreinlega eyðileggja æsku þeirra," segir Þóra.

„Samfélagsmiðlar leika stórt hlutverk. Á síðustu tíu árum hafa myndast fylkingar á samfélagsmiðlum sem er áhugavert að skoða og sumir þessara karlahópa boða gamaldagshugsanir. Vilja endurmóta konuna eftir sínu höfði. Sem er galið. Þeim finnst konur krefjast of mikils, vera plássfrekar og svo virðist vera að alltaf þegar konur komast eitthvað áfram þá verði bakslag," segir Snjólaug.

*Hvernig líður ykkur í heimildaöfluninni?*

„Maður fer svolítið skarpt niður," segir Snjólaug. „En á móti gefur aðalsöguhetjan Eva von, því hún er svo viljasterk," segir hún.

„Já, hún er í martröð allra kvenna en heldur samt áfram. Hún berst til síðustu stundar. Við sjáum svolitla von þar," segir Þóra.

Stór hluti miðborgarinnar við hafnarsvæðið er byggingarsvæði og ótal kranar teygja sig til himins. Mikill fjöldi verkamanna vinnur hörðum höndum að því að reisa lúxushótel og byggingar. Nýtt góðæri virðist í uppsiglingu. Skáldsaga Steinars Braga fékkst við kapítalisma og góðæri. Vísa þær Snjólaug og Þóra í góðæri samtímans?

„Já. Kvikmyndin gerist árið 2018. Sögusvið bókarinnar er árið 2007. Þá voru það bankarnir, nú er það túrisminn. Og eins og þá verða einhverjir undir. Mannslíf verða minna virði og það er eitt viðfangsefna okkar í myndinni," segir Snjólaug.

*Hver eru næstu skref hjá ykkur?*

„Við höldum áfram að þróa handritið á meðan framleiðendur okkar hjá True North og Mystery setja þetta inn á planið og sækja fjármagn," segir Þóra. „Það tekur alltaf sinn tíma að safna fjármagni, sérstaklega á Íslandi. Þolinmæði er dyggð í kvikmyndaiðnaði. Það er erfitt að bíða. Ég held ég muni aldrei venjast því Ég reyni því oftast að hafa nokkra hluti í gangi til að berjast við óþolinmæðina," segir Þóra.

Þóra og Snjólaug hafa unnið mikið saman síðustu ár. Snjólaug lærði handritsgerð í London. Þær unnu meðal annars saman stuttmyndirnar Sub Rosa og Frelsun. Þegar blaðamaður ræðir við þær eru þær á leiðinni á kvikmyndahátíð í Palm Springs að sýna Frelsun.

„Við getum ekki beðið, Mjög leiðinlegt að fara úr þessu veðri," segir Snjólaug og hlær.

„Gott fyrir þetta myrkrateymi að fara í sólina. Fáum okkur kokteil í lækningaskyni og komum til baka með einhverja grínmynd," segir hún.

# ego dekor

## MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU



JERSEY HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 316X210/165cm - Verð: 295.000,-
Stærð: 381X210/165cm - Verð: 340.000,-
HÖFUÐPÚÐI - Verð: 12.900,-



CLEO TUNGUSÓFI
Stærð: 278X172cm
Verð: 229.000,-



CLEO 3JA SÆTA SÓFI
Breidd: 221cm
Verð: 159.900,-



STÆKKANLEGT BORÐ - HNOTA
Stærð: 160(248)X100cm - Verð: 199.000,-
Stærð: 200(288)X110cm - Verð: 219.000,-



SÓFABORÐ ROUND
HNOTA Stærð: 90X90cm
Verð: 59.900,-



DELTA STÓLL
Verð: 19.900,-



KENDALL STÓLL
Verð: 58.000,-



CIRO STÓLL
Verð: 24.500,-



AVERY STÓLL
Verð: 29.900,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: Lokað.

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

# Skrifar um grimmd gegn konum

Glæpasagnahöfundurinn **Lilja Sigurðardóttir** sendir frá sér nýja bók í haust þar sem hún fjallar um hið pólitíska andrúmsloft og þá hörðu gagnrýni sem konur í stjórnmálum verða að þola. Lilja hlaut nýlega íslensku glæpasagnaverðlaunin.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Lilja Sigurðardóttir hlaut á dögunum Blóðdropann, Íslensku glæpasagnaverðlaunin, fyrir Búrið, sem er lokabindið í glæpasagnaþríleik hennar um Sonju, einstæða móður sem leiðist út í eiturlyfjasmygl. Lilja er tilnefnd til bresku glæpasagnaverðlaunanna The International Dagger, fyrir Gildruna sem er fyrsta bókin í þríleiknum.

Lilja segir tilnefninguna í Bretlandi mikinn heiður og er sömuleiðis hæstánægð með Blóðdropann sinn. „Ég er önnur konan til að fá þau verðlaun, á eftir Yrsu, sem mér finnst gaman. Verðlaunin hafa líka þýðingu erlendis varðandi markaðssetningu, breski útgefandinn minn er til dæmis alveg himinlifandi.“

Gildran hefur komið út í Frakklandi, Englandi, Danmörku, Noregi og Tékklandi. Netið, bók númer tvö í þríleiknum, er þegar komin út í Frakklandi og mun koma út í Danmörku og verður örugglega seld til fleiri landa. „Það hefur gengið afskaplega vel í Frakklandi og enski útgefandinn er mjög ánægður og svo hafa dómarnir verið góðir,“ segir hún.

Lilja er mikið á ferðinni að kynna bækur sínar erlendis. „Bóksala fer minnkandi og erlendir útgefendur leggja áherslu á, og segja það skipta máli, að lesendur geti séð höfundinn. Þessu verð ég að sinna, ég hitti lesendur, spjalla við þá og kemst að því hverju þeir hafa áhuga á. Það er bæði skemmtilegt og fróðlegt.“

### Mexíkósk norn í aukahlutverki

*Aðalsöguhetja þín í þríleiknum, Sonja, er lesbía. Hefur það vakið athygli erlendis?*

„Það hefur vakið ákveðinn áhuga. Ég held að fólki þyki áhugavert að lesa um slíka aðalpersónu vegna þess að hún er aðeins öðruvísi persóna en fólk á að venjast í glæpasögum og með aðra sýn. Frá hinsegin samfélaginu hef ég fengið mikið þakklæti fyrir þetta.

Í glæpabókmenntum eru ekki mjög margar hinsegin söguhetjur. Hér eigum við Stellu Blómkvist, tvíkynhneigðu ofurlögguna, og úti hafa höfundar skapað hinsegin sögupersónur, en það er samt ekki mikið um þær í svokölluðum mainstream-bókmenntum. Svo er til bókmenntakimi þar sem eru hinsegin bókmenntir en það er ekki gott að lenda inni í þeirri flokkun því það er erfitt að komast út úr henni. Aðrir lesendur hafa ekki áhuga ef bókin er markaðssett á þann hátt.“

Í haust kemur út ný glæpasaga eftir Lilju, Svik. Spurð um efni bókarinnar segir Lilja: „Aðalpersónan er gift kona með tvö börn, sem verður utanþingsráðherra, innanríkisráðherra, tímabundið í lok kjörtímabils. Hún kemst á snoðir um samsæri. Gömul fjölskyldumál skjóta einnig upp kollinum. Meðal aukapersóna eru lesbísk norn sem er hálfur Mexíkani og bústin fréttakona sem er hrifin af henni. Ég hef gaman af þjóðsögum og goðsögum og hef notað álfa í sögum mínum og þarna er mexíkósk norn, en þetta er samt alls engin furðusaga.“

### Undir yfirborðinu

*Í norrænum glæpasögum er mikið fjallað um ýmiss konar þjóðfélagsmein. Eru einhver slík málefni sem þú vilt minna á í bókum þínum?*

„Þetta eru afþreyingarbækur sem eiga að skemmta fólki og gleðja það. Í glæpasögum gefst hins vegar ákveðið frelsi til að skoða það sem leynist undir yfirborðinu og það er hægt að gera án þess að predika yfir fólki.

Í þríleik mínum fjallaði ég um fíkniefnaheiminn og þar eru stór öfl að baki sem fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir. Það er hneigð til að líta á fíkniefnaneytendur sem vesalinga og undirmálsfólk sem þeir náttúrlega verða þegar þeir eru komnir á ákveðinn stað í neyslu. Alltaf eru einhver öfl á bak við, sem ekki tekst að ná tökum á, sem græða á þessari eymd. Þetta finnst mér áhugavert og það var umfjöllunarefni í þríleiknum.

Í næstu bók, Svikum, skoða ég hið pólitíska andrúmsloft og sérstaklega hvernig konur í áberandi stöðum verða að þola harðari árásir en karlar í sömu stöðu. Mér finnst áhugavert að fjalla um grimmdina gagnvart konum, til dæmis í pólitík. Ég velti því fyrir mér hvað kalli hana fram, þótt viðkomandi konur hafi ekki gert neitt annað en að vinna vinnuna sína og bjóða sig fram til þjónustu við almenning. Það er þessi grimmd, sem er nánast eins og hatur, sem ég skoða í þessari nýju bók.“

*Vinnurðu heimildavinnu fyrir bækur þínar?*

„Já, ég geri það. Varðandi þessa nýju bók fékk ég aðstoð frá fólki sem hefur verið í pólitík, fór í námsferð í dómsmálaráðuneytið og fékk ráðleggingar frá sérfræðingum og jafnvel yfirlestur. Í þríleiknum var tollgæslan mér innan handar og sömuleiðis fólk sem hafði unnið við rannsóknir á bankahruninu.

Sagan má ekki líða fyrir raunveruleikann og ef það er spurning um að hún sé skemmtileg eða raunveruleg þá vel ég skemmtunina. Ákveðnir hlutir verða samt að vera eins skotheldir og mögulegt er. Höfundur verður að hafa þá sjálfsvirðingu að vinna grunnvinnu almennilega, það er höfundinum ekki til sóma að sleppa því.“

### Með hugmyndir að næstu fimm sögum

*Vinnurðu hratt?*

„Ég er með gamalt einkaritarapróf og pikka mjög hratt og er fljót að koma hugsun minni í texta. Stærsti hluti vinnunnar fer samt fram í hausnum á mér áður en ég byrja að skrifa og áður en ég sest við skriftir er sagan farin að mótast allverulega. Svo gerist eitthvað í því ferðalagi sem skriftirnar eru. Ég á enn þokkalega auðvelt með að skrifa og hef ekki lent í neinni þurrð. Ég er með hugmyndir að næstu fimm sögum í hausnum.“

*Hvernig finnst þér viðhorfið til glæpasagna vera? Almenningur vill lesa þær en það ber samt á því viðhorfi að þetta sé ekki merkileg bókmenntagrein.*

„Fólk er að átta sig á því að þetta er sérstök bókmenntagrein og það á ekki endilega að bera hana saman við fagurbókmenntir. Maður ber ekki saman ljóðabók og leikrit og það á að bera glæpasögur saman við aðrar glæpasögur.

Á hverju ári koma út rúmlega tíu íslenskar glæpasögur og það er gaman að sjá greinina vaxa og dafna. Íslensku glæpasagnahöfundarnir eru samheldið lið. Ég hef sannarlega notið góðs af því hvað hinir eldri og reyndari höfundar hafa verið duglegir við að hvetja þá yngri áfram. Ég er mjög þakklát fyrir það.“

### Hin fullkomna búseta

Lilja og Margrét Pála Ólafsdóttir eru búnar að vera saman í 27 ár og fyrir tæpum tveimur árum keyptu þær sér hús við Elliðavatn. Í löngu sambandi voru þær um tíma í fjarbúð. „Við höfum verið með alls konar búsetuform og allar mögulegar sortir af ramma utan um þau,“ segir Lilja. „Við höfum báðar unnið mikið og þurft ákveðið olnbogarými. Fyrir einu og hálfu ári fundum við hina fullkomnu búsetu fyrir okkur báðar. Magga Pála er sveitastelpa og vill búa dálítið afskekkt meðan ég vil hafa borgarlúxusinn. Við fundum hinn fullkomna milliveg, sem er gamall sumarbústaður. Þetta er skrýtið hús eins og við. Þarna er nokkuð sveitalegt en stutt í næstu skipulögðu byggð þannig að staðsetningin hentar okkur báðum.“

*Af hverju hefur sambandið lánast svona vel þrátt fyrir að þið séuð mjög ólíkar?*

„Það er fimmtán ára aldursmunur á okkur sem kann að skýra ólíkar þarfir, en það er alltaf gaman hjá okkur, sem ég held að sé lykillinn að því hversu gott sambandið er. Það koma upp erfiðleikar í öllum samböndum en ef það er gaman saman þá er maður í góðum málum.

Eftir svona langan tíma hefur svo margt fallegt byggst upp. Við eigum fjölskyldurnar okkar saman. Fyrir 27 árum voru barneignir ekki valkostur fyrir lesbíur. Margrét Pála var svo heppin að vera búin að eignast dóttur, Brynju, og við hugsuðum aldrei annað en að það dygði okkur. Brynja á núna fimm börn, þannig að við Magga Pála eigum fimm barnabörn. Allir þessir krakkar, frá þriggja ára upp í tuttugu og eins, eru miklir gleðigjafar. Algjör dásemd!“



**„Ég er með hugmyndir að næstu fimm sögum í hausnum,“ segir Lilja.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**„Eftir svona langan tíma hefur svo margt fallegt byggst upp,“ segir Lilja um samband þeirra Margrétar Pálu en þær hafa verið saman í 27 ár.**

MÉR FINNST ÁHUGAVERT AÐ FJALLA UM GRIMMDINA GAGNVART KONUM, TIL DÆMIS Í PÓLITÍK. ÉG VELTI ÞVÍ FYRIR MÉR HVAÐ KALLI HANA FRAM, ÞÓTT VIÐKOMANDI KONUR HAFI EKKI GERT NEITT ANNAÐ EN AÐ VINNA VINNUNA SÍNA OG BJÓÐA SIG FRAM TIL ÞJÓNUSTU VIÐ ALMENNING.


weber
HAGKAUP
TVEIR Á TEINI
Sunnudag
Í þáttunum Tveir á teini taka Pétur Jóhann og Sveppi á móti frábærum gestum og grilla með þeim fjölbreytta rétti. Fylgstu með á sunnudagskvöldum í sumar.
MARGFALT SKEMMTILEGRI
stod2.is | 1817



## Merkisatburðir

**1893** Karl Danaprins, sonarsonur Danakonungs, kemur til Íslands á snekkjunni Dagmar með sveit sjóliðsforingjaefna.

**1923** Hnitbjörg, listasafn Einars Jónssonar, er opnað á Skólavörðuholti í Reykjavík.

**1926** Varðskipið Óðinn, sem ríkisstjórn Íslands lét smíða, kemur til Reykjavíkur.

**1967** Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

**1968** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1977** Í Þjórsárdal er formlega opnaður sögualdarbær, í líkingu við bæinn á Stöng, í tilefni ellefu alda byggðar norrænna manna á Íslandi.

**2016** Þjóðaratkvæðagreiðsla um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu fer fram í Bretlandi. Meirihluti styður útgöngu.



Gísli B. Björnsson á vinnustofu sinni, umkringdur málverkum og skissum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Foreldrarnir plönuðu áttæðisafmælið hjá Gísla

**Gísli Baldvin Björnsson er áttræður í dag. Hann titlar sig teiknara í símaskránni en nútíminn nefnir fag hans grafíska hönnun og þar er hann frumkvöðull og fræðari. Gísli kveður suma telja hann ofvirkan en lofar að fara að róast enda búinn að klára margt.**

Fólk þekkir hann sem Gísla B. Björnsson. Hann er staddur austur í Flóa þegar hringt er í hann klukkutíma fyrir leik Íslands og Nígeríu. Fyrsta spurning er hvort afmælishaldið fari eftir úrslitum leiksins.

Ekki stendur á svari: „Nei, það er búið að plana það fyrir lifandis löngu að ég yrði áttræður í dag, foreldrar mínir sáu til þess á sínum tíma. Ég ætla að fá um 150 gesti hingað að Hnausi II í Flóa. Við hjónin höfum átt þá jörð síðan 1976 og erum smám saman að byggja hana upp og skrýða skógi. Hér eru dóttir okkar Anna Fjóla og Ólafur Sigurðsson, sambýlismaður hennar, að byggja hótel, það eru enn um fjórar vikur þar til þau geta opnað en húsnæðið er fínt fyrir svona afmælispartí. Það á ekki að væsa um fólk hér.“

> Ég ætla að fá um 150 gesti hingað að Hnausi II í Flóa. Við hjónin höfum átt þá jörð síðan 1976 og erum smám saman að byggja hana upp og skrýða skógi.

Í góðu skyggni blasir við dýrðarútsýni frá Hnausi, á vef Flóahrepps stendur að þaðan sé víðust sýn á Íslandi. „Við sjáum langt austur í Rangárvallsýslu, Vestmannaeyjar, Laugarvatnsfjöllin, Þingvallafjöllin, Hengilinn, út í Þorlákshöfn, um allt. Reyndar er Guð almáttugur að boða rigningu, ég hélt við hefðum samið um annað á sínum tíma. En ekki er öll von úti.“

Gísli er Reykvíkingur, kveðst hafa átt þar heima alla tíð fyrir utan þrjú ár sem hann var við myndlistarnám í Stuttgart í Þýskalandi. „Svo er ég hér fyrir austan öll sumur og aðeins lengra fram á veturinn eftir að ég fór að eldast. Síðan ég varð fullorðinn fór ég líka að fást dálítið við myndlist – og ég verð að monta mig því á morgun kemur út bók sem ég hef verið að vinna að og heitir Merki og form. Hún á ekki að fara á markað fyrr en í haust en er mætt í hús, 170 síður, um það sem ég hef verið að gera og mínar kenningar. Ég er í raun að skila af mér því sem ég hefði átt að vera búinn að gera fyrir löngu, í bókarformi.“

Gísli er líka með myndlistarsýningu í afmælinu, sýnir þar 17 myndir, flestar nýjar. „Sumum finnst ég vera aðeins ofvirkur en ég er búinn að lofa að fara að róast. Er bara að klára svo margt af því sem ég ætlaði að gera. Svo fer ég að ferðast meira og njóta lífsins. Ég var nú samt að reikna það áðan að ég hef komið til um 60 landa en sum langar mig að heimsækja aftur.“

Óman á suðausturströnd Arabíuskaga er eitt þeirra landa sem Gísla langar að skoða betur. „Óman er mjög sérstakt land sem við heimsóttum eitt sinn með Jóhönnu Kristjánsdóttur. Þó að þar sé einræðisherra er hann mjög sósíalískur, hagfræðingur að mennt og vinnur að uppbyggingu í þágu fólksins. Hann setur konur í hin ýmsu ráðuneyti og stofnanir og menntakerfið er öflugt. Þarna er mjög snyrtilegt og áhugi mikill fyrir náttúruvernd. Fólk kurteist og ekki ofsatrúar og þar er ein fallegasta bygging sem ég hef séð, moska sem soldáninn fékk ómanska og breska arkitekta til að vinna, alveg einstaklega flott.“ **gun@frettabladid.is**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Geirsson**
Sléttuvegi 19,

andaðist 18. júní á Landspítalanum Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. júní kl. 15.00.

**Hólmfríður Aradóttir**
**Sigríður Baldursdóttir**
**Gígja Baldursdóttir** **Guðmundur Rafn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Trausta Rúnars Hallsteinssonar**
Ársölum 3, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítalans og heimahlynningar Karitas.

**Björk Ingvarsdóttir**
**Hallsteinn I. Traustason** **Nína V. Björnsdóttir**
**Vignir Þór Traustason** **Inga Helma Guðfinnsdóttir**
**og barnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson — Margrét Á. Guðjónsd. — Kristín Ingólfsdóttir — Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórður Bjarnason**
Borgarholtsbraut 43 í Kópavogi,

lést á heimili sínu mánudaginn 18. júní. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju 26. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á heimahlynningu Landspítalans í Kópavogi.

**Arndís Ágústsdóttir**
**Vermundur Ágúst Þórðarson** **Marta Þ. Hilmarsdóttir**
**Sigurlaug Guðrún Þórðardóttir** **Einar K. Stefánsson**
**Arnþór Þórðarson** **Hildur M. Kristbjörnsd.**
**Bjarni Þórðarson** **Heba A. Stefánsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Kristins Hólmfreðs Hallgrímssonar**
Hulduhlíð, Eskifirði,
áður til heimilis Múla, Eskifirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hulduhlíðar fyrir frábæra umönnun undanfarin 20 ár.

**Bjarni Kristinsson** **Sigríður Sigurvinsdóttir**
**Steinunn Kristinsdóttir**
**Hallgrímur Kristinsson** **Ingibjörg Kr. Ingimarsdóttir**
**Guðni Kristinsson** **Guðrún M.Ó. Steinunnardóttir**
**Ingvar Kristinsson** **Gunnhildur Grétarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

# Nýta það sem landið gefur í ólíkar afurðir

**Gestir Árbæjarsafns fá að kynnast þeirri list á morgun að lita band og búa til græðandi smyrsl úr íslenskum jurtum. María Magnúsdóttir er annar tveggja leiðbeinenda. Hún tínir grös og nær í skófir af steinum og vill viðhalda þekkingunni á jurtalitun.**

María Magnúsdóttir býr í Hofsvík á Kjalarnesi þar sem hún rekur litla sveitabúð. Hún er að koma inn frá því að sinna hænum þegar ég hringi til að forvitnast um litun bands og gerð smyrsla. Þekkingu á þeim efnum ætlar hún að miðla í Árbæjarsafni á morgun, sunnudag, frá klukkan 13 til 16, ásamt Marianne Guckelsberger.

„Ég nota jurtir og fleira úr náttúrunni til að lita úr og hef áhuga á að viðhalda þekkingu því sviði. Það eru aðallega gulir, grænir og brúnir litir sem við fáum úr íslenskum jurtum og skófum svo ég nota líka innfluttar tegundir, meðal annars móðurót og kaktuslús, það er kvenlús sem lifir á kaktusum í Suður-Ameríku og gefur bleikan lit. Hann er notaður líka í Campari og varaliti.“

María kveðst vera að auka ræktun rabarbara því bæði blöðin og rótin séu afbragðs litunarefni.

Smyrslin gerir María úr lífrænum olíum og græðandi jurtum eins og vallhumli, birkilaufi og mjaðurt. „Þessi smyrsl halda niðri ýmsum húðvandamálum eins og exemum,“ fullyrðir hún. „Ég er sjálf með sóríasis, það er ekkert sem læknar það en smyrslin hjálpa stórlega til að halda því í skefjum.“

Fleira er á döfinni í Árbæjarsafni á morgun, starfsfólk þar klæðist fatnaði sem tíðkaðist á 19. öld, húsfreyjan í Hábæ býður upp á nýbakaðar lummur, á baðstofuloftinu í Árbæ situr kona við tóskap og messað verður í safnkirkjunni klukkan 14. Í haga er að finna hesta, kindur og lömb og í Dillonshúsi verður heitt á könnunni og heimilislegar veitingar. gun@frettabladid.is



María lætur bandið malla í pottunum þar til hún fær á það rétta litinn.



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**Jóhönnu Jóhannsdóttur**
Smárahlíð 5e, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri fyrir hlýju og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Börn hinnar látnu og fjölskyldur þeirra.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Rúnar Svanholt Gíslason**
lögmaður,
Miðvangi 53,

lést í faðmi ástvina á líknardeild LSH 16. júní. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 28. júní kl. 13.00.

**Halla Sigurgeirsdóttir**
**Hólmfríður Rós Rúnarsdóttir Davíð Kristjánsson**
**Rúnar Steinn Rúnarsson Katrín Björk Gunnarsdóttir**
**Hrólfur Sturla Rúnarsson Guðný Margrét Jónsdóttir**
**Emil Örn Sigurðarson Þóra Árnadóttir**
**barnabörn og systkini.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Arnar Guðmundsson**
frá Bolungarvík, síðast til heimilis að Hraunbraut 12, Kópavogi,

lést 20. júní síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju miðvikudaginn 27. júní kl. 12.00.

**Sólveig Guðrún Kristjánsdóttir**
**Svanhildur Arnarsdóttir Peter Moldt**
**Guðfinna Arnarsdóttir Bjarni Þór Tryggvason**
**Guðmundur Arnarsson Sigurbjörg Gunnarsdóttir**
**Hrönn Arnarsdóttir Bergur Gunnarsson**
**Arna Bára Arnarsdóttir Gunnar Thorberg**
**Linda Rós Arnarsdóttir Kjartan Fossberg Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Höllu Guðnýjar Erlendsdóttur**
Laufásvegi 50, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til séra Irmu Sjafnar Óskarsdóttur og Davíðs Ósvaldssonar.

**Anna Erla Guðbrandsdóttir Egill Sveinbjörnsson**
**Margrét Traustadóttir Ámundi Halldórsson**
**Hjördís Steina Traustadóttir Kristinn Jónsson**
**Erlendur Traustason Björg Sigrún Ólafsdóttir**
**Þórður Ólafur Traustason Ágústa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigþór Hákonarson**

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Lilja Bragadóttir**
**Bragi Sigþórsson Guðrún Svava Hlöðversdóttir**
**Hörður Sigþórsson**
**Hákon Sigþórsson Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Guðrún B. Björnsdóttir**
Kríulandi 6,
Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 5. júní sl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 26. júní klukkan 13.00.

**Jón Guðmundur Bergsson**
**Björn Jónsson Sigríður Jóna Berndsen**
**Sigrún Jónsdóttir Jóhannes Snorrason**
**Páll Jónsson Katrín Júlía Júlíusdóttir**
**Þorvarður Björnsson Margareta Johansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Við þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð, góðmennsku og hlý orð við fráfall okkar elskulegu

**Arnrúnar Antonsdóttur**
Suðurtúni 30, Álftanesi.

Sérstakar þakkir færum við fjölskyldum okkar og kærum vinum fyrir veitta aðstoð. Aðkoma ykkar allra er okkur ómetanleg.

**Ingvi Þór Sigfússon**
**Anton Líndal Ingvason Guðrún Lilja Lýðsdóttir**
**Þórður Guðni Ingvason Hrönn Brandsdóttir**
**barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Sigurgeir Jóhannsson**
bryti,
áður til heimilis að
Boðaslóð 19, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu, Fannborg 8, þann 11. júní síðastliðinn. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristín Sigurgeirsdóttir Unnsteinn Jónsson**
**Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir Steinar Ó. Stephensen**
**Ásdís Jóhannsdóttir**
**Fríða Dóra Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Anna Ásmundsdóttir**
fyrrverandi
hjúkrunarframkvæmdastjóri
v/geðsvið Landspítala,
fædd 29. júlí 1931,
Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 12. júní sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingibjörg Eyþórsdóttir Sæmundur Sigurðsson**
**Árni Eyþórsson**
**Sigríður Eyþórsdóttir Róbert Karlsson**
**Ásdís Eyþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Bernharðsdóttir**
Krókeyrarnöf 24, Akureyri,

er látin. Útför hennar fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Okkar innilegustu þakkir til Guðrúnar F. Hjartardóttur og stúlknanna í Heimahlynningu fyrir alúðleg störf og hlýhug.

**Valur Baldvinsson**
**Bernharð Valsson Eva María Káradóttir**
**Hilmir Valsson Gunnhildur Magnúsdóttir**
**Vala Valsdóttir Jóhann Grímsson**
**Breki og Starri Bernharðssynir**
**Hugi, Selma, Hrund, Harpa og Hrafn Hilmisbörn**



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurbjörn Ó. Kristinsson**
Stigahlíð 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, sunnudaginn 17. júní. Hann verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 25. júní klukkan 13.00.

**Fanney Erna Magnúsdóttir**
**Magnhildur Sigurbjörnsdóttir Þór Hauksson**
**Sigurbjörn Þór Þórsson Edda Garðarsdóttir**
**Magnús Örn Þórsson Andrea Vestmann**
**Guðmundur Már Þórsson**
**Una Dögg Sigurbjörnsdóttir**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Guðmundsdóttur**
frá Miðhópi,
Hofsvallagötu 23, Reykjavík.

Viljum við færa sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar og annarra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórunn Birna Böðvarsdóttir**
**Kristín Böðvarsdóttir**
**Ólöf Ása Böðvarsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**YFIRVARASKEGG**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R | Ö | K | F | A | S | T | A | R | | Æ | | H | | Á | T | Ö | K | U | M |
| Æ | | V | | F | | O | | Ú | R | G | A | N | G | S | | L | | | Ö |
| K | E | I | L | U | S | P | I | L | | I | | E | | T | E | K | K | I | Ð |
| T | | K | | R | | P | | L | E | V | Í | T | U | M | | E | | | R |
| A | L | S | Í | Ð | U | S | T | U | | A | | U | | A | F | L | I | N | U |
| R | | Y | | A | | T | | B | Í | L | A | B | Ó | N | | D | | | N |
| S | U | N | D | S | T | A | Ð | A | | D | | R | | N | Á | U | N | G | A |
| A | | D | | Ö | | N | | G | A | S | L | J | Ó | S | | V | | E | |
| M | | I | | L | | D | | G | | I | | Ó | | I | Ð | A | N | D | I |
| A | U | Ð | G | U | Ð | I | N | A | | N | Ý | T | I | N | | T | | D | |
| | M | | R | | | | Æ | R | A | S | T | A | | S | A | N | K | A | R |
| Á | B | L | Á | S | T | U | R | | U | | I | | K | | U | | O | | A |
| | Ú | | M | | E | | A | | K | Y | N | J | A | S | K | E | P | N | U |
| I | Ð | J | A | G | R | Æ | N | N | A | | N | | R | | A | | P | | Ð |
| | A | | N | | T | | D | | F | J | A | L | L | A | K | L | A | S | A |
| Í | L | Ö | N | G | U | N | I | N | A | | | | S | | A | | G | | V |
| | A | | | E | | A | | E | L | D | A | M | E | I | S | T | A | R | A |
| S | U | M | A | R | T | U | N | G | L | A | | | F | | T | | T | | T |
| | S | | | I | | T | | L | | M | U | N | N | B | I | T | A | N | N |
| S | T | R | Í | Ð | S | Á | R | A | | A | | | I | | Ð | | N | | S |

**LAUSNARORÐ** Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist íþróttaviðburður. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „23. júní“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Ráðuneyti æðstu hamingju** eftir **Arundhati Roy** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Björgvin Kemp, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Gefa skít í allt vegna derrings (9)
**11** Dauðir rísa vegna örvunar að neðan (12)
**12** Æ er brugðið fæti fyrir eilífar (9)
**13** Leysi hægan vind fyrir einskæran sofandahátt (12)
**14** Sem fyrr eru það Þór og Týr sem tengja afturhjólin (9)
**15** Þessi hefur ferðast bæði oft og víða (10)
**16** Dró þá guminn yen úr vasa til að redda ringluðu fljóðinu (9)
**17** Mærir róna í keisaradæminu, frá Ágústusi til Kommódusar (12)
**20** Taðkögglar rollunnar Ránar leita fóðursins (8)
**23** Staða smjaðursins gerir mig langorðan (11)
**27** Arna lét þrep leka í mykjukláf (10)
**30** Hef plantað fræinu úr upprunaöldu, líklega úr karlplöntu (11)
**32** Beygðum okkur fyrir þeirra löngunum (8)
**33** En daunn aðdáenda sundraði þeim (7)
**34** Stálnaglar? Rugl; nálar til að stoppa í sokka! (10)
**35** Djúsar og vessar flækja góðan farsa (5)
**36** Hunsa glæp og hæða ef lítill er (6)
**37** Ef við virkjum viðkomu, fáum við þá þessa orku? (11)
**40** Aukið kraftinn ef hjálp fæst (5)
**41** Roskin rolla og rugluð eftir því (6)
**42** Segi mína meiningu um miklar konur og djarfar (11)
**43** Kanna vökula frumbyggja í norðri (10)

**LÓÐRÉTT**

**1** Nú predika smápollar jafnt sem vikapiltar (11)
**2** Drógum titil upp úr heimsfrægum höfundi (11)
**3** Hefur rétt á herðar sér en kjúkur í þeim (9)
**4** Finn fisk staukanna meðal bjórbaukanna (9)
**5** Hvað dugar féð ef sandmölin fer? (8)
**6** Segja líkur á gagnrýni í fyrirsögnum (8)
**7** Hrygg ef hinar gráta ekki vegna einnar sem gjörsigruð var (8)
**8** Eru þetta frumkvöðlar eða flýjandi menn? (10)
**9** Utan við hankann en innan við hlustina – þar er það! (8)
**10** Branda sem veiðist allt tímabilið sept-nóv (10)
**18** Sá er verst lét var með siglu á fóðrum (8)
**19** Stritstallur – höldum okkur þar er við bíðum eftir ákveðnum þáttum (9)
**21** Fanga snigil með beitukóngi (9)
**22** Greinir þessi ytri mál eða innra bál botnsins? (9)
**24** Af æfingu leikhópsins á „Útrásinni“ (11)
**25** Sneiðir ljós og kúpla fyrir menntaskóla (11)
**26** Lappa upp á labbandi sauði og samferðafólk (11)
**28** Köstuðum krimmunum og tenglum þeirra í tukthúsið (10)
**29** Löguðum keppni að uppfærslum skáldsagna (10)
**31** Andstyggileg úrræði Arnar gerðu illt verra (9)
**36** Leita hormónaresta í ruglinu (5)
**38** Tæki gleði mína væri ég ekki í uppnámi (4)
**39** Lætur vel af hægð og hárgreiðslu (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Hartlaub átti leik gegn Schwarz í Bremen árið 1918.

**Svartur á leik**
**1. ... Dh1+! 2. Kxh1 Rg3+ 3. Kg1 Hh1# 0-1.** Íslenskir skákmenn eru mikið í skákvíking þessa dagana. Hannes Hlífar Stefánsson, Gauti Páll Jónsson, Aron Þór Mai og Alexander Oliver Mai eru allir að tefla erlendis þessa dagana.

**www.skak.is:** Íslenskir víkingar.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## VOND LEIÐRÉTTING

Ólympíumótinu í Ostende í Belgíu lauk 16. júní síðastliðinn og höfðu Norðmenn, frændur okkar, sigur með 417,25 stig í opna flokknum. Ísraelsmenn náðu öðru sætinu með 415,34 stig. Ísland, sem var með lið í opna flokknum, kvennaflokknum og flokki heldri spilara (senior), náði bestum árangri í opna flokknum. Þar hafnaði Ísland í 13. sæti með 360,94 stig (af 33 þjóðum) eftir að hafa verið í toppbaráttunni lengst af. Liðið gaf eftir í síðustu umferðunum og hrapaði aðeins niður töfluna. Kvennaliðið hafnaði í 21. sæti af 23 þjóðum og heldra landsliðið endaði í 13. sæti af 22 þjóðum. Í 26. umferð mættu Íslendingar liði Hollands í opna flokknum, en þá var liðið í opna flokknum í toppbaráttunni. Leikurinn þótti merkilegur og fjallað var um hann í mótsblaðinu. Leikurinn endaði með naumum sigri Íslands 10,91-9,09 (31-28 impar). Í leiknum kom þetta spil fyrir. Vestur var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ ÁD974
♥ 984
♦ 9
♣ K852

**Vestur**
♠ KG8653
♥ 763
♦ G
♣ G103

**Austur**
♠ 2
♥ Á10
♦ K76432
♣ ÁD74

**Suður**
♠ 10
♥ KDG65
♦ ÁD1083
♣ 96

Á öðru borðanna lét Ómar Olgeirsson það vera að opna á vesturhöndina. Sagnir þar enduðu í 4 hjörtum í NS eftir tígulopnun Ragnars Magnússonar í austur. Þau unnust slétt en sagnir gengu hagstæðar fyrir Íslendinga á hinu borðinu. Hollendingurinn Bart Nab opnaði á „multi“ 2 tíglum* á spaðalit sinn (veikir 2 í hálit). Bob Drijver sagði 2 spaða á austurhöndina („ég vil spila meira ef þú átt hjartalit“) og Aðalsteinn í suður doblaði til úttektar. Vestur sagði pass og Matthías G. Þorvaldsson í norður einnig. Drijver tók þá ólukkulega ákvörðun að reyna að bæta samninginn og sagði 3 tígla. Þann samning doblaði Aðalsteinn til refsingar og var spilaður. Þegar reyknum létti varð sá samningur 1100 niður (4 niður) og Ísland græddi 10 impa spilinu.

# BÓKABLAND – HÚH!




**Kalak**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.799.-




**Forystu-Flekkur**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Stormfuglar**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Risasyrpa - Sögufrægar endur**
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.899.-




**Uppgjör**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Sumar í litla bakaríinu við Strandgötu**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Þriðji engillinn**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Glerstofan**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Ofurhetjuvíddin**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




**Formaður húsfélagsins**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Bókmennta- og kartöflubökufélagið**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð:3.999.-




**Homo sapína**
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 24. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KRAKKAR



# Konráð og félagar á ferð og flugi

307



„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

**Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?**

## Brandarar

Tveir strútar hittust á víðavangi:
Af hverju ætli við strútar stingum alltaf hausnum í sandinn?
Ég veit ekki um þig, en ég er að leita að olíu.

Ég var sérstaklega heppinn að fæðast ekki í Frakklandi.
Af hverju?
Ég kann ekki orð í frönsku.

Veistu af hverju allir strætisvagnar stoppa í dag?
Nei, er verkfall hjá bílstjórunum?
Nei, nei, það þarf að hleypa fólkinu inn og út.

Af hverju stalstu bílnum?
Ég var að verða of seinn í vinnuna.
Nú, gastu ekki tekið strætó?
Nei, ég hef ekki meirapróf.



## Lestrarhestur vikunnar: Tristan Ernir Hjaltason




Lestrarhestur vikunnar er Tristan Ernir, 9 ára, og kemur úr Borgarbókasafninu í Árbænum.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Spennubækur.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Óvættaför, hún er um hugrakkan strák.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Óvættaför aftur.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Skrímsli og góðan mann.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Bangsi vinur minn.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Nei, bara í skólanum.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Gæludýrin mín, handbolti og tölvur.

**Í hvaða skóla ertu?** Ártúnsskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi, veljið eitt pappírsdýr sem þið finnið á safninu, skrifið nafn, símanúmer, aldur og nafn á áhugaverðri bók sem þið hafið lesið og takið þannig þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Snæbjörn og Arngrímur leika sér oft í fótboltaspilinu sínu. Nema hvað.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Stundum eineggja – stundum tvíeggja

Tvíburarnir Arngrímur og Snæbjörn eru mikið fyrir að teikna, synda og spila, meðal annars tölvuleiki, þeir hafa sérstaka tölvudaga.

Arngrímur Kárason Regal og Snæbjörn Kárason Regal eru tvíburar, nýorðnir átta ára. Arngrímur segir að þeir séu ekki einu tvíburarnir í sínum bekk. Þar séu líka tvíburasystur.

**Argrímur:** En þær eru ekkert mjög líkar. Við erum eineggja.

**Snæbjörn:** Ég er núna smá tvíeggja.

**Arngrímur:** Af því hann er með svo mikið hár.

**Snæbjörn:** Já, núna finnst mér ég ekkert líkur Arngrími. En þegar við vorum nýfæddir þá vorum við alveg eins (sýnir mér mynd).

Þeir eru í skemmtilegu spili þegar ég heimsæki þá. Það heitir (held ég) Hver er mesta krúttið og þar er alls konar fróðleikur um dýr. Þeir byrja strax að miðla honum.

**Snæbjörn:** Border collie hundur er með krútteinkunnina 4. Það er ágætt því hæsta einkunn er 5.

**Arngrímur:** (sýnir mér spjald) Svona lítur ljón út, dálítið fallegt en ljónsungar eru hárlausir og blindir fyrstu mánuðina.

**Snæbjörn:** Kötturinn er mest stríðinn.

**Arngrímur:** Ég get ekki átt kött, því ég er með ofnæmi fyrir köttum.

**Snæbjörn:** Pabbi líka en ég bara pínku pons.

*Fótboltaspilið er á borðinu, þeir segjast oft vera í því og þeim þyki líka gaman að fylgjast með HM.*
**Snæbjörn:** Við vonum að Ísland vinni.

**Arngrímur:** En við höldum með Tottenham í ensku deildinni því afi okkar var enskur og átti heima þar þegar hann var ungur. Svo flutti hann hingað.

> SVO FÖRUM VIÐ TIL ÖMMU Á STOKKSEYRI. ÞAR GERAST MARGAR DRAUGASÖGUR.

**Snæbjörn:** En hann er ekki til núna, hann dó í haust.

*Hafið þið sömu áhugamál?*
**Arngrímur:** Mest skemmtilegt hjá mér er að teikna.

**Snæbjörn:** Já, mitt áhugamál er að spila í tölvunni, við höfum tölvudaga. Líka að synda, ég er alltaf að synda.

*Ætlið þið að ferðast eitthvað í sumar?*
**Snæbjörn:** Ég vildi svo mikið fara í flugvél og í eitthvert annað land en við ætlum að gera það næsta sumar, þegar við erum níu ára.

**Arngrímur:** Núna förum við í sumarbústaði í Úthlíð og á Akureyri og húsið okkar í Vatnsdalnum. Þangað förum við á hverju sumri.

**Snæbjörn:** Sundlaugin á Blönduósi er rosa skemmtileg. Svo förum við til ömmu á Stokkseyri. Þar gerast margar draugasögur.

*En hvað langar ykkur að verða þegar þið verðið stórir?*
**Snæbjörn:** Grínleikari.

**Arnbjörn:** Ég er ekki alveg viss. Kannski tölvufræðingur.

**Snæbjörn:** Síðan langar mig að verða geimfari líka – og grafískur hönnuður, en einu sinni ætlaði ég að verða forngripasafnari.



KRÓNAN
Grillum þá á þriðjudaginn!
2x
HÚH! brauð
Króatíu borgarar
Cheddar ostsneiðar
Cevapcici sósa
ATH! takmarkað magn í boði
HEIMSMEISTARA BORGARAR
Ísland - Króatía 26. júní 2018
KRÓATÍSK KRYDDBLANDA
ÁFRAM ÍSLAND!
NORÐLENSKA
2 x 175 g hamborgarar, 2 x HÚH! brauð,
2 x cheddar ostsneiðar og Cevapcici sósa
1499 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 26. júní eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðaustlæg átt í dag, um 5-13 m/s og rigning um landið sunnan- og vestanvert, hvassast við suðvesturströndina. Annars heldur hægari og þykknar upp um landið norðaustanvert og má búast við lítils háttar vætu á þeim slóðum annað kvöld, en dregur þá úr vindi og úrkomu suðvestanlands. Hiti 8 til 13 stig, en 12 til 20 stig norðaustanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 22° | Stokkhólmur 17° | Gautaborg 19° | Helsinki 16° | Þórshöfn 10° | Nuuk 3° |
| London 21° | Amsterdam 17° | París 20° | Berlín 18° | Madríd 33° | Brussel 18° | Róm 29° |
| Boston 17° | New York 19° | Orlando 26° | Moskva 28° | Singapúr 27° | Tókýó 18° | Sydney 11° |





FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS


## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↖4 | 10° ↗9 | 8° ↗8 | 10° ↖7 | 8° ↘4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↑4 | 6° ↗14 | 7° ↗11 | 8° ↗10 | 7° ↗8 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↙2 | 9° ↗15 | 9° ↗13 | 13° ↗3 | 12° ↙2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16° ↑5 | 12° ↗14 | 13° ↗12 | 14° ↑5 | 10° ↓6 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↑3 | 9° ↗10 | 10° ↗11 | 9° ←6 | 14° ↖4 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GÓÐ VERÐ Í ICELAND

**D-VÍTAMÍN LÉTTMJÓLK, 1L**
149
KR/STK

**MEAL FOR ONE**
299
KR/STK

**BLÁBER, 500GR FATA**
699
KR/STK

**CHICACO TOWN PIZZA**
299
KR/STK

**LINDA MCCARTNEY'S 2 VEGETERIAN MOZZARELLA 1/4 LB BURGERS**
299
KR/PK

**BEN & JERRY'S**
699
KR/STK

**ICELAND CHICKEN BREAST FILLET STRIPS**
1.399
KR/PK

**MEAL IN A BAG**
699
KR/PK

**HEIMILISBRAUÐ FRÁ MYLLU**
349
KR/STK

**10 SS VÍNARPYLSUR OG 10 MYLLUPYLSUBRAUÐ**
1.399
KR/STK

**ICELAND 35 BREADED FISH FINGERS**
499
KR/PK

**SÓMA SAMLOKA OG HÁLFUR LÍTER AF GOSI Í PLASTI, FRÁ ÖLGERÐINNI**
499
KR/STK

**KJÖRFUGL BRINGUR**
1.599
KR/KG

**ICELAND DEEP PAN & THIN AND CRISPY**
299
KR/STK

**SÓMA LANGLOKA OG HÁLFUR LÍTER AF GOSI Í PLASTI, FRÁ ÖLGERÐINNI**
599
KR/STK

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

# Ljóð sem endurspegla æviskeið

**Kári Tulinius er höfundur ljóðabókarinnar Jökulhvörf. Hann samdi langflest ljóðin á þremur tímabilum í lífi sínu og segir ljóðin blandast saman, eins og grautur sem þykknar í potti.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is


„Ég samdi langflest ljóðin á þremur tímabilum í lífi mínu," segir Kári. MYND/MARTIN DIEGELMAN

Kvæðin fæddust af frumhugmynd, til dæmis einhverju sem ég sá, sterkri tilfinningu, eða frasa sem kom til mín," segir Kári Tulinius sem er höfundur ljóðabókarinnar Jökulhvörf. „Ég samdi langflest ljóðin á þremur tímabilum í lífi mínu. Þau elstu eru samin þegar ég er að flytja aftur heim til Íslands frá Bandaríkjunum. Annar hópur ljóða er frá þeim tíma þegar ég kynntist unnustu minni. Yngstu ljóðin eru samin eftir að ég hafði nýlokið feðraorlofi. Kvæðin endurspegla þessi æviskeið."

Bókin skiptist í fjóra hluta: Endar, Þrár, Líf og Snjóar. „Þessi skipting kom því að flest ljóðin í bókinni voru með eitt af þessum orðum í titli. Svo þegar ég var að pússa ljóðin til sá ég að hver hluti hafði sitt meginþema," segir Kári. „Ljóðin í Endum fjalla um breytingar sem fylgja endalokum. Í Þrám um tilfinningarnar sem mannlegt hreyfiafl. Líf er um daglega tilveru pars með ungt barn. Og kvæðin í Snjóum sækja í samband okkar norðurslóðabúa við hita og kulda. Þegar ég hélt áfram að endurskrifa ljóðin þá fóru þau að tengjast innbyrðis þvert á hluta og blandast saman, eins og grautur að þykkna í potti."

### Ljóð sem áttu hvergi heima

*Þú ert meðal stofnenda Meðgönguljóða. Hverju vilduð þið stofnendurnir áorka með því og hvernig meturðu árangurinn?*

„Þegar við Valgerður Þóroddsdóttir og Sveinbjörg Bjarnadóttir stofnuðum Meðgönguljóð þá vildum við búa til vettvang fyrir ljóð sem áttu hvergi heima. Við settum strax mikla vinnu í ritstjórn og útlit til að hlúa vel að ljóðunum. Við vildum hafa umgjörðina einfalda svo textinn væri í sviðsljósinu. Sveinbjörg hætti og Kristín Svava Tómasdóttir og Þórður Sævar Jónsson komu inn, en þessi grunnhugsun hefur alltaf haldið sér. Prófsteinninn er náttúrulega hvort ljóðlistin sem við gáfum út sé góð, og mér finnst svo vera. Einnig vona ég að við höfum veitt skáldunum góða reynslu af útgáfu, sem gagnist þeim í framtíðinni."

### Skáldsaga í vinnslu

*Þú býrð í Helsinki, hvað ertu að gera þar og hvernig er að búa þar?*

„Unnusta mín er finnsk, og sonur okkar þar af leiðandi Finni og Íslendingur. Við flytjum reglulega á milli landanna svo að sonur okkar kynnist báðum samfélögum, kunni bæði málin og þekki fjölskyldu sína beggja vegna. Svo líkar bæði henni og mér við heimalönd hvort annars. Þessi dægrin er ég á finnskunámskeiði á morgnana meðan sonur minn er í leikskóla. Svo erum við tveir saman þar til mamma hans kemur heim. Unnusta mín er líka rithöfundur og er að ganga frá skáldsagnahandriti til útgáfu, svo ég er að mestu í skriftapásu á meðan. Þegar hún klárar tek ég upp þráðinn í skáldsögu sem ég er að skrifa. Ég er enn á hráefnisstiginu, en á reyndar eina viðbrennda gerð í ruslatunnunni, svo ég veit allavega hvaða uppskrift ég á ekki að fylgja."

### Lifðu mig

**Úrhelli skellur á heiminum
það fyrsta síðan sonur minn
fæddist
svo ég fer með hann út á svalir
til að sýna honum regnið**

**Hann rennur upp úr örmum
mínum
flýgur mót dropunum
buslar í laufkrónum trjánna
hverfur svo inn í skýin**

**Minútu síðar sé ég glitta í barn
sem skríður á þakinu handan
götunnar
það snýr í átt til mín
ég vona að þetta sé sonur minn**

*Úr ljóðabókinni Jökulhvörf*

**ÞEGAR ÉG HÉLT ÁFRAM AÐ ENDURSKRIFA LJÓÐIN ÞÁ FÓRU ÞAU AÐ TENGJAST INNBYRÐIS ÞVERT Á HLUTA OG BLANDAST SAMAN, EINS OG GRAUTUR AÐ ÞYKKNA Í POTTI.**

## Lágstemmt og ljúft

**DANS**

**Brot úr myrkri**
★★★☆☆

**Erna Ómarsdóttir og Valdimar Jóhannsson**

**Dansarar:** Aðalheiður Halldórsdóttir, Elín Signý Weywadt, Ernesto Camilo Aldazabal Valdes, Hjördís Lilja, Inga Maren Rúnarsdóttir, Sigurður Andreas Sigurgeirsson og Þyri Huld Árnadóttir.
**Tónlist:** Sigur Rós, í samvinnu við Valdimar Jóhannsson
**Búningar:** Rebekka Jónsdóttir

**Borgarleikhúsið**
15. júní 2018


**Hljóðin og hreyfingarnar gáfu dönsurunum dýrslegt yfirbragð.**

Myrkrið er Ernu Ómarsdóttur og Valdimari Jóhannssyni hugleikið í röð dansverka sem þau eru listrænir stjórnendur að. Þau höfu leika fyrir sex mánuðum í svartasta skammdeginu með dansverkinu Myrkrið faðmar en mæta nú á nýjan leik þegar lengsti dagur ársins nálgast með nýtt verk, Brot úr myrkri.

Dansverkið Brot úr myrkri er sérstaklega samið með ljósið og birtuna í porti Hafnarhússins í huga. Ólíkt nafni verksins er hið eiginlega myrkur víðs fjarri enda lýsir bjart vorkvöldið upp portið. Það þrengir sér aðeins inn í rýmið í formi svartklæddu veranna og svörtu pappírsstrimlanna í lok verksins. Í verkinu má finna brot og tilvísanir úr fyrra verkinu Myrkrið faðmað þó ekki sé sama verkið á ferð. Svartklæddu verurnar, bæði þær mannlegu og þær manngerðu, voru mættar á staðinn, tónlist Sigur Rósar hljómaði í samhengi við hljóðheiminn sem dansararnir gerðu sjálfir og partíbomburnar voru á sínum staði í lok verksins. Stef úr dansinum minntu áhorfandann líka á síðasta verk en stemningin var allt öðruvísi nú en þá. Allt var lágstemmdara og ljúfara.

Brot úr myrkri skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum voru svörtu verurnar allsráðandi en í þeim seinni dönsuðu dansararnir með hreyfingum og rödd, íklæddir hversdagslegum fötum. Samhengið á milli þessara tveggja hluta var ekki ljóst en báðir voru áhugaverðir á að horfa, sérstaklega þó seinni hlutinn. Þar sem hreyfingarnar, hljóðin sem minntu á rop rjúpunnar, hefðbundnari söngraddbeiting og tónlist Sigur Rósar, sem Valdimar stjórnaði, runnu saman í ljúfa heild. Þó dansararnir væru hversdagslega klæddir í þessum hluta og dansverkið færi fram í birtu íslensks vorkvölds hafði verkið yfir sér þjóðsagnakenndan blæ. Hljóðin og hreyfingarnar gáfu dönsurunum dýrslegt yfirbragð og stundum var eins og þeir rynnu saman í einhvern óskapnað, ættaðan úr hryllingsmynd.

Dansarar Íslenska dansflokksins eru komnir á þann stað að þeir standa sig vel, sama hvaða verkefni þeir fá í hendurnar. Liðsheildin hjá þeim í þessu verki var ekki síðri en hjá íslenska karlalandsliðinu í leiknum gegn Argentínu á HM. Kvendansararnir hafa dansað saman um nokkurt skeið og ná áreynslulausu samspili. Sigurður Andreas fellur ljúflega inn í hópinn og aðeins Camilio Aldazabal Valdes sem áhorfendur sáu í fyrsta skipti í verkinu Óð og Flexu, þar sem hann sýndi snilldartakta, virtist vanta aðeins upp á að upplifa sig öruggan á sviðinu.

Það er áhugavert að sjá hvernig Ernu tekst að kóreógrafera bæði hljóð og hreyfingar sem eina heild í verkum sínum. Samstarf hennar og Valdimars kemur líka fallega út og hljóðmyndin í þessu verki, eins og í Myrkrið faðmað, er vel heppnuð. Erna og Valdi eru sífellt að kanna nýjar lendur í listsköpun sinni og fara í þeim efnum ótroðnar slóðir. Ég velti fyrir mér, sem áhorfandi, hvenær áhugaverð rannsókn verður að áhugaverðri sýningu og hvenær ekki, því eitt er að sitja úti í sal og horfa, annað að taka þátt í að gera tilraunir og vinna með nýjungar. Það er samt ljóst að ég er spennt fyrir að sjá lokaverkið í þessum dansverkaþríleik sem frumsýnt verður í haust á danshátíðinni Everybody's Spectacular.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Lágstemmd og ljúf sýning sem gefandi var að sjá. Heildarmarkmið hennar var aftur á móti nokkuð óljóst.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 23. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Didriksen og Blöndal á Jómfrúnni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Jómfrúin
Á fjórðu tónleikum sumardjasstónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu, laugardaginn 23. júní, koma fram söngvararnir Rebekka Blöndal og Gísli Gunnar Didrikesen. Með þeim leika þeir Benjamín Gísli Einarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þau munu flytja fjölbreytt úrval þekktra djasslaga. Þess má geta að Gísli Gunnar er nýútskrifaður úr Menntaskóla í tónlist og Rebekka mun útskrifast næsta vor. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis.

### Viðburðir

**Hvað?** Fjölskylduleiðsögn og listasmiðja
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fræðslufulltrúi segir börnum og fullorðnum frá sýningu Anítu Hirlekar, sem nefnist Bleikur og grænn. Að lokinni leiðsögn er gestum boðið að búa til sitt eigið verk, innblásið af verkum Anítu.

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Fullveldið endurskoðað
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Arndís Bergsdóttir safnafræðingur verður með leiðsögn um sýninguna Fullveldið endurskoðað. útisýningu sem sett er upp á átta völdum stöðum í miðbæ Akureyrar, í tilefni að aldarafmæli fullveldis Íslands. Alls eiga 10 ólíkir myndlistarmenn verk á sýningunni, sem gerð eru sérstaklega fyrir sýninguna. Listamennirnir eru: Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Gunnar Kr. Jónasson, Hrefna Harðardóttir, Jón Laxdal Halldórsson, Jónína Björg Helgadóttir, Karólína Baldvinsdóttir, Libia Castro og Ólafur Ólafsson, Rebekka Kühnis, Samúel Jóhannsson og Snorri Ásmundsson. Markmiðið með sýningunni er að sýna nýja hlið á stöðu fullveldisins á okkar tímum og fá áhorfendur til að velta fyrir sér hugmyndum, útfærslum og fjölbreyttum sjónarhornum því tengdu. Leiðsögnin hefst kl. 15 við Listasafnið á Akureyri, Ketilhús og svo er gengið á milli verkanna.

**Hvað?** Vasaljósaleiðsögn um sýningu Anítu Hirlekar
**Hvenær?** 01.00
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Klukkan 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 24. júní verður boðið upp á vasaljósaleiðsögn um sýningu Anítu Hirlekar, Bleikur og grænn, í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi. Hlynur Hallsson safnstjóri segir gestum frá sýningunni og einstaka verkum með tendruð vasaljós. Leiðsögnin er hluti af Jónsmessuhátíð á Akureyri. Það er opið alla nóttina í Listasafninu á Jónsmessuhátíð og aðgangur er ókeypis. Þau sem vilja geta tekið með sér vasaljós en einnig er hægt að fá vasaljós lánuð á Listasafninu.


Á Listasafni Íslands verður leiðsögn um sýninguna Leikreglur eftir Elinu Brotherus, einn þekktasta ljósmyndara samtímans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Jónsmessunæturganga Árbæjarsafns
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Árbæjarsafnið
Í tilefni Jónsmessunætur mun Borgarsögusafn Reykjavíkur bjóða upp á skemmtilega menningar- og náttúrugöngu. Gangan byrjar á Árbæjarsafni laugardagskvöldið 23. júní kl. 22.30. Gengið verður um Elliðaárdal, staldrað við á völdum stöðum og fjallað um íslenska þjóðtrú og sögu svæðisins. Stefán Pálsson sagnfræðingur leiðir gönguna og kíkt verður í heimsókn til Jóns Sveinbjörnssonar prófessors, en sonur hans Halldór mun leiða göngufólk um falda perlu í borgarlandinu.

### Sýningar

**Hvað?** Sýningaropnun – Mjög flott
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ekkisens, Bergstaðarstræti
„Halló! Ég er Drengurinn fengurinn og mér þætti vænt um að þú kæmir á opnunina mína í Ekkisens laugardaginn 23. júní 2018 kl. 17.00 – 20.00. Þá opnar sýningin mín sem heitir „Mjög flott“. Hún verður opin til 8. júlí 2018."

# Sunnudagur

### Tónlist

**Hvað?** Umbra Ensemble
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gljúfrasteinn
Umbra Ensemble flytur nýja og forna tónlist í eigin útsetningum á næstu stofutónleikum Gljúfrasteins sunnudaginn 24. júní. Umbra leiðir áheyrendur inn í dulúð fornrar tónlistar frá ýmsum löndum, Íslandi, Finnlandi, Englandi, Þýskalandi, Spáni og Katalóníu.

**Hvað?** Mozartmaraþon #5
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg


Á sunnudag fara fram tónleikar Umbra Ensamble að Gljúfrasteini.

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Delena Thomsen píanóleikari flytja verk eftir W.A. Mozart á hádegistónleikum á sunnudaginn í Hannesarholti.

### Viðburðir

**Hvað?** Leiðsögn sýningarstjóra. Elina Brotherus – Leikreglur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í dag verður Birta Guðjónsdóttir, deildarstjóri sýningadeildar í Listasafni Íslands, með leiðsögn um sýningu eins þekktasta ljósmyndara samtímans, Elinu Brotherus. Sýningu lýkur sama dag. Leiðsögnin mun hafa sjálfsmyndina og sjálfuna sem útgangspunkt, þræði er hafa verið gegnumgangandi í verkum Elinu Brotherus frá upphafi listferils hennar á 10. áratugnum.

**Hvað?** Smyrslagerð og listin að lita með jurtum
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Í dag geta gestir Árbæjarsafns lært listina að gera græðandi smyrsli úr íslenskum jurtum og lita ull með rabarbarablöðum. Gestir eru hvattir til að nýta tækifærið og leita ráða um það hvernig hægt er að nýta það sem landið gefur af sér í afurðir sem nýtast allri fjölskyldunni.









# frettabladid.is fer með þér á HM!

**frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.**




- Beinar textalýsingar
- Stemningin í máli og myndum
- Fréttir, viðtöl og margt fleira!

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS




# DAGSKRÁ

## Laugardagur

### STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Kalli á þakinu
**08.10** Gulla og grænjaxlarnir
**08.25** Dagur Diðrik
**08.50** Blíða og Blær
**09.15** Lína Langsokkur
**09.40** Ævintýri Tinna
**10.05** Dóra og vinir
**10.30** Nilli Hólmgeirsson
**10.45** Beware the Batman
**11.05** Friends
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Allir geta dansað
**15.25** Bó og Bubbi saman í Hörpu
**17.05** Dýraspítalinn
**17.30** Maður er manns gaman
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.00** Lottó
**19.05** Top 20 Funniest
**19.50** Norman
**21.45** War for the Planet of the Apes Spennumynd frá 2017 sem er jafnframt þriðji kaflinn í hinni vinsælu Apaplánetu-seríu, en hér neyðast Caesar og aparnir til að fara í blóðugt stríð við her manna, undir stjórn hins miskunnarlausa Colonels. Þegar aparnir verða fyrir gríðarlegu „mann“-falli, þá á Caesar í innri glímu við myrka hlið eðlis síns og byrjar að leita að leið til að hefna þeirra sem féllu. Að lokum liggja leiðir þeirra Caesars og Colonels saman, og úr verður sögulegur bardagi sem mun ákvarða örlög kynþáttanna og framtíð plánetunnar.
**00.00** Hidden Figures Mögnuð mynd frá 2017 með einvalaliði leikara. Hér er sögð sönn saga þriggja kvenna sem störfuðu hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og áttu stóran þátt í að Mercury-geimferðaáætlunin heppnaðist en hún snerist um að koma geimfaranum John Glenn á sporbaug um jörðu – og síðan heilum á húfi til baka. Allur heimurinn fylgdist með þessari áhættusömu tilraun og geimfarinn John Glenn varð heimsfrægur fyrir vikið sem fyrsti maðurinn sem komst á sporbaug um jörðu.
**02.05** Fifty Shades Darker
**04.00** Unforgettable

### STÖÐ 2 SPORT

**09.00** Pepsímörk kvenna 2018
**10.00** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**10.55** Formúla 1: Æfing - Frakkland
**12.15** Sumarmessan 2018
**13.15** Goðsagnir - Hörður Magnússon
**13.50** Formúla 1: Tímataka - Frakkland
**15.20** Stjarnan - ÍBV
**17.00** Pepsímörk kvenna 2018
**18.00** Sumarmessan 2018
**19.00** Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors
**21.00** Sumarmessan 2018
**21.40** UFC Now 2018
**22.30** Goðsagnir - Ingi Björn

### STÖÐ 2 SPORT 2

Engin dagskrá

### STÖÐ 3

**16.25** Masterchef USA
**17.05** Friends
**17.30** Friends
**17.55** Friends
**18.20** Friends
**18.45** Friends
**19.10** League
**19.35** The Last Man on Earth
**20.00** My Dream Home
**20.50** Schitt's Creek
**21.15** NCIS: New Orleans
**22.00** The Deuce
**23.00** The Mentalist
**23.45** Game of Thrones
**01.05** League
**01.30** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Tindur
**09.27** Zigby
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Kormákur
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Tindur
**13.27** Zigby
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Kormákur
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Tindur
**17.27** Zigby
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Kormákur
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Tröll



Könnuðurinn Dóra kl 10.00, 14.00 og 18.00

### GOLFSTÖÐIN

**08.10** Travelers Championship
**11.10** Walmart Championship
**13.10** Travelers Championship
**16.10** Golfing World 2018
**17.00** Travelers Championship
**22.00** Walmart Championship
**00.00** Walmart Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15** The Walk
**08.20** Goosebumps
**10.05** Hitch
**12.05** Bridget Jones's Baby
**14.05** The Walk
**16.10** Goosebumps
**17.55** Hitch
**19.55** Bridget Jones's Baby Skemmtileg mynd frá 2016 með Renée Zellweger ásamt fleiri góðum leikurum. Sagan um Bridget Jones heldur hér áfram, en hún er nú komin á fimmtugsaldurinn og hefur kynnst nýjum manni, hinum heillandi Jack Qwant. Þegar hún verður nú ófrísk að sínu fyrsta barni kemur í ljós að hún veit ekki hver faðirinn er.
**22.00** The Fate of the Furious
**00.15** Miami Vice
**02.25** Warcraft
**04.25** The Fate of the Furious

### RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Kalli og Lóa
**07.12** Vinabær Danna tígurs
**07.24** Lundaklettur
**07.31** Molang
**07.35** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**07.46** Úmísúmí
**08.09** Kata og Mummi
**08.20** Klaufabárðarnir
**08.29** Hvolpasveitin
**08.52** Rán og Sævar
**09.03** Babar
**09.25** Alvin og íkornarnir
**09.36** Uss-Uss!
**09.47** Einmitt svona sögur
**10.00** Dýrabörn
**10.50** Pricebræður bjóða til veislu
**11.30** HM stofan
**11.50** Belgía - Túnis
**13.50** HM stofan
**14.15** HM hetjur - Pelé
**14.25** HM stofan
**14.50** Suður-Kórea - Mexíkó
**16.50** HM stofan
**17.15** Táknmálsfréttir
**17.25** HM stofan
**17.50** Þýskaland - Svíþjóð
**19.50** HM stofan
**20.25** Veður
**20.30** Fréttir
**20.55** Íþróttir
**21.05** Lottó
**21.15** Íslenskt bíósumar: Bíódagar
**22.40** 127 Hours
**00.15** Vera - Ungir guðir
**01.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** American Housewife
**08.25** Life In Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Jennifer Falls
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** America's Funniest Home Videos
**13.35** The Biggest Loser
**15.05** Superior Donuts
**15.25** Madam Secretary
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Futurama
**17.55** Family Guy
**18.20** Glee
**19.05** 10 Things I Hate About You
**20.45** The Company You Keep
**22.50** McFarland
**01.00** Thelma & Louise
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Elías
**08.05** Zigby
**08.15** Víkingurinn Viggó
**08.30** Kormákur
**08.45** Pingu
**08.50** Mamma Mu
**08.55** Heiða
**09.20** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.30** Tommi og Jenni
**09.50** Grettir
**10.05** Skógardýrið Húgó
**10.30** Friends
**10.55** Lukku láki
**12.00** Neighbours Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg fleiri.
**12.45** Nágrannar
**13.05** Nágrannar
**13.25** Nágrannar
**13.45** Nágrannar
**14.10** Born Different
**14.35** The Bold Type
**15.20** Blokk 925
**15.45** Britain's Got Talent
**16.55** Britain's Got Talent
**17.20** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Splitting Up Together
**19.30** Tveir á teini Frábær nýir grillþættir þar sem Pétur og Sveppi grilla kræsingar fyrir nafntogaða gesti. Með þeirra aðstoð munu strákarnir í hverri viku taka fyrir eitt hráefni og útfæra það á ýmsa vegu frá forrétti til eftirréttar.
**19.55** The Great British Bake Off
**20.55** C.B. Strike
**21.55** The Tunnel: Vengeance
**22.45** Queen Sugar
**23.30** Vice
**01.00** Westworld Önnur syrpa þessara hörkuspennandi þátta úr smiðju J.J. Abrams og Jonathans Nolan sem byggð er á bók Michaels Crichton. Þættirnir gerast í fullorðins þemagarði þar sem vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmennunum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar í för með sér og því verður spennandi að sjá hvernig framvindan verður hjá söguhetjum okkar í þessari nýju og stórbrotnu sögu. Með aðalhlutverk fara Evan Rachel Wood, Ed Harris, James Marsden, Jimmi Simpson, Gustaf Skarsgaard, og Thandie Newton.
**02.30** Wallander
**04.00** Exodus: Our Journey to Europe

## STÖÐ 2 SPORT

**08.55** Pepsímörk kvenna 2018
**09.55** Formúla 1: Tímataka - Frakkland
**11.20** Leiknir - Selfoss
**13.00** Sumarmessan 2018
**13.40** Formúla 1: Keppni - Frakkland
**16.40** Valur - FH
**18.20** Sumarmessan 2018
**19.05** Pepsímörk kvenna 2018
**20.05** Goals of the Season 2017/2018
**21.00** Sumarmessan 2018
**21.40** Þór/KA - Breiðablik
**23.20** Formúla 1: Keppni - Frakkland

## STÖÐ 2 SPORT 2

**15.50** Þór/KA - Breiðablik

## STÖÐ 3

**15.30** Mayday
**16.15** Grand Designs
**17.05** Seinfeld
**17.30** Seinfeld
**17.55** Seinfeld
**18.20** Seinfeld
**18.45** Seinfeld
**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** It's Always Sunny In Philadelphia
**20.00** Grantchester
**20.50** Veep
**21.20** Game of Thrones
**22.15** Better Call Saul
**23.05** Famous In Love
**23.50** Divorce
**00.45** The Last Man on Earth
**01.10** Seinfeld
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Tindur
**07.27** Zigby
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.27** Zigby
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.27** Zigby
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lego Batman myndin

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.20, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Travelers Championship
**13.00** Walmart Championship
**15.00** US Open 2018
**17.00** Travelers Championship
**22.00** Walmart Championship
**00.00** Walmart Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.55** Grassroots
**09.35** Gifted
**11.15** Notting Hill
**13.20** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**14.55** Grassroots
**16.35** Gifted
**18.20** Notting Hill
**20.25** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**22.00** Why Him?
**23.50** Assassin's Creed
**01.45** Serena
**03.35** Why Him?

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Nellý og Nóra
**07.08** Sara og önd
**07.15** Klingjur
**07.26** Hæ Sámur
**07.33** Begga og fress
**07.46** Húrra fyrir Kela
**08.10** Kúlugúbbarnir
**08.33** Ernest og Célestine
**08.45** Með afa í vasanum
**08.57** Litli prinsinn
**09.20** Bréfabær
**09.31** Hrói höttur
**09.43** Skógargengið
**09.54** Undraveröld Gúnda
**10.06** Tulipop
**10.10** Dýrabörn
**11.00** Basl er búskapur
**11.30** HM stofan
**11.50** England - Panama
**13.50** HM stofan
**14.15** HM hetjur - Michel Platini
**14.25** HM stofan
**14.50** Japan - Senegal
**16.50** HM stofan
**17.15** Táknmálsfréttir
**17.25** HM stofan
**17.50** Pólland - Kólumbía
**19.50** HM stofan
**20.25** Veður
**20.30** Fréttir
**20.55** Íþróttir
**21.10** Veiðikofinn
**21.35** Sjóræningjarokk
**22.20** Krónan hola - Hinrik VI: Fyrri hluti
**00.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** American Housewife
**08.25** Life In Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Jennifer Falls
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Family Guy
**13.30** Glee
**14.15** 90210
**15.00** The Good Place
**15.25** Million Dollar Listing
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Ally McBeal
**18.15** Top Chef
**19.00** LA to Vegas
**19.20** Flökkulíf
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Madam Secretary
**21.00** Jamestown
**21.50** SEAL Team
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** The Exorcist
**00.55** Penny Dreadful
**01.40** Hawaii Five-0
**02.30** Blue Bloods
**03.15** Valor
**04.05** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**TVEIR Á TEINI**
KL. 19:30
Frábærir nýir grillþættir þar sem Pétur Jóhann og Sveppi grilla kræsingar fyrir skemmtilega gesti. Með þeirra aðstoð munu strákarnir, í hverri viku, taka fyrir eitt hráefni og útfæra það á ýmsa vegu frá forrétti til eftirréttar.




**Skemmtilegt Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**SPLITTING UP TOGETHER**
KL. 19:05
Fráskilið par freistar þess að búa saman eftir skilnað en það fer ekki eins og áætlað var. Bráðfyndnir og hressandi nýir gamanþættir úr smiðju Ellen DeGeneres.




**THE TUNNEL: VENGEANCE**
KL. 22:05
Þriðja serían af þessum bresk/frönsku sakamálaþáttum, byggðum á skandinavísku þáttunum vinsælu um Brúna, þar sem lögreglumennirnir Karl og Elise rannsaka flókin sakamál. Hörkuspennandi og stórgóðir þættir sem enginn má missa af.

**C.B. STRIKE**
KL. 21:05
Loka þáttur
Spennandi lokaþáttur um Robin og Comoran Strike einkaspæjara. Þættirnir eru byggðir á sögu J.K. Rowling.




Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
**stod2.is**

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Það er mikil innlifun sem fylgir því að syngja með Total Eclipse of the Heart. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN



# Líf og fjör á Secret Solstice

Secret Solstice hátíðin er nú í fullum gangi í Laugardalnum og mikið um dýrðir þar. Í kvöld er einn af hápunktunum á dagskrá – hljómsveitin Slayer. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana og myndaði nokkrar senur frá hátíðinni.









Þeir eru misskrautlegir, gestirnir á Solstice-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN




Bonnie Tyler opnaði hátíðina og hafði augljóslega engu gleymt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN


DONALD SUTHERLAND
HILARY SWANK
BRENDAN FRASER
TRUST
ÖLL ÞÁTTARÖÐIN
ER KOMIN
í Sjónvarp Símans Premium
Æsispennandi þættir byggðir á sannri sögu. Ríkasti maður heims, John Paul Getty, neitaði að borga lausnargjald fyrir eigið barnabarn eftir að því var rænt. Leikstjóri er óskarsverðlaunahafinn Danny Boyle. Ekki missa af þessari mögnuðu sögu.
IMDb TRUST 7.6

# Lífið í vikunni
17.06.18-23.06.18

## LAGLEGA SKREYTTIR LANDSLIÐSMENN



Knattspyrnumenn og húðflúr haldast nú í hendur. Stutt er síðan David Beckham var sá eini sem skreytti líkama sinn en nú eru flestir tuðrusparkandi menn með einhverjar skreytingar, stórar eða smáar. Fréttablaðið skoðaði landsliðsdrengina og flúrin sem þeir skarta.



## SPILAR NÚ Á BRAGÐLAUKANA

Bjarni Siguróli Jakobsson náði 9. sætinu í forkeppni Bocuse d'Or matreiðslukeppninnar sem haldin var í Tórínó og mun því keppa í aðalkeppninni. Hann ætlaði sér að verða rokkstjarna, enda alinn upp í tónlistarbænum Húsavík.

## GAF VERÐLAUNAFÉÐ TIL BARNASPÍTALA HRINGSINS



Siggi Christoffer Strarup Sigurðsson, barþjónn á Veðurbarnum, vann Negroni kokteilakeppni sem haldin var á Pablo Discobar. Hann fékk 100 þúsund krónur í verðlaun og gaf féð til góðgerðarmála.



## GERA HEIMILDARMYND

Knattspyrnusamband Íslands, í samstarfi við Octoberfilms, vinnur að gerð heimildarmyndar um ævintýraför íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Sex til átta manns fylgja liðinu eftir og eru á öllum æfingum í Kabardinka.






Hugmyndasmiðirnir Ólafur Darri og Ilmur í hlutverkum sínum í auglýsingunni sem frumsýnd var í gær.

# Leikarar landsins í áheitasöfnun

Um helgina hófst kynningarherferð fyrir næsta Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka og áheitasöfnunina sem fylgir hlaupinu. Undanfarin ár hafa landsþekktir einstaklingar vakið athygli á maraþoninu.

Í ár verður ekki aðeins einn talsmaður fyrir Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka heldur úrval íslenskra leikara. Allir koma þeir að verkefninu að frumkvæði Ólafs Darra Ólafssonar en hann og Ilmur Kristjánsdóttir eiga hugmyndina. Tökum á auglýsingu og kynningarefni vegna maraþonsins lauk í byrjun mánaðar og framleiðslu lauk fyrr í þessari viku. Auglýsingin var svo frumsýnd í gær í tengslum við útsendingu á leik Íslands og Nígeríu á HM.

„Hugmyndin að henni er svolítið skemmtileg, en hún kom frá auglýsingastofunni Brandenburg. Við leikarar grínumst stundum með það að við hlaupum aldrei nema í vinnunni. Það er að segja, þegar hlutverkin sem við erum að leika krefjast einhvers konar hlaupa. Hlaupa út úr brennandi húsi, hlaupa frá sprengingu eða átökum eða jafnvel flýja eigið brúðkaup," segir Ólafur og hlær. „Þannig að hugmyndin var að sýna leikara í „action" ef svo má segja."

Eftir að hafa tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka sem einstaklingur langaði Ólaf Darra að gera enn betur. Hann ákvað því að draga með sér nafnkunna vini og kunningja til að vekja athygli á ýmsum þörfum málefnum. Stór hópur svaraði kalli Ólafs Darra en þar má til að mynda nefna Ilmi Kristjánsdóttur, Gísla Örn Garðarsson, Nínu Dögg Filippusdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Björn Thors, Siggu Sigurjóns, Unni Ösp Stefánsdóttur, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og ýmsa fleiri.

Leikararnir fá ekki sérstaklega greitt fyrir þátttökuna. Þess í stað styrkir Íslandsbanki þau málefni sem leikararnir hlaupa fyrir eða styðja með þátttöku sinni. Þá greiðir bankinn allan umsýslukostnað af áheitasöfnun allra hlaupara í ár, þ.m.t. leikarahópsins. Þannig tryggir Íslandsbanki að hver króna skili sér beint til hvers málefnis.

Ólafur Darri er nú í Suður-Afríku við tökur á þáttunum The Widow með Kate Beckinsale í aðalhlutverki. Þrátt fyrir að þar sé nú vetur kann Ólafur Darri vel við sig, enda líkist veðurfarið hlýju sumri á norðurhveli. Frá Suður-Afríku liggur leiðin svo til Montreal í kvikmyndatökur og þaðan til Ítalíu. „Já, svo er bara að koma sér heim og hnýta á sig hlaupaskóna."

**benediktboas@frettabladid.is**

## Hljóp fyrir Sunnu Valdísi árið 2013

Ólafur Darri hefur áður hlaupið í Reykjavíkurmaraþoninu. Árið 2013 hljóp hann til stuðnings Sunnu Valdísi, ungri stúlku með AHC-sjúkdóminn. Sjúkdómur Sunnu Valdísar lýsir sér með köstum sem svipar til flogakasta en í kjölfar kastanna lamast hún öðrum megin í líkamanum. Lömunin getur staðið yfir í eina klukkustund og allt upp í þrjár vikur — allt eftir tíðni og styrkleika kastanna. Sunna getur fengið mörg köst á dag, marga daga í röð — allt að 18 daga samfleytt. Eftir slíkar hrinur er Sunna alveg lömuð og þarf á mikilli endurhæfingu að halda. Sjúkdómurinn hefur meðal annars áhrif á gang, fínhreyfingar, talþroska og almennan þroska.

Samband Ólafs og fjölskyldu Sunnu Valdísar hefur verið náið um nokkurn tíma. „Pabbi hennar hringdi í mig fyrir mörgum árum og sagði mér að þau væru oft að klippa út myndir úr blöðum.

Sunna vildi alltaf vera að klippa út myndir af mér og það kom foreldrum hennar dálítið á óvart því ég var frekar ótilhafður á þessum myndum og hún var yfirleitt smeyk við ótilhafða menn," segir Ólafur.

„Foreldrar hennar og eldri bróðir vilja allt fyrir hana gera. Pabbi hennar hringdi því í mig bauð mér í kaffibolla. Úr varð vinátta sem hefur enst okkur öll þessi ár."

**118**

**MILLJÓNIR KRÓNA SÖFNUÐUST Í FYRRA OG SLÓ SÖFNUNIN ÖLL FYRRI MET.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



BURRITO CRUNCH
Funheit kjúklingavefja með hrísgrjónum, Doritos -flögum, osti, BBQ-sósu og sýrðum rjóma.
999 kr.
Box-máltíð:
Burrito Crunch, nachos, sósa, gos og Appolo súkkulaði
1.599 kr.
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is
TACO BELL




Einhell®

Tilboðsverð

31% afsláttur

**Rafmagnssláttuvél**

GE-EM 1030. Hágæða og kraftmikil rafmagnssláttuvél. Vélin er frábær í að slá minni garða. Með kraftmiklum 1000 W rafmótor.

**8.995**

74830020

Almennt verð: 12.995



Einhell®

Tilboðsverð

25% afsláttur

**Bensínsláttuvél**

GC-PM 46, sláttuvél, 1,9 kW B&S mótor.

**32.995**

748300652

Almennt verð: 43.995



EÐA 0% VAXTALAUST LÁN

**3.251kr.**

0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 39.010kr.
ÁHK 34,66%.

Einhell®

Tilboðsverð

**Sláttuorf**

GC-ET 3023 300W. Handhægt og kraftmikið sláttuorf sem er frábært til þess að slá grasbletti sem er erfitt að ná.

**2.995**

74830011

Almennt verð: 6.295

52% afsláttur



Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



## Tilboðsverð
### Kolagrill
Mustang, 43cm í þvermál.

**2.595**

46182734

Almennt verð: 3.395

**24% afsláttur**



**BOSCH**

**25% afsláttur**

## Tilboðsverð
### Háþrýstidæla
Easy AQT. 120db, 350 l./klst.

**17.245**

74810236

Almennt verð: 22.995




## Tilboðsverð
### Herregård tréolía XO
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa- og mygluvarnarefni.
Fæst í ljósbrúnu og glæru.

**1.995**

80602501-2

Almennt verð: 2.495

**20% afsláttur**



## Tilboðsverð
### Ferðagasgrill
Blátt eða svart.

**12.995**

50632099

Almennt verð: 24.995

**48% afsláttur**

kílóvött 2,93 — brennari 1




## Tilboðsverð
### Gasgrill
ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**39.995**

50657512

Almennt verð: 59.995

EÐA **0%** VAXTALAUST LÁN
**3.855kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 46.255kr.
ÁHK 29,39%.




## Tilboðsverð
### Gasgrill
SPRING 300, grillflötur er 3x(21x43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind. Svart eða kremað.

**34.995**

50686930/1

Almennt verð: 49.995

EÐA **0%** VAXTALAUST LÁN
**3.423kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 41.080kr.
ÁHK 32,93%.

## Tilboðsverð
### Kælibox
Ljósblátt, 24l.

**1.495**

41119565

Almennt verð: 2.495

**40% afsláttur**





## Tilboðsverð
### Sólstóll
Svartur.

**4.995**

41613415

Almennt verð: 7.995

**38% afsláttur**

**BOSCH**

## Tilboðsverð
### Rafhlöðuborvél
GSR 18-2 LI PLUS 2x2,0AH rafhlöður. Hleðslutæki og L-BOXX taska.

**29.995**

748740993

Almennt verð: 39.995

**25% afsláttur**



EÐA **0%** VAXTALAUST LÁN
**2.992kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 35.905kr.
ÁHK 37,73%.

**BOSCH**

## Tilboðsverð
### Geirungssög
1400W geirungssög. Hægt að snúa söginni allt að 47° í hvora átt með einföldum hætti..

**47.995**

74872502

Almennt verð: 59.995



**20% afsláttur**

EÐA **0%** VAXTALAUST LÁN
**4.545kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 54.535kr.
ÁHK 25,34%.

**RYOBI ONE+**

## Tilboðsverð
### Borvél og stingsög
Sett með 1 x borvél - 50Nm
2 gíra, hraði 0-500/0-1800 rpm,
1 x stingsög - strokulengd 25mm,
2x2,0Ah rafhlöður og 1xhleðslutæki.

**34.995**

7133003575 (R18DDJS-220S)

Almennt verð: 49.995

**30% afsláttur**



EÐA **0%** VAXTALAUST LÁN
**3.423kr.**
0% vextir á mánuði í 12 mánuði á kreditkort.

3,5% lántökugjald.
405kr. mánaðarlegt greiðslugjald.
Til greiðslu alls 41.080kr.
ÁHK 32,93%.



# HVAÐ KOSTAR PALLURINN?
*Fáðu tilboð í pallinn hjá okkur á byko.is*

**Sjá nánar á byko.is**

# PALLALEIKUR BYKO
Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 17. ágúst.

**Sjáðu öll tilboðin á byko.is**

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar



# Nútíma blaðamennska

Þegar ég var ungur ætlaði ég alltaf að verða blaðamaður. Fjarskyldur frændi starfaði hjá Berlingske Tidende og ferðaðist um allan heiminn. Hann kom stöku sinnum á heimili foreldra minna og sagði frá ævintýrum sínum meðal framandi þjóða. Ég mændi á manninn glansandi barnsaugum og átti þá ósk heitasta að verða eins og hann. Blaðamenn voru í mínum huga rödd sannleikans. Þeir flettu ofan af alls kyns spillingu eins og siðferðislöggur. Fjölmargir höfundar sakamálasagna gerðu blaðamann að höfuðpersónu bóka sinna. Hann komst með blaðamannapassann að vopni langt inn í undirheima svika og óheiðarleika.

Með breyttum tímum er komin upp ný tegund blaðamanna. Vettvangur þeirra er tölvan og samfélagsmiðlarnir með öllum sínum færslum og athugasemdum. Hraði nútímans krefst þess að skipt sé um aðalfrétt á vefmiðli nokkrum sinnum á dag. Facebook og Twitter með öllu sínu tilgangslausa hjali verður ótæmandi fréttabrunnur. Alls kyns athugasemdum og færslum er slegið upp með stríðsfyrirsögnum. Skoðanir þekktra fjölmiðlamanna verða undantekningarlaust að frétt. Karp fjölmiðlavænna álitsgjafa um dægurlög, sósíalisma eða HM verður að stórfrétt. Færslur útlendinga um íslenskt verðlag og þjónustu rata beint á viðkomandi netmiðil.

Blaðamenn þurfa ekki lengur að fara út í bæ með penna og blokk í fréttaleit. Þeir geta setið við tölvuna og leitað uppi fréttleysu í síbylju netsins og skapað úr henni frétt. Starfið verður áhættuminna og þægilegra. Nú þarf ekki að fara út úr húsi nema í undantekningartilvikum. Heimurinn í öllum sínum fjölbreytileika bíður í næstu tölvu eftir því að breytast í fyrirsögn.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

HM Plattinn ásamt kökum á 3699 kr.
Pantaðu tímanlega á subway.is
SUBWAY

TILBOÐ 2.450,-/0,81m²
RUNNEN gólfklæðning, gervigras 4.950,-
TILBOÐ ASKHOLMEN borð 1.950,- 3.450,-
TILBOÐ ASKHOLMEN stóll 1.950,- 2.950,-
TILBOÐ ÄPPLARÖ veggþil með hillu og geymslukassa 8.450,- 14.150,-
Sumarfrelsi á svölunum!
Hafðu það gott í garðinum eða á svölunum. Slakaðu á með góða bók og drykk og njóttu þess að vera til. Útihúsgagnaúrvalið í IKEA hentar öllum útisvæðum, frá smæstu svölum til metnaðarfullra palla. Kynntu þér úrvalið og njóttu sumarfrelsis eins og þér þykir best.
TILBOÐ 2.450,-
MYSINGSÖ strandstóll 3.950,-
TILBOÐ BUSSAN grjónapúði 9.950,- 16.950,-
TILBOÐ ASKHOLMEN veggborð 1.950,- 2.950,-
TILBOÐ
TILBOÐ ÄPPLARÖ kollur 1.450,- 2.950,-
TILBOÐ HÅMÖ legubekkur 3.450,- 4.950,-
TILBOÐ STEGÖN sessa 450,- 695,-
3.650,-/settið
TÄRNÖ borð og tveir stólar 6.350,-
Sessur seldar sér
TILBOÐ HÅMÖ strandstóll 1.350,- 1.950,-
TILBOÐ SÖTHOLMEN púðaver 950,- 1.850,-
TILBOÐ VÄDDÖ borð L116×B74 cm 3.950,- 7.950,-
TILBOÐ VÄDDÖ stóll 1.750,- 2.950,-
TILBOÐ RESÖ barnabekkur 2.970,- 4.950,-
TILBOÐ 9.950,-
SLÄTTÖ skilrúm 14.950,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
VEITINGASTAÐURINN
Aðeins í júní
BBQ-kjúklingaleggir og meðlæti 995,-
Lambasteikarloka og meðlæti 995,-
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA®

Dalabyggð

Dalabyggð er landbúnaðarhérað sem geymir mikla sögu. Dalirnir eru náttúruparadís með útsýni út á Hvammsfjörð og hinar óteljandi Breiðafjarðareyjar sem bjóða upp á mikla möguleika í útivist og afþreyingu. Dalabyggð er sveitarfélag í vexti og þar búa rúmlega 670 íbúar. Í Dalabyggð er veitt fjölbreytt þjónusta, þar er Auðarskóli (leik-, grunn- og tónlistarskóli), almenn læknisþjónusta, verslun, veitingasala, banki og ýmis verktakaþjónusta. Atvinnulíf er öflugt og framundan eru spennandi ný tækifæri, s.s. uppbygging Vínlandsseturs í Búðardal og Minjaverndar í Ólafsdal. Dalabyggð er miðsvæðis og mikilvæg tenging milli landshluta innan við tvær klukkustundir frá höfuðborgarsvæðinu. Sjá nánar á **www.dalir.is**

## SVEITARSTJÓRI Í DALABYGGÐ

Starf sveitarstjóra í Dalabyggð er laust til umsóknar og er leitað að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að stýra krefjandi verkefnum á vegum sveitarfélagsins. Rík áhersla er á að efla atvinnu og vinna af krafti að nýjum verkefnum sem sveitarfélagið hyggst hefja undirbúning á í náinni framtíð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðaráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Dalabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af stjórnun, rekstri og bókhaldi
- Áhugi á og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Reynsla af kynningar- og ímyndarmálum sem og stefnumótun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekkja vel og hafa reynslu af lögum og reglugerðum í opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg en ekki skilyrði

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps árið 1998 og er því 20 ára á þessu ári. Gríðarleg íbúafjölgun hefur orðið á skömmum tíma í sveitarfélaginu og eru íbúar nú orðnir rúmlega 9000. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorpum við ströndina og stóru þéttbýli. Í Svf. Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugu íþrótta-, félags- og menningarlífi. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sveitarfélaginu á undanförnum misserum sem hefur ýmis spennandi tækifæri og áskoranir í för með sér.

## BÆJARSTJÓRI SVF. ÁRBORGAR

Auglýst er eftir framkvæmdastjóra í Svf. Árborg til að leiða öflugt starf bæjarstjórnar sveitarfélagsins. Fjölbreytt og spennandi verkefni eru framundan og leitað er að kraftmiklum, heiðarlegum og jákvæðum einstaklingi sem er reiðubúinn að leggja sig allan fram í krefjandi starfi. Lögð er rík áhersla á að viðkomandi eigi auðvelt með samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, starfsfólk, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

**Starfssvið:**

- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna bæjarfélagsins, undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt
- Nánari útlistun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 49. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Árborgar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is
**Katrín S. Óladóttir,** katrin@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**
**Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**
**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700





# Skrifstofustjóri á skrifstofu landbúnaðar og matvæla

*Við leitum að öflugum fyrirliða til að stýra skrifstofu landbúnaðar og matvæla en skrifstofan er ein þriggja fagskrifstofa sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*

Skrifstofustjóri stýrir og ber ábyrgð á faglegu starfi skrifstofunnar. Í því felst stjórnun og rekstur, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetning og mat á árangri. Lögð er áhersla á nýsköpun og gott samráð og samstarf við stofnanir og hagaðila á málefnasviðum skrifstofunnar.

Skrifstofan fer með málefni landbúnaðar, matvæla, velferð dýra og viðskipta- og tollasamninga. Hún fer með samskipti við Eftirlitstofnun EFTA og stofnanir Evrópusambandsins er varða þætti er lúta að rekstri og þróun EES samningsins sem og samskipti við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og OECD á sviði viðskipta og framleiðslu landbúnaðarvara. Þá heyra málefni norrænu embættismannanefndarinnar um landbúnað og matvæli undir skrifstofuna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun skilyrði
- Stjórnunarreynsla áskilin
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Reynsla af stefnumótunarvinnu
- Metnaður, skapandi hugsun og vilji til að ná árangri
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Þekking og áhugi á opinberri stjórnsýslu
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 15. september 2018.

**Upplýsingar** um starfið veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, (**ks@anr.is**) í síma **545 9700**. **Áhugasamir einstaklingar, konur og karlar, eru hvattir til að sækja um.**

Umsókn skal fylgja ítarlegt kynningarbréf ásamt rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Einnig ferilskrá og upplýsingar um starfsheiti. Umsókn skal skila rafrænt á netfangið **postur@anr.is** eða með bréfi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins **Skúlagötu 4, 101 Reykjavík** eigi síðar en 1. júlí 2018. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

Sérstök hæfnisnefnd, skipuð þremur einstaklingum, mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra. Nefndin starfar samkvæmt reglum nr. 393/2012, um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um launakjör fer eftir kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

# Bæjarstjóri

Ísafjarðarbær óskar eftir að ráða öflugan og framsýnan leiðtoga í starf bæjarstjóra. Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi. Bæjarstjóri er talsmaður sveitarfélagsins og annast samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins, hvort sem er við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

Útlistun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 49. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Umsóknarfrestur
**9. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6855**

Starfssvið:
- Er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, hefur með höndum málefni þess og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði.
- Er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins, er prókúruhafi bæjarsjóðs og undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og aðrar skuldbindingar.
- Undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.

Ísafjarðarbær varð til þann 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga. Í sveitarfélaginu búa tæplega 4000 íbúar. Sveitarfélagið er víðfeðmt og nær allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum. Byggðarkjarnar sveitarfélagsins eru fimm: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

Sameinað sveitarfélag er hið langstærsta á Vestfjörðum, en þar býr liðlega helmingur allra Vestfirðinga.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má nálgast á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Viltu hjálpa rafmagnsbílum að keyra lengra?

# Tæknimaður vélbúnaðar

Elkem Ísland

Elkem Ísland óskar eftir að ráða tæknimann til að sinna fjölbreyttum störfum í tæknideild fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur
**8. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6853**

Starfssvið
- Tæknileg umsjón með viðhaldi og fjárfestingarverkefnum.
- Skipulag, undirbúningur og stjórn á viðhaldsstoppum.
- Forgangsröðun viðhaldsfjárfestinga og viðhaldsumbóta.
- Kostnaðareftirlit viðhalds.
- Uppfærsla og eftirfylgni á fyrirbyggjandi viðhaldi.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra tæknisviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í vélaverkfræði eða tæknifræði.
- Starfsreynsla í sambærilegum störfum æskileg.
- Hæfni og áhugi til að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi og leysa verkefni í hópvinnu.
- Nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðhorf og virðing í samskiptum.
- Öryggisvitund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Kunnátta í öðru Norðurlandamáli er kostur.

Elkem Ísland kappkostar að starfa í víðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálmi. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda.
Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála.

Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

SSV er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna varðandi hagsmunagæslu og þjónustu í ýmsum málaflokkum í landshlutanum s.s. byggðaþróun, samgöngumál, atvinnumál, menningar- og menntamál ásamt fleiri málum sem upp geta komið á þessum vettvangi.

# VERKEFNASTJÓRI

Samtök sveitafélaga á Vesturlandi (SSV) óska eftir að ráða verkefnastjóra til þess að annast umsjón með ýmsum málum fyrir samtökin. Leitað er að einstaklingi sem er drífandi og tilbúinn í að takast á við spennandi verkefni.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Umsjón með Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- Umsjón með fjármálum SSV
- Umsjón með upplýsingamálum SSV
- Skjalavarsla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun er æskileg sem og reynsla sem nýtist í starfi
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, fagmennska og geta til að vinna sjálfstætt
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á atvinnulífi og sveitarfélögum á Vesturlandi er kostur

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is
**Gyða Kristjánsdóttir,** gyda@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Valka

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina. Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi. Fyrirtækið starfar á alþjóðlegum markaði og því má reikna með ferðalögum í tengslum við störfin.

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á HÁTÆKNI?

## Vöruþróunarstjóri

Við leitum að drífandi og hæfileikaríkum leiðtoga í starf vöruþróunarstjóra. Viðkomandi starfsmaður mun stýra vöruþróunarsviði og sitja í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

**Ábyrgðarsvið:**

- Stjórnun vöruþróunarsviðs sem hefur það hlutverk að þróa nýjar vörur og leiða endurbætur á núverandi vörum, oft í samstarfi við viðskiptavini, birgja, háskóla og rannsóknarstofnanir
- Stjórnun þriggja meginferla sviðsins sem eru vélhönnun, vef- og tækjaforritun
- Koma auga á tækifæri til nýsköpunar og tryggja skilvirka vernd á hugverkaréttindum Völku

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði, tæknifræði, raunvísindi, nýsköpunarfræði
- Stjórnunarreynsla
- Brennandi áhugi á vöruþróun og nýsköpun
- Sterkur tæknilegur bakgrunnur og sýn á framtíð tækniþróunar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, drífandi, sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur

## Svæðissölustjóri

Við leitum að skipulögðum, drífandi og sjálfstæðum svæðissölustjóra í söluteymi Völku. Viðkomandi mun svara til sölustjóra Völku og fær tækifæri til að taka ábyrgð og sýna frumkvæði í starfi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á gerð söluáætlunar fyrir sitt svæði og að ná sölumarkmiðum þess
- Fylgir söluferli fyrirtækisins, frá fyrstu hugmynd að yfirfærslu til þjónustu s.s. framkvæmd verðútreikninga, gerð tilboða og samninga
